# FRÉTTABLAÐIÐ

196. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 22. ÁGÚST 2015




# Er á núllpunkti í lífinu

**Þröstur Leó Gunnarsson** fær reglulega nóg af lífinu í leikhúsinu en snýr nú aftur eftir mannskætt sjóslys. →28

Fréttablaðið/Ernir



**Rósa Eggertsdóttir** Svarar gagnrýni á byrjendalæsi. →34



**Hlaup breyta lífi kvenna** →32



**Nýr ferill** Leikkonur sem skiptu um svið →36

PLÚS — 2 SÉRBLÖÐ
ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður



Minnkandi norðaustanátt norðvestantil á landinu í dag og rigning með köflum. Suðlæg átt yfirleitt 5 til 10 m/s annars staðar. Rigning með köflum eða skúrir, en léttir til norðaustanlands síðdegis. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast norðaustantil. SJÁ SÍÐU 52

# Kátt var í Laugardalshöll þegar hlauparar sóttu númer og boli




Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram í 32. sinn í dag. Skráningarhátíð fór fram í gær þar sem hlauparar í þúsunda tali nálguðust gögn sín. Fréttablaðið/Vilhelm

## Gefa út bækling fyrir brotaþola

**SAMFÉLAG** Rótin, félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda, hefur gefið út bæklinginn „Ef fjölmiðlar hafa samband – Leiðbeiningar fyrir brotaþola og aðstandendur“.

Bæklingurinn er þýðing á erlendum bæklingi og er hann hugsaður fyrir þolendur kynferðisbrota. Í honum er að finna leiðbeiningar um samskipti við fjölmiðla eftir áföll vegna ofbeldis.



Kristín I. Pálsdóttir, talskona Rótarinnar

Bæklingurinn er gefinn út vegna mikillar aukningar í tjáningu þolenda um brot. Oft á tíðum séu þolendur jafnvel að tjá sig um atburðinn í fyrsta sinn. Einnig hafa vegið þungt hlutir á borð við Druslugönguna, auk internetbyltinga á borð við Free the Nipple og þá sem átti upptök sín á Beautytips.

„Stundum hefur okkur fundist blaðamenn dansa á siðferðislínunni í viðtölum við fólk sem er kannski í áfalli. Þá er ágætt að hafa þessar leiðbeiningar. Við erum ekki að segja fólki hvað það á að gera en okkur fannst þetta ágætis efni til viðmiðunar,“ segir Kristín I. Pálsdóttir, talskona Rótarinnar.

Fram kemur í tilkynningu Rótarinnar að kynferðislegt ofbeldi geti skilið eftir sig djúp spor sem oft sé betra að vinna fyrst með í trúnaðarsamtölum við fagfólk. Þó sé alltaf á valdi þolenda hvenær þeir ræði sögu sína við fjölmiðla. Slík umræða geti haft marga kosti. Tilgangurinn sé ekki að draga úr þeim sem vilja deila sögu sinni, heldur vekja umræðu kosti þess og galla fyrir brotaþolann.

Kristín segir Rótina hafa unnið lengi að þýðingu bæklingsins eftir að hafa kynnt sér málið, því stjórn Rótarinnar hafi fundist skortur á fræðsluefni um málið á íslensku. **– þea**

## Starfsmenn fá kauprétt

**VIÐSKIPTI** Stjórn Símans leggur til við næsta hluthafafund að starfsmenn fái tækifæri til þess að eignast hlut í fyrirtækinu. Stefnt er að skráningu Símans í Kauphöll Íslands í



Orri Hauksson, forstjóri Símans.

haust. „Markmiðið með valréttaráætluninni er að samþætta hagsmuni starfsmanna samstæðunnar við langtímamarkmið Símans, auka tryggð starfsfólks og langtímahugsun,“ segir Orri Hauksson, forstjóri Símans.

Þá seldi Arion banki fjárfestum fimm prósenta hlut í Símanum í gær. Bankinn á eftir söluna um 33 prósent í Símanum. **– tpt / þea**

# Vilja að lögreglan geti farið í verkfall

**Landssamband lögreglumanna vill þverpólitíska sátt um að innleiða verkfallsrétt stéttarinnar að nýju. Þingflokksformaður Samfylkingar segir kröfuna eðlilega. Þingmaður Sjálfstæðisflokks segir Samninganefnd ríkisins með fyrirslátt.**

**KJARAMÁL** Landssamband lögreglumanna hefur óskað eftir fundi með öllum flokkum á Alþingi með það að markmiði að stéttin fái verkfallsrétt að nýju. Verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn árið 1986.

Sambandið sendi bréf til allra þingflokksformanna á miðvikudag. Í bréfinu segir að í kjaraviðræðum lögreglumanna hafi komið „skýrt fram af hálfu ríkisvaldsins að hann [verkfallsrétturinn] sé ekki til umræðu í tengslum við kjarasamninga lögreglumanna“.

Frímann B. Baldursson, varaformaður Landssambands lögreglumanna, segir að samninganefnd ríkisins neiti að ræða verkfallsrétt nema að undangenginni lagabreytingu hjá Alþingi. Frumvarp þess efnis, sem lagt var fram af Eyrúnu Eyþórsdóttur, varaþingmanni Vinstri grænna, á síðasta þingi hlaut ekki afgreiðslu úr allsherjar- og menntamálanefnd þingsins.

„Þær leiðir sem hafa staðið okkur til boða í kjarabaráttu hafa ekki verið að skila okkur þeim kjarabótum sem við teljum að hafi verið eðlilegar,“ segir Frímann. Hann segir að rökin gegn verkfallsrétti lögreglumanna, öryggi ríkisins, haldi ekki vatni. „Hinn almenni lögreglumaður myndi væntanlega ekki fara í verkfall. Það væri væntanlega metið hverju sinni hvað væri skilgreint sem öryggisþjónusta fyrir íbúa landsins. Það er fullt af störfum innan lögreglunnar sem klárlega myndu seint vera álitin öryggisstörf.“

Hann segir það skjóta skökku við að lögreglumenn geti ekki farið í verkfall á meðan læknar og hjúkrunarfræðingar geti það. Krafa lögreglumanna sé að Alþingi setji að nýju verkfallsrétt og ósk þeirra er að þverpólitísk samstaða náist um málið.



Gerðardómur hefur í tvígang ákveðið kjör lögreglumanna. Hér sjást þeir bíða úrskurðar dómsins árið 2011. Fréttablaðið/Daniel

Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi lögreglumaður, styður kröfur lögreglunnar. „Mér finnst fullt tilefni til þess að hlusta á þær raunir sem lögreglumenn hafa lent í síðan verkfallsrétturinn var tekinn af þeim.“

> Það er fullt af störfum innan lögreglunnar sem klárlega myndu seint vera álitin öryggisstörf.



Frímann Birgir Baldursson

Hann segir það fyrirslátt hjá Samninganefnd ríkisins að ekki sé hægt að semja um verkfallsréttinn nema Alþingi hafi heimilað hann í lögum. „Samninganefnd ríkisins segir þetta um allt. Ég hlusta ekki á þetta. Samninganefnd hefur bara það umboð sem ráðherrann gefur henni.“

„Ég hef rætt þetta við fjármálaráðherra og báða innanríkisráðherrana. Ég hef verið á þessari sveif frá upphafi,“ segir Vilhjálmur.

Undir þetta tekur Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingar. „Ég held að þetta sé eðlileg krafa af þeirra hálfu. Það er skiljanlegt að þeir séu að horfa til þessa. En auðvitað væri best fyrir þá og samfélagið allt ef það mætti tryggja eðlilegar kjarabætur fyrir lögreglumenn án verkfallsátaka.“

**snaeros@frettabladid.is**






PIPAR\TBWA • SÍA
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

**TÖLUR VIKUNNAR** 15.8.2015 - 22.8.2015

**251.000 tonnum**

meira öfluðu íslensk skip á liðnum 12 mánuðum en árið á undan.

**40 til 50 milljarða**

kostar að leggja háspennulínu yfir Sprengisand, að mati Landsnets.

**752 tilkynningar**

um hegningarlagabrot bárust lögreglu í júlí.

**500 konur**

söfnuðust saman á Akureyri á heimsráðstefnu Ladies Circle International í vikunni.

7 af hverjum 10 vinnandi mönnum á Íslandi telja sig undir mikilli og viðvarandi tímapressu í vinnu sinni.

**128 Íslendingar**

eru á skrá vefsíðunnar Ashley Madison, sem þjónustar fólk sem vill halda framhjá maka sínum.

**20.000 hrefnur**

voru á íslenska landgrunninu í síðustu hvalatalningu.

**55 mál bíða afgreiðslu**

úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og hafa 66 ný mál komið inn á þessu ári.

## Voru í fréttum

## Hjálparstarf, viðskiptaþvinganir og tónlistarskólar



**Guðrún Margrét Pálsdóttir** hefur látið af störfum fyrir ABC barnahjálp á Íslandi og sagt af sér sem formaður ABC á Íslandi. Guðrún er stofnandi samtakanna og hefur starfað fyrir þau í 27 ár.



**Gunnar Bragi Sveinsson** utanríkisráðherra gagnrýndi suma útgerðarmenn harðlega vegna orða þeirra um ákvörðun Íslands um að styðja viðskiptaþvinganir Evrópusambandsins gegn Rússum. „Ef þeir vilja taka eiginhagsmuni fram yfir hagsmuni heildarinnar þá er rétt að velta því fyrir sér hvort þeir séu bestu aðilarnir til að fara með auðlindina,“ sagði Gunnar Bragi.



**Björn Blöndal**, formaður borgarráðs, segir ríkið bera ábyrgð á þeirri alvarlegu stöðu sem Tónlistarskólar í Reykjavík eru í, að geta ekki fjármagnað starfsemi sína. Fjórir Tónlistarskólar í Reykjavík eru það illa staddir fjárhagslega að óljóst er hvort skólarnir geti haldið áfram starfsemi sinni.

**LEIÐRÉTT**

*Ranghermt var í Fréttablaðinu í gær að Björt framtíð vildi allan afla á markað, hið rétta er að flokkurinn vill uppboð á veiðiheimildum.*

*Í Fréttablaðinu 19. ágúst var sagt frá því að ekki yrði gefin út ákæra gagnvart lögreglumanni á Húsavík. Umræddur lögreglumaður hefur aldrei starfað þar. Hið meinta kynferðisbrot átti hins vegar að hafa verið framið á Húsavík.*



**Hvort fé hafi haldið áfram að hrynja niður skýrist kannski ekki fyrr en í haust.** Fréttablaðið/Vilhelm

# Gátan um fjárdauðann óleyst

**Rannsókn í Noregi á blóðsýnum svaraði því ekki af hverju óvenjulega mikil afföll voru á sauðfé í vetur sem leið. Dýralæknar á Keldum halda rannsókninni áfram. Alls svöruðu 311 bændur könnun um fjárdauðann.**

**LANDBÚNAÐUR** Ennþá er gátan um hinn mikla og útbreidda fjárdauða í fyrravetur óleyst. Rannsókn á blóðsýnum úr víðtækri sýnatöku úr hræjum sem fram fór í Noregi í sumar skilaði engri skýringu. Frekari rannsókn blóðsýna stendur yfir á Keldum.

Þetta staðfestir Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun.

Vegna fjárdauðans höfu Landssamtök sauðfjárbænda rannsókn ásamt Matvælastofnun og sérstakri könnun var hleypt af stokkunum. Þessi rafræna spurningakönnun hafði það að markmiði að fá yfirsýn yfir umfang og útbreiðslu þessarar óútskýrðu aukningar í dauða sauðfjár í vetur og freista þess að finna vísbendingar um orsök vandamálsins. Þegar könnuninni var lokað 28. júní höfðu 311 bændur af u.þ.b. 2.000 tekið þátt. Af könnuninni að dæma drapst um helmingi fleira fé í ár en undanfarin tvö ár, eða að meðaltali 4%.

Mest voru afföllin á Vesturlandi og Suðurlandi. Hjá helmingi svarenda drapst meira en eðlilegt getur talist eða meira en 2%. Hjá 10% svarenda voru afföllin meiri en 8% og hæsta tíðnin var 30%, eins og kemur fram í stöðuskýrslu Matvælastofnunar. Fjöldi sauðfjár á bæjum svarenda var 98.684 og af þeim drápust 4.095 eða 4,1%. Veturinn 2013-2014 drápust 2,3% en 1,8% veturinn þar á undan. Þær kindur sem nýttar voru til sýnatöku og voru krufnar höfðu margar drepist úr næringarskorti. Krufning gaf engar skýringar á fjárdauðanum frekar en blóðsýnin.

Sigurborg segir að blóðsýnin séu nú rannsökuð frekar hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Þar fer nákvæmari skoðun fram í leit að endanlegu svari. Engrar niðurstöðu af þeirri vinnu er að vænta fyrr en eftir nokkrar vikur.

Í áfangaskýrslu Matvælastofnunar segir að misjafnt hafi verið hvenær svarendur urðu fyrst varir við óvenju mikinn fjárdauða. Hjá 36% fór að bera á vandamálinu fyrri hluta vetrar en hjá öðrum ekki fyrr en í mars. Minni hluti svarenda sagði að kindurnar hefðu drepist skyndilega og algengast var að þær dræpust nokkrum vikum eða mánuðum eftir að einkenna varð vart. Þá er greinilegt að á þeim bæjum þar sem fé drapst fyrri hluta vetrar voru afföllin minni en þar sem fé drapst þegar líða tók á veturinn.

svavar@frettabladid.is

**98.684**

**var fjöldi sauðfjár á bæjum bænda sem svöruðu könnun og af þeim drápust 4.095 eða 4,1%.**




# Helguvík ekki á samgönguáætlun

**SAMGÖNGUR** Ekki er gert ráð fyrir að höfnin í Helguvík verði á samgönguáætlun áranna 2015 til 2018 sem lögð verður fyrir Alþingi á ný í haust. Þetta segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, aðstoðarmaður innanríkisráðherra.

Þórdís segir að Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, hafi fundað með Ólöfu Nordal innanríkisráðherra í vor vegna málsins. Í fyrsta áfanga hafi Reykjanesbær viljað fá tæplega 300 milljónir króna úr hafnaráætlunarhluta samgönguáætlunar til að lengja hafnarkant Helguvíkurhafnar. Ráðherra hafi sýnt málinu skilning en krafan komið fram eftir að búið var að móta áætlunina. „Það er ekki reiknað með þessari upphæð þar þannig að það verður að beina þessu til þingsins og fjárlaganefndar,“ segir Þórdís.

Reykjaneshöfn hefur alls farið fram á 2,3 milljarða ríkisstyrk fyrir hafnarframkvæmdum sem eiga að kosta 4,3 milljarða króna. Eigið fé Reykjaneshafnar er neikvætt um 4,5 milljarða króna og uppsafnað tap fyrirtækisins frá árinu 2006 nemur 3,8 milljörðum króna. Markmið framkvæmdanna er að betur verði hægt að þjónusta þann iðnað sem vonast er eftir að taki til starfa á svæðinu. Heimild er fyrir 60 prósenta ríkisstyrk í hafnarframkvæmdum samkvæmt hafnarlögum. Þar er gert ráð fyrir að höfnin hafi skilað rekstrarafgangi með tilliti til vaxta eða hafi nýtt kosti sína til tekjuöflunar með eðlilegum hætti og framlag ríkissjóðs raski ekki ótilhlýðilega samkeppni milli hafna.

– ih



**Tekjur Reykjaneshafnar hafa ekki staðið undir kostnaði þar sem illa hefur tekist að fá fyrirtæki til að hefja starfsemi á svæðinu.** Fréttablaðið/GVA


4G
LTE
Heimanetið hjá Nova
Einfalt og fljótlegt að taka í notkun, bara stinga í samband!
50 GB
4.990 kr.
100 GB
6.990 kr.
250 GB
8.990 kr.
NOVA
4G box Wi-Fi router
11.990 kr. stgr.
M.v. 6 mán. þjónustusamning í áskrift af 50 GB, 100 GB og 250 GB netpökkum.
Fullt verð: 22.990 kr. með áskrift og frelsi.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
6 mánaða þjónustusamningur: Mánaðarlegur reikningur greiddur með kreditkorti.
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter





## Nágrannamótmæli í Suður-Kóreu




**Eldfimt ástand** Mótmælendur í Suður-Kóreu brenna eftirmyndir af KimJong-Un, leiðtoga Norður-Kóreu, og fána í Seoul, höfuðborg Suður-Kóreu, í gær. Spenna hefur aukist mjög síðustu daga milli Kóreuríkjanna tveggja eftir átök á hlutlausa svæðinu við landamæri landanna. Greint var frá því í gær að Norður-Kórea hafi sett herafla sinn við landamærin í „fulla viðbragðsstöðu“. NordicPhotos/EPA

# Bannið er högg fyrir 300 í smábátaútgerð

**Aðeins 20 smábátar eru við makrílveiðar en margir bíða upp á von og óvon vegna viðskiptabanns Rússa á íslenskar vörur. Tífalt minna hefur fiskast og aflaverðmætið 300 milljónum minna en á sama tíma í fyrra.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Afleiðingar viðskiptabanns Rússlands á vörur frá Íslandi og ekki síst á atvinnu og tekjur sjómanna og landverkafólks, geta orðið gríðarlegar ef allt fer á versta veg. Þótt aðeins sé horft til smábátaútgerðarinnar sem hefur stundað makrílveiðar má ljóst vera að hátt í 300 manns missa spón úr aski sínum þó ekki liggi fyrir hversu skaðinn verður mikill fyrir hvern og einn.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, metur stöðuna svo nú að ekki færri en 140 sjómenn og 100 manns í vinnslu, þjónustu og afleiddum störfum tapi vinnu og tekjum vegna viðskiptabannsins að óbreyttu. „Á þessari stundu í fyrra voru um 100 bátar á makríl sem svarar til 200 sjómanna. Þeir voru að landa á Suðurnesjum, Snæfellsnesi og Hólmavík. Þar beið þeirra öflugur mannskapur sem tók á móti. Á sama tíma í fyrra höfðu smábátar fiskað 4.000 tonn og aflaverðmætið var um 340 milljónir.“

Alls hafa 33 bátar landað makríl það sem af er yfirstandandi vertíð og aflinn er aðeins 870 tonn. Aflaverðmætið er um 40 milljónir. Örn segir að 66 sjómenn séu við störf á bátunum og mikill doði sé yfir öllu. Aflanum hefur að mestu verið landað á Rifi, í Ólafsvík, Sandgerði, Grindavík og Keflavík.

„Verð nú er um helmingi lægra en það var í fyrra. Aflaverðmæti 40 milljónir á móti 340 milljónum. Þá skal tekið fram að helmingur bátanna sem nú eru á veiðum hefur engin loforð um verð og hjá hluta þeirra er veitt upp á von og óvon að hægt verði að selja aflann,“ segir Örn sem bætir við að þegar þessi orð eru skrifuð megi áætla að um 20 bátar séu á veiðum. „En nota bene – sjómenn á tugum báta bíða í startholunum og vona að ástandið lagist,“ segir Örn.

> **Sjómenn á tugum báta bíða í startholunum og vona að ástandið lagist**
>
> Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS



„Í upphafi vertíðar gerðu áætlanir smábátaútgerðarinnar ráð fyrir því að veiða um 7.000 tonn, svo sá afli sem nú er kominn á land er um tíundi hluti þess sem aflað var í fyrra – á sama tíma hefur aldrei verið eins mikill makríll innan íslensku landhelginnar og í því ljósi er óvissuástandið enn bagalegra,“ segir Örn.

svavar@frettabladid.is

# ALLT
## fyrir skólann á betra verði

**ÖLL PENNAVESKI Á 35% AFSLÆTTI**





**Plastmappa 29kr**




**Glósubók 98kr**



**Límstifti 29kr**



**Strokleður 8kr**




**Reikningsbók A5 129kr**

**Stílabók A5/A4 129kr**




**Verkefna- og úrklippubók 189kr**



**Reglustika 89kr**



**Gráðubogi 89kr**

**Yddari með margföldunartöflu 98kr**



Gildir til 24. ágúst á meðan birgðir endast.

Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Reykingar eru orðnar jafn sjaldgæfar og kannabisneysla

**HEILBRIGÐISMÁL** Reykingar íslenskra 10. bekkinga hafa dregist saman um 75 prósent á síðustu tveimur áratugum. Reykingar í þessum aldurshópi eru nú jafn sjaldgæfar og kannabisneysla. Árið 1995 sagðist fimmtungur 10. bekkinga reykja að staðaldri en sá hópur er nú aðeins um fimm prósent af heildinni.

„Ánægjulegar niðurstöður,“ segir Ársæll Már Arnarsson, prófessor í sálfræði við Háskólann á Akureyri, en þær koma fram í könnunum á vegum ESPAD (European school survey project on alcohol and other drugs) sem vísindamenn við Háskólann á Akureyri halda utan um hér á landi. Könnunin hefur verið lögð fyrir íslensk 15 ára ungmenni á fjögurra ára fresti frá árinu 1995.

Einnig kemur fram að áfengisdrykkja íslenskra grunnskólabarna hefur minnkað mjög. Fyrir 20 árum hafði yfir helmingur skólabarna drukkið áfengi síðustu þrjátíu dagana áður en rannsóknin var lögð fyrir. Sá hópur er nú innan við tíu prósent af heildinni.

„Rannsóknir sýna að því seinna sem byrjað er að reykja því meiri líkur eru á að einstaklingurinn byrji aldrei að reykja. Einnig hefur komið fram að því fyrr á ævinni sem byrjað er að neyta áfengis eða annarra vímuefna því meiri skaði fyrir einstaklinginn og samfélagið,“ segja Rafn Jónsson og Sveinbjörn Kristjánsson, sérfræðingar hjá Embætti landlæknis.

Ársæll Már segir fjölmarga þætti liggja að baki þróuninni, svo sem almenn viðhorfsbreyting í samfélaginu og aukið samstarf foreldra og skóla. Mikilvægt sé að halda áfram því góða forvarna- og heilsueflingarstarfi sem eigi sér stað í grunn- og framhaldsskólum landsins.“

Ársæll segir sama árangur ekki hafa náðst við að minnka kannabisneyslu og telur að önnur meðul þurfi þar. Kannabisnotkun íslenskra unglinga sé með því minnsta sem gerist í heiminum, en hafi ekki minnkað til jafns við reykingar og áfengisneyslu. **– sa**



**Reykingar íslenskra 10. bekkinga hafa minnkað um 75 prósent á síðustu tveimur áratugum.** NordicPhotos/AFP


*Auglýsing um* ***drög að tillögu um aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013–2030***

***Skipulagsyfirvöld Keflavíkurflugvallar auglýsa hér með drög að tillögu um aðalskipulag Keflavíkurflugvallar í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.***

Drög aðalskipulagsins eru aðgengileg á heimasíðu Keflavíkurflugvallar:
**www.kefairport.is/Flytileidir/Um-felagid/Skipulagsmal/**

Megináherslur skipulags eru á breytt flugbrautarkerfi, stækkun flugþjónustusvæðis, aðkomu að flugstöð, ný atvinnusvæði og umhverfisskýrslu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

**Frestur til að gera athugasemdir rennur út 21. september 2015.** Skila skal skriflegum athugasemdum og/eða ábendingum til: Skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli eða sveinn.valdimarsson@isavia.is.







# Leiðtogar láta af störfum hjá Bjartri framtíð

**Guðmundur Steingrímsson formaður og Róbert Marshall, þingflokksformaður Bjartrar framtíðar, ætla ekki að bjóða fram krafta sína áfram á ársfundi flokksins eftir tvær vikur. Segja það sameiginlega ákvörðun þeirra að veita öðrum svigrúm.**

**STJÓRNMÁL** Guðmundur Steingrímsson hættir sem formaður Bjartrar framtíðar þann 5. september næstkomandi þegar ársfundur flokksins verður haldinn í Reykjavík. Róbert Marshall mun einnig segja af sér sem þingflokksformaður flokksins. Er þetta sameiginleg ákvörðun þeirra og vilja þeir með þessu veita öðrum svigrúm til að stýra flokknum.

Síðastliðinn fimmtudag hélt flokkurinn fund þar sem staða flokksins var rædd. Um sjötíu manns mættu á fundinn og þar tilkynnti Guðmundur að hann myndi ekki bjóða fram krafta sína áfram sem formaður flokksins. „Þetta var góður fundur þar sem við ræddum saman um hvernig við vildum sjá flokkinn okkar þróast,“ segir Guðmundur.

„Mér finnst skynsamlegt að stíga til hliðar í forystunni og leyfa öðrum að spreyta sig í því. Menn eiga ekki að vera meira til í það í íslenskri pólitík, hún á ekki að snúast um einhverja titla,“ segir Guðmundur. „Við tókum þessa ákvörðun í sameiningu, ég og Róbert, og ég held mér sé óhætt að gefa þá yfirlýsingu fyrir hans hönd.“



> Ég er alveg tilbúin til að skoða slíkt ef vilji flokksmanna er á þá leið og að ég geti hjálpað flokknum að ná fyrri styrk.
>
> Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var rætt um það á fundinum hvort Brynhildur Pétursdóttir væri ekki ákjósanlegasti einstaklingurinn til að leiða flokkinn áfram. „Það var hent upp fullt af nöfnum, það er mikið af góðu fólki í flokknum sem getur tekist á við þetta hlutverk,“ segir Brynhildur. Hún segist ekki ganga með formann flokksins í maganum en geti alveg hugsað sér að skoða það. „Ég er alveg tilbúin til að skoða slíkt ef vilji flokksmanna er á þá leið og að ég geti hjálpað flokknum að ná fyrri styrk.“

Hugmynd Guðmundar Steingrímssonar um að embætti innan flokksins færist á milli manna verður lögð fram á aðalfundi flokksins. „Það eru margir jákvæðir fyrir henni, aðrir hafa efasemdir og enn aðrir eru mótfallnir henni. Það er bara eins og gengur. En það er vilji af minni hálfu til að breyta forystunni hvort sem við gerum það með formlegri róteringu eða ekki. Þetta verður bara rætt og tekin afstaða til hugmyndarinnar,“ segir Guðmundur. „Nú verður bara spennandi að vera óbreyttur þingmaður. Við höfum einvalalið í þingflokki og sveitarstjórnum og nú velja bara flokksmenn nýjan formann.“ **sveinn@frettabladid.is**



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Menningarnótt í Landsbankanum

**Landsbankinn er máttarstólpi Menningarnætur** og hefur verið í 20 ár, allt frá því að Menningarnótt var fyrst haldin. Við tökum virkan þátt í hátíðarhöldunum og bjóðum til sannkallaðrar menningarveislu í útibúi Landsbankans í Austurstræti 11. Verið hjartanlega velkomin.

| 12.00 / 13.00 / 14.00 | 15.00 | 16.00 | 17.00 |
|---|---|---|---|
| Listaverkaganga með Aðalsteini Ingólfssyni | Kvennakórinn Katla | Bakaraofninn með Gunna, Felix og Ævari vísindamanni | Hljómsveitin Dikta |

Kynntu þér ítarlegri dagskrá á menningarnott.is.



# Alþjóðlegi svikarinn í gæsluvarðhaldi




**Breti sem grunaður er um fjársvik hér á landi með kreditkortum hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hefur áður komið við sögu lögreglu í Bretlandi. Var dæmdur þar fyrir að svíkja út 70 þúsund pund eða fjórtán milljónir íslenskra króna.**

**LÖGREGLUMÁL** Bretinn sem handtekinn var þann 6. ágúst síðastliðinn í verslun iSímans í Skipholti hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Maðurinn sem er breskur ríkisborgari heitir Reece Scobie og er grunaður um að hafa stundað fjársvik hér á landi með fölsuðum kreditkortum. Lögreglan á Suðurnesjum fer með rannsókn málsins.

Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir manninn vera grunaðan um umtalsverð svik með kreditkortum hér á landi. „Rannsókn málsins er nú í fullum gangi og mun málið skýrast fljótlega. Á þessu stigi er ekki mikið sem ég get sagt nema að hann er grunaður um umtalsverð svik með kreditkortum hverra númer eru illa fengin,“ segir Ólafur.

Scobie kom til landsins þann 17. júní síðastliðinn og var úrskurðaður í farbann skömmu síðar vegna gruns um kreditkortasvik við farmiðakaup hjá Icelandair. Hann var því í farbanni þegar hann var handtekinn í ágúst. „Hann framdi einnig brot á meðan hann var í farbanni, það er alveg ljóst. Mál hans kom upp fljótlega eftir að hann kom hingað til lands. Við báðum um gæsluvarðhald yfir honum en Hæstiréttur taldi farbann nægja. Seinna kom í ljós að hann hélt áfram að brjóta af sér,“ segir Ólafur.

Scobie er fæddur árið 1993 og hefur áður komið við sögu lögreglu fyrir efnahagsbrot í Bretlandi.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að maðurinn hefði verið handtekinn í verslun iSímans fyrir rúmum tveimur vikum. Hann hafði þá pantað tvo iPhone-farsíma og eina fartölvu að andvirði 516.000 krónur á vefverslun iSímans með þremur mismunandi kreditkortum. Tómas Kristjánsson, eiganda iSímans, grunaði að ekki væri allt með felldu þegar þrjár pantanir fyrir háar upphæðir komu í gegnum netverslun, allt á sama nafni, en greitt var með mismunandi kreditkortum. Tómas fékk þær upplýsingar frá Valitor að kortin væru öll hvert frá sínu landinu og hafði hann þá samband við lögreglu.

Scobie stakk einnig af frá reikningi á Hótel Sögu í Reykjavík og er það mál einnig til rannsóknar.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins notaði Scobie fölsuð kort í fleiri verslunum á landinu og lét senda vörur til sín á hótel. Upphæðir svikanna hlaupa á milljónum. Árið 2013 fékk Scobie 16 mánaða dóm í Bretlandi fyrir að svíkja út sjötíu þúsund pund eða rúmlega fjórtán milljónir íslenskra króna af ferðaþjónustuaðilum. Hann hafði bókað flug og hótelgistingar á lúxushótelum úti um allan heim með fölsuðum kreditkortum. Í frétt breska fjölmiðilsins The Telegraph um málið segir að í dómi sé Scobie lýst sem tæknisérfræðingi sem nýti sér tölvukunnáttu sína til að svíkja út fé. Þá er talað um Scobie sem „Catch me if you can-glæpamanninn“ í breskum miðlum og honum líkt við Frank Abagnale Jr. sem Leonardo DiCaprio lék í bíómyndinni Catch Me If You Can. Abagnale Jr. tókst með eintómum blekkingum að starfa sem læknir og flugmaður án þess að hafa nokkurn tímann farið í nám.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins hefur breska lögreglan sýnt málinu áhuga og beðið um upplýsingar frá lögregluyfirvöldum.



„Þetta mál vekur athygli og þurfa fyrirtæki og einstaklingar í viðskiptum að varast hugsanlegt misferli með kreditkort. Í þessum málum er það gjarnan svo að númer á kreditkortum ganga raunverulega kaupum og sölum á netinu, ef þú þekkir hvert þú átt að snúa þér,“ segir Ólafur. nadine@frettabladid.is

**Hér sést Scobie í öryggismyndavél verslunarinnar iSímans þar sem hann reyndi að kaupa vörur fyrir rúma hálfa milljón. Þá stakk hann af frá reikningi á Hótel Sögu.**

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Íslendingar elska Skoda enda eru vandfundnari bílar sem henta íslenskum fjölskyldum betur. Þeir eru einstaklega rúmgóðir, sparneytnir, endingargóðir og frábærir í endursölu. **Komdu við hjá okkur í Heklu og prófaðu skemmtilega Skoda.**

Eyðsla frá 3,8 l/100 km
$CO_2$ frá 99g/km
ÖRYGGI ★★★★★ 5 stjörnur í árekstrarprófi EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is




Nýr **BMW 118d** með 150 hestafla díslivél og sjálfskiptingu kostar **frá 5.390.000 kr**.
Meðal staðalbúnaðar er bakkvari, LED dagljós, Bluetooth fyrir síma og tónlist, stöðugleikastýring, start-/stoppbúnaður, yfir-stýringarvörn, 6,5" litaskjár á mælaborði, 16" álfelgur og margt fleira.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Landsliðspiltum fagnað eftir frækilega för til Rússlands



Nítján ára landslið Íslands í handbolta (U-19) kom til landsins í gær frá Rússlandi með HM-bronsið. Liðinu var fagnað í móttöku í Arion banka. Fréttablaðið/Ernir


Píanóskóli Þorsteins Gauta

Ármúli 38, 108 Reykjavík s: 5516751
pianoskoli@gmail.com s: 6916980
pianoskolinn.is

Innritun stendur yfir fyrir skólaárið 2015-2016.

Börn , unglingar og fullorðnir.

Byrjendur velkomnir sem og lengra komnir.

Vinsælu hljómborðsnámskeiðin að hefjast.

Einkatímar.


# Stofna flokk gegn skuldasamningi

**GRIKKLAND** Tuttugu og fimm óánægðir þingmenn SYRIZA-flokksins í Grikklandi hafa stofnað nýjan flokk, sem heitir Þjóðareining.

Helsta markmið nýja flokksins er að berjast gegn skuldasamningnum, sem gerður hefur verið við Evrópusambandið. Samningurinn snýst um frekari lánveitingar til Grikklands gegn aðhaldsaðgerðum og niðurskurði í ríkisfjármálum.

Leiðtogi flokksins verður Panajotis Lafazanis og segir hann að Alexis Tsipras forsætisráðherra, sem er leiðtogi SYRIZA, hafi svikið baráttumál sín með því að semja við Evrópusambandið.

Lafazanis sagði í gær, þegar hann ávarpaði félaga í nýja flokknum, að ógilda yrði þetta samkomulag. Ef það þýddi að Grikkland yrði að kasta evrunni, þá yrði bara svo að vera. **– gb**



Panajotis Lafazanis segir að ógilda verði samkomulagið við Evrópusambandið, jafnvel þótt það kosti útgöngu úr evrusvæðinu. Fréttablaðið/AP

# Alls voru framin 66.039 afbrot árið 2014

**SAMFÉLAG** Lögregla skráði 66.039 afbrot árið 2014, 24 prósentum fleiri en árið áður, að því er fram kemur í nýbirtri afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra.

Þá kemur fram í skýrslunni að hegningarlagabrotum heldur áfram að fækka á milli ára en slík brot voru fjórum prósentum færri 2014 en 2013. Af hegningarlagabrotum fækkaði kynferðisbrotum, auðgunarbrotum og eignaspjöllum, þegar miðað er við meðaltal síðustu þriggja ára á undan. Ofbeldisbrotum fjölgaði hins vegar milli ára en slíkum brotum hefur fjölgað stöðugt frá árinu 2011 eða um alls 15 prósent á tímabilinu.

Tvö manndráp voru framin á landinu árið 2014 en tilraunir til manndráps voru fimm.

Brot gegn valdstjórninni voru fleiri í fyrra en árin þar á undan og hafa í heildina ekki verið fleiri síðan 2008. Miðað við íbúafjölda voru flest brot gegn valdstjórninni skráð á Húsavík eða tuttugu og þrjú á hverja 10.000 íbúa. Þegar litið er til alls landsins þá voru þau tólf á hverja 10.000 íbúa.

Þá kemur fram í skýrslunni að fíkniefnabrotum hefur fjölgað frá árinu 2009 og fjölgaði þeim einnig árið 2014. Þegar miðað er við síðastliðin þrjú ár var hlutfallslega mest fjölgun á fíkniefnabrotum sem sneru að flutningi fíkniefna milli landa. Lögregla og Embætti tollstjóra lögðu hald á rúmlega 63 kíló af maríjúana sem er tvöfalt það magn sem tekið var árið áður. **– ngy**

**›› Ofbeldisbrotum hefur fjölgað stöðugt frá árinu 2011, eða um 15 prósent.**


BOSCH Invented for life




Nú eru tilboðsdagar hjá okkur í fullum gangi.

Framúrskarandi Bosch heimilistæki og falleg gjafavara.



Kæli- og frystiskápur
KGE 36BW30
Hvítur. Orkuflokkur A+.
ChillerBox-skúffa.
Tvö kælikerfi.
Mál: 186 x 60 x 65 sm.
Tilboðsverð: 109.900 kr.
Fullt verð: 139.900 kr.



Uppþvottavél
SMU 55M12SK
Hljóðlát, 44 dB.
Fimm kerfi.
TurboSpeed 20 mín.
Tilboðsverð: 109.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.

Safapressa
MES 25A0
Pressar bæði ávexti og grænmeti.
Tilboðsverð: 17.900 kr.
Fullt verð: 22.600 kr.



Opið virka daga frá kl. 11 – 18 og á laugardögum frá kl. 11- 16.

BOSCH BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · www.bosch.is
Sími 520 3090

DAGSFERÐ INN Í FRAMTÍÐINA

# Eftir höfðinu dansa limirnir

Gervifótum stýrt með hugaraflinu



## HAUSTRÁÐSTEFNA ADVANIA 2015

í Hörpu, föstudaginn 4. september

**Tryggðu þér besta verðið**
**36.900 kr. til 28. ágúst**

Fyrirtæki sem skrá 5+ starfsmenn njóta afsláttarkjara

Framtíðin nálgast á methraða. Á mörgum sviðum er engu líkara en hún sé þegar komin.

Á **Haustráðstefnu Advania** skoðum við staðhætti í framtíðinni, þar sem sumt er kunnuglegt en annað engu líkt.

Auk sameiginlegra fyrirlestra í Eldborg verða þrjár fyrirlestralínur í boði:

- **Nýsköpun**
- **Tækni og öryggi**
- **Stjórnun**

Dagskrá og skráning á **advania.is**

advania
Welcome to IT




Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka 22. ágúst

# „Nú klárum við þetta saman með stæl“

Þú getur enn látið gott af þér leiða á **hlaupastyrkur.is**

Fylgstu með á Facebook
**Maraþonmæðgurnar**

Fylgstu með á Snapchat
**Marathonmaedgur**

Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 18 ár.




## Latabæjarhlaupið í Hljómskálagarðinum

Latabæjarhlaupið er ætlað börnum 8 ára og yngri, en foreldrar eða forráðamenn geta hlaupið með. Íþróttaálfurinn og Solla Stirða stjórna upphitun við rásmark í Bjarkargötu.

Ræst verður í fjórum hópum eftir röð í Bjarkargötu. Vinsamlega komið í röðina við suðurenda götunnar, næst Hringbraut.

Athugið að vegna mikils fjölda þátttakenda er æskilegt að aðeins einn fullorðinn fylgi hverju barni í hlaupinu sjálfu.

**13.15** Upphitun við rásmark
**13.20** Blá leið – 1,3 km fyrir 6 til 8 ára
**13.30** Upphitun við rásmark
**13.35** Gul leið – 550 m fyrir 5 ára og yngri
(Ræst verður í hópum til kl. 14.05)

Að loknu hlaupi verður skemmtidagskrá á sviði í suðurenda Hljómskálagarðs.

Íslandsbanki

# Veikburða vopnahlé að fara út um þúfur

Vaxandi uggur er um að vopnahléið í Úkraínu sé að fara út um þúfur. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu virðist ekki fá tækifæri til að fylgjast með framkvæmd vopnahléssamkomulagsins. Pútín segir sökina hjá stjórnarher Úkraínu.

Undanfarnar vikur hafa tugir manna fallið í átökum í austanverðri Úkraínu. Óttast er að vopnahléssamkomulagið frá í febrúar geti verið í andarslitrunum.

Gagnkvæmar ásakanir hafa verið um tíð vopnahlésbrot víða á vopnahléslínunni, sem afmarkar svæði uppreisnarmanna í Donbass-héraði.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, sem fylgist með framkvæmd vopnahléssamkomulagsins, staðfestir að vopnahléið sé rofið oft á degi hverjum og virðast eftirlitsmenn standa ráðalausir gagnvart því.

Þá segir stofnunin að uppreisnarmenn, sem Rússar hafa stutt, hafi meinað eftirlitsmönnum aðgang að svæðum, þar sem geyma átti þungavopn sem væru ónotuð meðan vopnahléið væri í gildi. Ekki sé því hægt að ganga úr skugga um að skriðdrekar og þungavopn hafi ekki verið flutt að átakalínunni.

Úkraínski stjórnarherinn og vopnaðir hópar, sem barist hafa með honum, hafa sömuleiðis verið sagðir búa sig undir frekari átök með flutningi herliðs og hergagna að vopnahléslínunni.

Á blaðamannafundi á þriðjudag sagði Vladimír Pútín Rússlandsforseti, þá staddur á Krímskaga, margt benda til þess að vopnahléssamkomulagið væri að fara út um þúfur, en tók fram að sökin væri hjá stjórnarhernum: „Því miður erum við að sjá það nú, að átök eru að harðna, og sökin liggur ekki hjá sjálfsvarnarsveitunum í Donbass heldur hinum.“

Pútín vildi hins vegar ekkert ræða það hvort Úkraína gæti þegar fram líða stundir hugsanlega endurheimt Krímskaga, sem Rússar innlimuðu fyrr á þessu ári:

„Nei, ég vil ekki svara neinu um þetta, vegna þess að framtíð Krímskaga hefur verið ákveðin af íbúunum þar. Þeir greiddu atkvæði með því að endursameinast Rússlandi. Punktur.“ gudsteinn@frettabladid.is

## Helstu atburðir frá ársbyrjun í fyrra

**22. FEBRÚAR 2014**
Viktor Janúkóvítsj forseti hrekst úr landi í kjölfar harðvítugra mótmæla.

**6. APRÍL 2014**
Stríðsátök hefjast í Donbass-héraði í austanverðri Úkraínu.

**18. MAÍ 2014**
Rússar innlima Krímskaga eftir þriggja vikna átök.

**25. MAÍ 2014**
Petró Porosjenkó kosinn forseti.

**5. SEPTEMBER 2014**
Vopnahléssamkomulag undirritað í Minsk í Hvíta-Rússlandi, en fer fljótlega út um þúfur.

**11. FEBRÚAR 2015**
Annað vopnahléssamkomulag undirritað í Minsk af leiðtogum Rússlands, Úkraínu, Þýskalands og Frakklands.

> Framtíð Krímskaga hefur verið ákveðin af íbúunum þar. Þeir greiddu atkvæði með því að endursameinast Rússlandi.

Vladimír Pútín, forseti Rússlands





**Liðsmenn Azov-sveitanna, sem barist hafa við uppreisnarmenn í austanverðri Úkraínu, æfa sig í Kænugarði.** NordicPhotos/AFP







Ford

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

**Viltu vita meira um Ford Focus?** Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fáanlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/4,8 l/100 km. $CO_2$ losun 108/110 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Hvar á Ísland heima?



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Makríldeilan og viðskiptabann stjórnvalda í Rússlandi á íslenskar sjávarafurðir ýta undir holla umræðu um stöðu Íslands. Við fylgjum NATO og ESB að málum í viðskiptaþvingunum gegn stjórn Pútíns. Kreml bregst ókvæða við og það kemur illa við kaunin á okkur, einkum vegna makríls. Deilurnar við ESB torvelda okkur að fá fellda niður háa tolla á fiskinn umdeilda í ESB. Það nánast dæmir okkur úr leik á okkar traustasta markaði.

Samningslausir geta íslenskir sjómenn ekki veitt makríl þegar hann er verðmætastur. Þá er hann í lögsögu ríkjanna sem deilt er við. Veiðin á Íslandsmiðum felur því í sér sóun. Með samningi gætu íslenskir sjómenn sótt makrílinn í landhelgi grannríkja – færri tonn að vísu, en verðmætari. Sátt drægi líka úr þeirri óvissu sem fylgir sókn í duttlungafulla flökkustofna. Vissulega hafa okkar samningamenn vegið þessar staðreyndir og metið. En þarf ekki nýtt mat í nýju ljósi?

Hvar er hagsmunum Íslands best borgið? Bandalagsþjóðirnar, sem við höfum fylgt að málum allan lýðveldistímann, eru að tukta Rússana til fyrir gróft brot á alþjóðalögum í Úkraínu. Það væri söguleg kúvending ef Ísland héldi sig til hlés í slíku samfloti. Ekki má gera lítið úr makrílhagsmununum. En þeir mega ekki ráða ferð. Og útgerðarmenn grafa undan málstað sínum með því að ýkja höggið, eins og Seðlabankinn hefur upplýst.

Staða okkar í Evrópu er háð stöðugu mati. Veröldin er hvorki svört né hvít. Fyrir fáum árum töldu forystumenn beggja stjórnarflokka Íslandi best borgið í ESB að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Sumir þeirra sitja í núverandi ríkisstjórn. Nú gæti verið rétti tíminn til að þeir settu rökin með og rökin á móti á vogarskálarnar á nýjan leik? Þeir hafa teflt hvorum tveggja fram.

> Veiðin á Íslandsmiðum felur því í sér sóun. Með samningi gætu íslenskir sjómenn sótt makrílinn í landhelgi grannríkja – færri tonn að vísu en verðmætari.

Norðmenn eru eina grannríkið í Evrópu sem ekki er í ESB. Auður Norðmanna er slíkur að það er viðurkennd skoðun í norskri þjóðmálaumræðu, að þeir þurfi ekki að horfa í krónur og aura. Slík rök hafa aldrei heyrst á Íslandi. En langvarandi lágt olíuverð gæti neytt Norðmenn til meiri hagsýni. Hvað verður þá um EES-samstarfið, sem norskar olíukrónur halda úti?

Evrópusambandið er ófullkomið og innanbúðar eru væringar. En í grófum dráttum er samstarfið í ESB fínt. Rökleysa er að afskrifa það vegna rauna Grikkja, Spánverja og Portúgala. Við inngöngu í ESB fyrir aldarþriðjungi höfðu þessar miklu söguþjóðir nýlega steypt af stóli annáluðum harðstjórnum. Innviðirnir voru fúnir. Fátæktin sums staðar við Miðjarðarhafsströnd var lík því sem gerist í Afríku sunnan Sahara.

Hvergi á byggðu bóli urðu meiri framfarir en á fyrstu árum þessara ríkja í ESB. Hagsæld jókst og stjórnarfar tók stakkaskiptum. En í þeim efnum er engin varanleg töfralausn, hvorki innan ESB né utan.




Gunnar




## Mín skoðun Jón Gnarr



# Kjötvinnsla kærleikans

Ég var svo heppinn að vera í Houston þegar hið árlega ródeó fór þar fram. Svona ródeó eru alþjóðlegt fyrirbæri. Þar eru sýningar og skemmtiatriði en líka verslanir og sölubásar og kynningar á landbúnaði og húsdýrum og iðnaði þeim tengdum. Ródeóið í Houston er hið stærsta í heimi. Það er á ródeóinu sem ofurhugar ríða ótemjum og mannýgum nautum. Hátíðin dregur að sér margar milljónir gesta. Það má eiginlega segja að hún leggi borgina undir sig. Fólk dregur fram köflóttu skyrturnar sínar og kúrekastígvélin og setur kántrítónlistina í botn. Barir og veitingastaðir sýna beinar útsendingar frá hátíðinni og kúrekaandinn svífur yfir vötnum. Ég fór á opnunarhátíðina sem haldin var á risastórum íþróttaleikvangi. Ég var í blaðamannastúkunni þannig að ég hafði góða yfirsýn yfir allt saman. Hápunktur var þegar unglingsstúlka steig fram á sviðið og hóf að syngja þjóðsöng Bandaríkjanna. Fólk reis úr sætum og lagði hönd á hjartastað. Gamli maðurinn sem sat við hliðina á mér gekk skrefinu lengra, lagði vinstri höndina yfir brjóstið og heilsaði að hermannasið með hinni. Á 10.000 tommu sjónvarpsskjá fyrir aftan sviðið blakti bandaríski fáninn í draumkenndu slómói. Þetta var tilfinningarík stund.

### Af hugrökkum hetjum

Mér skilst að þarna hafi um 70.000 manns verið samankomnir. Sumir muldruðu í hljóði á meðan aðrir tóku hraustlega undir í söngnum. Sumir hreinlega grétu. Undurfögur rödd söngkonunnar hóf mann upp til skýjanna og gældi við hverja taug og hverja tilfinningu líkamans. Ég fann fyrir sorg og auðmýkt. En líka stolti og samtengingu. Ég fann til smæðar minnar og varð einmana en um leið fann ég fyrir öryggինu og hamingjunni yfir að vera hluti af heild. Tilfinningalostinn náði svo algjöru hámarki í lokalínunum og fólk hreinlega engdist um í tilfinningalegri fullnægingu. Ég var þar engin undantekning. Ég fékk tár í augun Þetta var múgsefjun eins og hún gerist best og ég var hrifinn með. Mér var skítsama þótt þetta væri allt fjármagnað af olíufélögum. Mér var slétt-sama um aðstæður dýranna sem þetta byggði allt á. Mér fannst ég vera hluti af einhverju sem skipti meira máli og hafði einhvern æðri tilgang og markmið. Þegar lagið endaði, í hápunktinum, brast á með flugeldasýningu.

Fólk tók andköf af hrifningu og margir féllust í faðma. Allar deilur voru úr sögunni og allar syndir fyrirgefnar. Ég hef aldrei á ævinni óskað þess jafn heitt að ég væri Bandaríkjamaður.

Þetta var í fyrsta og eina skipti sem ég hef verið þátttakandi í svona viðburði. Ég hef heyrt fólk lýsa svipuðum upplifunum af því að fara á fótboltaleiki í Englandi þar sem jafnvel harðsvíruðustu fótboltabullur brotna saman hágrátandi í fangínu hver á öðrum.

> Sumir muldruðu í hljóði á meðan aðrir tóku hraustlega undir í söngnum.

### Af grenjandi guðhræddum aumingjum

Þessi upplifun vakti mig enn og aftur til umhugsunar um íslenska þjóðsönginn. Mér finnst hann slæmur. Andúð mín á honum er eiginlega þríþætt. Mér finnst ljóðið lélegt, lagið alltof flókið og svo finnst mér aðeins of mikil guðhræðsla og barlómur í boðskapnum. Mér hefur aldrei fundist við Íslendingar vera þessir grenjandi guðhræddu aumingjar sem sungið er um. Þvert á móti. Mér finnst ekkert sérstaklega mikil upphafning eða hvatning í því að tilbiðja guð sinn og deyja. Mér finnst vanta meira pepp. Það er það sem hugurinn stendur jú yfirleitt til á þeim stundum þegar þjóðsöngur er sunginn. Þar sýnir fólk í verki að það sé tilbúið að standa saman og sjái og átti sig á kostum þess og tilgangi. Ég mundi því vilja þjóðsöng sem dásamaði náttúru Íslands og þrautseigju íslensku þjóðarinnar á erfiðum tímum. Ég vil eitthvað sem er upplífgandi og hvetur mann til dáða. Við þurfum eitthvað svoleiðis því ekki er guð eða veðrið að gera það. Ég vil eitthvað sem sameinar okkur og minnir okkur á að hvort sem við erum sægreifar á Sauðárkróki, innflytjendur í Breiðholti eða myndlistarmenn á Mýrargötu þá erum við í þessu saman, erum bundin hvert öðru og háð hvert öðru og okkur gengur alltaf best þegar við stöndum saman og vinnum saman. Ég veit ekki alveg hvaða lag þetta á að vera. Það þarf að vera texti sem allir geta lært og lag sem venjulegt fólk getur sungið.

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Erla Björg Gunnarsdóttir erla@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is


PIPAR\TBWA · SÍA · 151314
FERÐ ÞÚ BROSANDI TIL FLÓRÍDA?
ICELANDAIR
#SEGÐUSÍS með olís
Aðalvinningar í sumarleiknum #Segðusís með Olís verða dregnir út í dag í útvarpsþættinum Sumarferðalag Bylgjunnar milli 12.20 og 16. Þá kemur í ljós hvaða lukkunnar pamfíll hlýtur ferð til Flórída fyrir 4 með Icelandair, hverjir vinna eldsneytis-úttekt að verðmæti 300.000 kr. og Merida reiðhjól frá Ellingsen að verðmæti 280.000 kr. TAKK FYRIR ÞÁTTTÖKUNA!
olís
Vinur við veginn

## Blikar með aðra hönd á Íslandsmeistaratitlinum í Pepsi-deild kvenna




**Hreint mark í 1.010 mínútur** Hallbera Guðný Gísladóttir og félagar hennar í vörn Breiðabliksliðsins fengu síðast á sig mark í Pepsi-deild kvenna í maí. Hallbera sést hér í sigurleiknum mikilvæga á móti Stjörnunni í Garðabænum í gær sem færði Blikaliðinu sjö stiga forskot á toppnum . Fréttablaðið/Anton

# Fínt að vera líkt við Óla og Aron

**Ómar Ingi Magnússon fór mikinn á HM 19 ára. Hann var þriðji markahæstur og lék frábærlega í sókninni. Hann lítur á sig sem skyttu en líður líka ágætlega á miðjunni. Ómar ætlar að stimpla sig inn með Val í vetur.**

**HANDBOLTI** „Við ferðuðumst nú ekkert með verðlaunapeningana. Settum þá bara upp er við komum hingað," segir brosandi Ómar Ingi Magnússon, ein af hetjum U-19 ára landsliðsins sem tryggði sér brons á HM í Rússlandi.

Strákarnir fengu höfðinglegar móttökur er þeir komu til landsins í gær er fjöldi vina og ættingja tók á móti þeim í höfuðstöðvum Arion banka.

„Þetta er mjög óvænt. Ég átti alls ekki von á neinu svona stóru. Ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að haga mér. Þetta er virkilega gaman og við fundum vel fyrir því hvað það voru margir að fylgjast með okkur úti."

Árangur strákanna var frábær og þegar liðið tapaði fyrir Slóvenum í undanúrslitum þá hafði það leikið 20 leiki í röð án taps. Þeir lögðu líka mikið á sig þetta, er búið að vera mikið ævintýri í sumar.

„Alveg síðan í maí er undirbúningur búinn að vera í gangi. Við förum til Katar um miðjan júní í mót og þetta var mikill pakki. Við vorum til í að leggja mikið á okkur. Við duttum út í riðlakeppninni á EM í fyrra og það voru ákveðin vonbrigði. Við ætluðum að gera betur núna og vissum að við gætum meira. Við vissum að ef við myndum leggja allt í þetta þá gæti allt gerst," segir Ómar er hann rifjar upp langt og strangt sumar með strákunum.

„Við lentum í mjög erfiðum riðli og fyrsta markmiðið var að komast upp úr honum. Fyrst við unnum hann þá vorum við búnir að gera framhaldið aðeins auðveldara."

Undanúrslitaleikurinn var að mörgu leyti grátlegur. Ísland leiddi gegn Slóveníu í um 56 mínútur en missti síðan Slóvenana fram úr sér og tapaði með einu marki.




Ómar Ingi Magnússon með bronspeninginn um hálsinn í móttöku fyrir íslensku strákana í gær. Fréttablaðið/Ernir

„Við spiluðum frábærlega í svona 47 mínútur. Tapið sat alveg í manni því við hefðum vel getað farið í úrslitaleikinn og strítt Frökkunum svolítið," segir Ómar Ingi en strákarnir náðu samt að rífa sig upp eftir svekkjandi tap og vinna öruggan sigur á Spáni í bronsleiknum.

> **93%**
> **Ómar Ingi skoraði úr 26 af 28 vítaköstum sem hann tók á heimsmeistaramótinu í Rússlandi.**

„Það var mjög vel gert og góður karakter að rífa sig upp. Það var mikið spennufall eftir undanúrslitaleikinn enda áttum við ekki von á því að tapa. Engu að síður erum við ánægðir með árangurinn og berum höfuðið hátt. Það sem stendur upp úr er þessi frábæra liðsheild sem er hjá okkur. Við stöndum vel saman og náðum að halda þessum umtöluðu íslensku gildum. Stemningin, baráttan og allt það. Þetta er frábær hópur og við erum allir miklir vinir."

Ómar Ingi varð þriðji markahæsti leikmaður mótsins og frammistaða hans vakti verðskuldaða athygli. Þessi 18 ára Selfyssingur, sem nú spilar með Val, er ekki bara góð skytta heldur útsjónarsamur leikmaður með afbrigðum sem spilar vel fyrir félaga sína.

Hann ætlar sér að fá fleiri mínútur í Valsbúningnum í vetur en veit ekki hvort það verður í skyttunni eða á miðjunni. Hann getur leyst báðar stöður með mikilli prýði.

„Ég veit ekki hvernig Óskar þjálfari hugsar þetta. Ég get gert hvort tveggja. Ég lít á mig sem skyttu en það er fínt að vera á miðjunni líka," segir Ómar Ingi brattur en hann er ekki stærsta skyttan í deildinni. Sérfræðingar segja því margir að hann verði að spila miðju í framtíðinni.

„Margir af bestu handboltamönnum heims hafa verið í kringum 183 sentimetrar á hæð. Einn besti miðjumaður allra tíma, Ljubomir Vranjes, náði ekki 170 sentimetrum. Mér finnst ég vera skytta og spila þannig. Ég læt boltann ekki fljóta nóg sem leikstjórnandi. Ég er svolítið mikið á honum eins og skytta gerir. Það er alltaf hægt að læra samt. Ég hef tímann með mér."

Leikur hans þykir um margt minna á Ólaf Stefánsson og Aron Pálmarsson er þeir voru á hans aldri. Hvað finnst honum þegar verið er að líkja honum við þær kempur?

„Það er mjög fínt. Mér líkar betur við að vera líkt við þá en að fá ekki neitt. Mér finnst ekki vera nein pressa í því og hugsa ekkert um það."

henry@frettabladid.is

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**ÍBV 1–1 KR**

1-0 Jose Enrique (41.), 1-1 Gunnar Þór Gunnarsson (73.).

KR-ingar tóku bara eitt stig með sér úr Eyjum og eru því fimm stigum á eftir toppliði FH. Gunnar Þór bætti fyrir mistökin í marki ÍBV með því að skora jöfnunarmarkið.

**Pepsi-deild kvenna**

**Stjarnan 0–1 Breiðablik**

0-1 Fanndís Friðriksdóttir (49.).

Fanndís tryggði Blikum ellefta sigurinn í röð og sjö stiga forskot á Stjörnuna á toppi deildarinnar. Blikarkonur héldu hreinu ellefta leikinn í röð í Pepsi-deildinni og Fanndís skoraði sitt 15. mark.

**Hvernig eru reglurnar hjá KSÍ, megum við spila með @fanndis90 í næsta leik??**

Atli Sigurjónsson, @AtliSigurjons

**ÍSLENSKUR SIGUR Á HOLLANDI** Íslenska karlalandsliðið í körfubolta vann Holland, 67-65, í öðrum leik sínum á æfingamóti í Eistlandi í gær. Íslenska liðið lék án Jóns Arnórs Stefánssonar og Hauks Helga Pálssonar í gær en það kom ekki að sök. Jakob Örn Sigurðarson var stigahæstur í íslenska liðinu með 20 stig en Logi Gunnarsson kom næstur með 16 stig. Pavel Ermolinskij átti einnig góðan leik með átta stig, tíu fráköst og fjórar stoðsendingar. Ísland mætir Filippseyjum í lokaleik sínum á mótinu klukkan 14:30 í dag.



**KR var að kaupa veðurfræðing. Það er vel gert. Allir léttir eða hvað. Eina.**

Guðjón Guðmundsson, @gaupinn

**HETJAN ÁFRAM Á NESINU** Hin fimmtán ára gamla Lovísa Thompson hefur skrifað undir nýjan tveggja ára samning við Íslands- og bikarmeistara Gróttu í handbolta. Lovísa sló eftirminnilega í gegn á síðasta tímabili en hún skoraði sigurmark Gróttu í leik fjögur gegn Stjörnunni í lokaúrslitunum sem tryggði Gróttu sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil.

**HELGI FÉKK METIÐ STAÐFEST** Spjótkastarinn Helgi Sveinsson úr Ármanni hefur fengið heimsmet sitt í flokki F42 staðfest af Alþjóða Ólympíuhreyfingu fatlaðra. Helgi bætti heimsmet Kínverjans Fu Yanglong þrívegis í sumar en Ólympíuhreyfingin hafnaði tveimur þessara meta áður en hún staðfesti það þriðja loks í gær. Heimsmet Helga er því 57,36 metrar en hann setti metið á Coca-Cola móti FH utanhúss 26. júní síðastliðinn.



## Um helgina

| | | |
|---|---|---|
| 11.45 | Man Utd – Newcastle | Sport 2 |
| 14.00 | Sunderland - Swansea | Sport 2 |
| 16.00 | Verona - Roma | Sport |
| 17.00 | Wyndham Championship | Golfstöðin |
| 11.30 | Formúla 1 - Belgía | Sport |
| 12.30 | West Brom - Chelsea | Sport 2 |
| 15.00 | Everton - Man City | Sport 2 |
| 16.30 | Ath. Bilbao - Barcelona | Sport |
| 17.00 | Wyndham Championship | Golfstöðin |
| 18.30 | Sporting Gijón - Real Madrid | Sport |
| 18.45 | Fiorentina - AC Milan | Sport 3 |

# VERKFÆRA SALAN




Verð Kr.
**6.490,-**

**Hitabyssa**
Mótor 2000W, hitar 60°C/600°C
**RB 5133001137**




**Fjölnotavél**
Mótor 200W, hraðastilling.
**RB 5133001818**

Verð Kr.
**15.900,-**




Tilboð
**24.900,-**

**Hleðsluborvél**
Átak 50Nm, 13mm patróna
2x1,3 Ah rafhlöður fylgja.
**RB 5133001931**




Tilboð
**39.900,-**

**Höggborvél PH 26**
Öflug höggborvél með broti.
Höggkraftur 2.4J.
Borgeta í stein 26mm.
**MW 4933428240**




Tilboð
**74.900,-**

**M18 CPD-502C**
Kolalaus borvél
með höggi 18V.
Átak: 80Nm
2 x 5,0 Ah rafhlöður
**MW 4933448145**




**M18 PP6D-502B**
Borvél, hersluskrúfvél
stingsög, sverðsög, hjólsög
vinnuljós, 2x5,0Ah rafhl og taska

Tilboð
**164.900,-**



**Bandsög BS-100**
Blað: 1470x13mm.
Geta: ● = 100mm.
■ = 100x150mm.
Mótor: 375 W.
**TT 388001**

Verð Kr.
**95.900,-**



Verð Kr.
**445.000,-**

**Bandsög BS-100**
Blað: 2450x27mm.
Geta: ● = 220mm.
■ = 250x155mm.
Mótor: 1.1 kW.
**TT 388119**



Tilboð
**139.900,-**

**Bandslípivél S-75**
Slípiband: 75X2000mm.
Mótor: 3 kW.
**TT 389001**



Tilboð
**9.990,-**

**Vönduð kapaltromla**
Lengd 25m, leiðir 3G1,5 H05VV-F
**BR 1198 550**




Verð Kr.
**14.990,-**

**Hleðslutæki** ALCT **6-24**
Hleður og vaktar 6, 12 og 24V.
**AN 1001-0014**



Tilboð
**9.990,-**

**Loftpressa 12V**

| | | |
|---|---|---|
| **QI HV-35** | 21 L/min | **Kr. 9.990,-** |
| **QI HV-40-A2** | 36 L/min | **Kr. 12.990,-** |
| **QI MV-50** | 72 L/min | **Kr. 19.990,-** |

**Síðumúla 11 - Sími 568-6899 - Opið virka daga: 8 til 18; Laugardaga 10 til 14 - www.vfs.is**




# Skrall í Skaftahlíð á laugardag

## *– þúsundir gesta komu við í fyrra*

Götumarkaðurinn Skrall í Skaftahlíð verður endurtekinn á laugardaginn í Skaftahlíð á milli Lönguhlíðar og Stakkahlíðar frá kl. 13 til 16. Þúsundir gesta mættu á götumarkaðinn í fyrra og nýttu margir tækifærið til að hefja göngu í miðbæinn á Menningarnótt með því að leggja í bílastæðum við Kennaraháskólann.

Á markaðinum verður notað og nýtt í boði á allskyns verði, veitingar, tónlistaratriði, kompudót, götukaffihús með heimilisveitingum, pylsur og fleira.

Íbúar við Skaftahlíð og nærliggjandi götum standa að götumarkaðinum sem var haldinn í fyrsta sinn á sama tíma í fyrra. Þá tókst svo vel til að fleiri þúsundir gesta komu á markaðinn sem skartaði tugum sölustaða og skapaðist stórskemmtileg stemmning. Í ljósi reynslunnar er rétt að minna fólk á að hafa með sér reiðufé, því kortaposar eru sjaldséðir á götumarkaðinum.

Skaftahlíð, frá Lönguhlíð að Stakkahlíð verður lokuð frá kl. 11-18 þennan dag vegna markaðsins.

Allar nánari upplýsingar má finna á Facebook undir **„Skrall í Skaftahlíð“ viðburðinum.**






**BAFÉTIMBI GOMIS**
**30 ÁRA - 1,84 M**

Kom frá Lyon í lok júní 2014

Skoraði 7 mörk í 31 leik með Swansea á síðasta tímabili.

Fimm af sjö mörkum hans komu eftir að Bony var seldur.

Hefur skorað á móti Arsenal, Manchester City og Chelsea í síðustu fimm leikjum sínum.

Hefur skorað í tveimur fyrstu-deildarleikjum sínum með Swansea á þessu tímabili.



**ÉDER**
**27 ÁRA - 1,90 M**

Kom frá Braga í lok júní 2015

Skoraði 10 mörk í 28 leikjum með Braga á síðasta tímabili.

Hefur skorað 1 mark í 18 landsleikjum með Portúgal.'

'Eina landsliðsmark hans tryggði Portúgal 1-0 sigur á Ítölum.

Swansea borgaði sjö milljónir evra fyrr hann.

Fæddur í Gínea-Bissá en flutti til Portúgals sem barn.



**ANDRÉ AYEW**
**25 ÁRA - 1,76 M**

Kom frá Marseille í lok júní 2015

Á 62 landsleiki fyrir Gana.

Sonur Abedi Pele sem var á sínum tíma kosinn besti knattspyrnumaður Afríku.

Skoraði 10 mörk og gaf 6 stoðsendingar með Marseille í fyrra

Kom til Swansea City á frjálsri sölu.

Hefur skorað í tveimur fyrstu deildarleikjum sínum með Swansea.



# Nýju skyttur Gylfa

**Gylfi Þór Sigurðsson og félagar í Swansea hafa byrjað tímabilið vel. Gylfi er á sínum stað en framherjahópurinn hefur tekið miklum breytingum á einu ári.**

**FÓTBOLTI** Swansea City hefur aldrei endað ofar í ensku úrvalsdeildinni en á síðasta tímabili þegar liðið náði áttunda sætinu. Íslenski landsliðsmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson átti mikinn þátt í góðu gengi liðsins, var einn af stoðsendingahæstum leikmönnum deildarinnar og jafnframt einn af markahæstu leikmönnum liðsins.

Gylfi skoraði 7 mörk og gaf 10 stoðsendingar en hann var mjög ofarlega á blaði þegar kom að mörkum á móti efstu liðum deildarinnar. Samvinna Gylfa og Wilfrieds Bony var rómuð framan af tímabilinu en Gylfi lagði meðal annars upp þrjú mörk fyrir Bony áður en Fílabeinsstrendingurinn var seldur til Manchester City í janúarglugganum.

Tölfræðin sýnir það svart á hvítu að salan á Bony hafði áhrif á frammistöðu Gylfa. Gylfi nefnilega gaf átta af tíu stoðsendingum sínum á þeim tíma sem Bony naut við á fyrstu fimm mánuðum tímabilsins.

Gylfi náði ekki að gefa stoðsendingu í tólf deildarleikjum í röð eftir að hann lagði upp mark fyrir Wilfried Bony 29. nóvember 2014, eða allt til þess að hann bjó til mark fyrir Bafetimbi Gomis 4. mars 2015. Síðasta stoðsending Gylfa á tímabilinu var síðan á Nélson Oliveira í lok apríl.

Frakkinn Bafetimbi Gomis tók við hlutverki Wilfrieds Bony um áramótin og er ein af nýju skyttum Gylfa og félaga í liði Swansea. Í sumar fékk knattspyrnustjórinn Garry Monk síðan tvo nýja framherja til liðsins. Þetta eru Ganamaðurinn André Ayew, sem kom frá franska liðinu Olympique Marseille, og Portúgalinn Éder sem kom frá portúgalska félaginu Braga.

Swansea hefur náð í fjögur stig út úr fyrstu tveimur leikjum sínum á nýju tímabili en liðið náði jafntefli á útivelli á móti Englandsmeisturum Chelsea og vann 2-0 sigur á Newcastle United í fyrsta heimaleiknum.

André Ayew og Bafetimbi Gomis lofa góðu en þeir hafa báðir skorað í fyrstu tveimur leikjum sínum á leiktíðinni. Éder þarf að bíða eftir sínu tækifæri en hann hefur fengið samtals 12 mínútur í fyrstu tveimur umferðunum.

Gylfi var nálægt því að skora í sigrinum á Newcastle United þegar skot hans fór af slánni og niður á marklínuna en íslenski landsliðsmaðurinn hefur ekki átt þátt í neinu af fyrstu fjórum mörkum liðsins.

Fram undan er leikur á móti botnliði Sunderland á útivelli í dag og þá er að sjá hvort Gylfa takist að opna marka- og stoðsendingareikning sinn á nýju tímabili. Hér á síðunni skoðum við aðeins nánar nýju skyttur Gylfa og félaga í Swansea City en það eru helst þessir menn sem eiga að taka við stoðsendingum Gylfa í ensku úrvalsdeildinni í vetur. **ooj@**



**Gylfi og félegar heimsækja Sunderland í ensku úrvalsdeildinni í dag.**
Fréttablaðið/Getty

## Einvígi góðs og ills í Fuglahreiðrinu

**Frjálsar Usain Bolt hefur verið fljótasti maður heims í sjö ár og stefnir enn á ný á toppinn á heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum sem hefst í Peking í Kína í dag. Bolt sló í gegn í Fuglahreiðrinu í Peking árið 2008 þegar hann vann þrjú gull og setti þrjú heimsmet á Ólympíuleikunum í Peking. Nú mætir þessi eldfljóti 29 ára gamli Jamaíkamaður aftur á staðinn þar sem hann heillaði heiminn upp úr skónum í ágústmánuði fyrir sjö árum.**

**Usain Bolt hélt upp á afmælið sitt í gær og það er óhætt að segja að afmælismánuðurinn hafi gefið honum gull og græna skóga síðustu árin enda fara stórmótin í frjálsum vanalega fram á þessum tíma. Bolt hefur alls unnið 14 gull á Ólympíuleikum og heimsmeistaramótum frá 2008 og hann er ríkjandi heims- og Ólympíumeistari í bæði 100 og 200 metra hlaupi.**

**Það mun hins vegar reyna á kappann að þessu sinni enda ein stór hindrun á gullinni braut hans. Það bíða nefnilega margir spenntir eftir einvígi Usains Bolt við Justin Gatlin sem hefur fallið tvisvar á lyfjaprófi á ferlinum en er nú kominn aftur betri en nokkurn tíma. Þetta einvígi hefur verið sett upp sem einvígi góðs og ills enda stærsta stjarnan að glíma við einn af svörtu sauðunum. Bolt hefur ekki tapað í 100 og 200 metra hlaupi á stórmóti frá ÓL 2008 fyrir utan það þegar hann þjófstartaði á HM 2011 en Bandaríkjamaðurinn Gatlin hefur ekki tapað í 27 hlaupum í röð og hefur hlaupið á 9,74 sekúndum á þessu tímabili. Gatlin hefur því hlaupið hraðar en Bolt á þessu ári og það verður því spenna í loftinu þegar ræst verður í úrslitahlaupið á morgun klukkan 13.15 að íslenskum tíma. – óój**



ORMSSON SAMSUNG

# SPARIDAGAR
# LOKAHELGIN

## GERIÐ GÓÐ KAUP Á GÆÐAVÖRUM

30% AFSLÁTTUR

## AEG veggofn

BE3002401 / HT944 185 876

Stál með kjöthitamæli / Fjölkerfa blástursofn með 8 aðgerðum / Þrefalt gler í ofnhurð - kaldari framhlið / Innanmál: 74 lítrar

**Verð áður: 109.900,- kr**

## AEG helluborð

HK634000XB /HT949 595 118

Keramikhellur m. stálramma
Snertirofar
Tímastillir á öllum hellum
"Automatic" og "Stop and Go" stillingar
Sjálfvirk öryggisslökkvun

**Verð áður: 89.900,- kr**

**Saman í pakka kr. 139.800,- og þú sparar 60.000,-**

Fullkominn rakstur með BRAUN
20% AFSLÁTTUR

Tefal
Jamie Oliver Tefal
Pottar og pönnur meistarans

brabantia
20% AFSLÁTTUR
Eldhúsáhöld
Allt til alls.

**Rafmagnstannburstar fyrir alla fjölskylduna**
Oral-B BRAUN
20% AFSLÁTTUR

new NINTENDO 3DS
Nintendo New 3DS
Öflugri og með stærri skjá
Rétt verð: 39.900,-
Sparidagaverð: 33.900,-

**20% AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM Nintendo LEIKJUM

**AEG, Braun, Tefal, Brabantia, Nintendo og Pioneer fást í Lágmúla.**
**Samsung fæst bæði í Síðumúla og Lágmúla.**

WF80F5E5P4W
***8 kg Þvottavél***
· Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð
· 1400 snúningar
· Ecobubble

SAMSUNG

WW80H7400EW/EE
***8 kg Þvottavél***
· Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð
· 1400 snúningar
· Ecobubble

*Verð áður: 104.900,-*
***Verð á sparidögum:***
***89.165.-***

*Verð áður: 119.900,-*
***Verð á sparidögum:***
***101.915.-***

ULTRA HD
UE48JU6415 / UE55JU6415

48" eða 55" UltraHD bein Samsung sjónvörp með þráðlausu interneti
**48"** Verð áður kr: 239.900,- **kr.199.900.-**
**55"** Verð áður kr: 319.900,- **kr. 249.900.-**

ULTRA HD Curved

48" eða 55" UltraHD bogin Samsung sjónvörp með þráðlausu interneti.
**48"** Verð áður kr: 239.900,- **kr.199.900.-**
**55"** Verð áður kr: 319.900,- **kr. 269.900.-**

20% AFSLÁTTUR

55" Samsung sjónvarp með þráðlausu interneti.
**UE55H6475 kr. 199.900.-**
**Verð áður: 249.900,-**
**og þú sparar 50.000,-**

Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now

**Samsung J5105**
**32"** *Sparidagaverð* **kr. 64.900.-**
**40"** *Sparidagaverð* **kr. 92.900.-**

**Samsung H5505**
**32"** *Sparidagaverð* **kr. 69.900.-**
**40"** *Sparidagaverð* **kr. 93.900.-**
**48"** *Sparidagaverð* **kr. 129.900.-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opið virka daga kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-15

Opið virka daga kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |



## PASO DOBLE
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga.
Grátt eða brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 306 × 156 × 80 cm

**299.990 kr.** ~~369.990 kr.~~



## SALLY
Fáir sitja betur.
Hægindastóll PU Brandy,
Rio antrazit og ljósgrár.
Stærð: 72x72 H:88 cm.

**29.990 kr.** ~~39.980 kr.~~

1.



2.



## MARCUS
Þessir eru ómót-
stæðilegir.
Svartir eða hvítir.



**5.990 kr.** ~~7.990 kr.~~



3.



4.

**1.** By Nord púði Roots, tveir litir; **14.990 kr.** ~~19.990 kr.~~ **2.** Iittala Aalto vasi, rain 12 cm **14.990 kr.** ~~17.990 kr.~~ **3.** Ralph Lauren Empress matarstell; matardiskur **8.290 kr.**, salatdiskur **5.690 kr.**, hliðardiskur **4.290 kr.**, bolli **7.290 kr.**, undirskál **4.490 kr.** **4.** Vidivi Honey vasi **4.990 kr.**



## Vitis
Sófaborð askur
með hvítri plötu.
Stærð: 80x80 H:45 cm

**19.990 kr.** ~~24.980 kr.~~



## ASTRO
Hefur verið ófáanlegur í 30 ár.
Litir: Grár, dökkgrár, rauður og appelsínugulur.
Stærð: 77 × 73 × 82 cm

**49.990 kr.** ~~59.990 kr.~~



## TESS
Skrifborð úr aski með hvítri plötu.
Með þremur litríkum skúffum.
Særð: B:120 D:60 H:76 cm

**59.990 kr.** ~~69.990 kr.~~



## CLIPPER
Skrifborð hvítt eða svart
Stærð: B:120 D:60 H:75 cm

**34.990 kr.** ~~42.990 kr.~~



## BELINA
Borðstofuborð, viður/hvítt.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**99.990 kr.** ~~119.990 kr.~~



## CARINA
Borðstofuborð, hvítt.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**109.990 kr.** ~~129.990 kr.~~



**ELLY**
Þriggja sæta sófi.
Litir: Ljósgrár, grár
og Town dökkgrár.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**79.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

# Vertu eins og heima hjá þér

## Skoðaðu úrvalið í nýja blaðinu okkar



**ELLY**
Stóll. Litir: Ljósgrár,
grár og Town dökkgrár.
Stærð: 83 x 82 x 85 cm

**54.990 kr.** ~~69.990 kr.~~




**HOBART**
2,5 sæta sófi. Town dökkgrár.
Fætur úr olíuborinni eik.
Stærð: B:178 D:78 H:85,5 cm



**99.990 kr.** ~~129.990 kr.~~

**ALABAMA**
Hornsófi með tungu. Hægri og
vinstri tunga. Slitsterkt áklæði,
grátt eða antrazit.
Stærð: B:340 D:240/163 cm



**219.990 kr.** ~~299.990 kr.~~




Fréttablaðið/Ernir

# Menningardekur á rakarastofu

**Vikingr skeggvörur og Rakarastofa Ragnars og Harðar bjóða gestum Menningarnætur ókeypis skeggsnyrtingu í dag. Brjóstbirta og fallegir tónar fylgja með.**

Við erum að skapa stemningu sem passar vel inn í þessa rakarastofu. Rakarastofan er ríflega sextíu ára gömul og innréttingarnar eru upprunalegar,“ segir Sindri Hilmarsson, annar eigandi Vikingr skeggvara, og hvetur alla til að koma við og upplifa stemninguna.

„Skeggjaðir geta komið á Vesturgötuna á milli 13 og 17 og látið rakara dekra við andlitsdjásnið í góðu yfirlæti. Einnig verður skóburstari á svæðinu, glæsilegt viskíúrval verður í boði, kaffi og konfekt og órafmögnuð tónlistaratriði.“

Hljómsveitin Hinemoa mun spila ljúfa tóna og söng- og leikkonan Ylfa Lind mun flytja gömul íslensk dægurlög. Það verður því auðvelt að stíga inn í annan heim á Rakarastofunni og láta fara vel um sig í rakarastólnum.

Viðburðurinn sem ber heitið Skeggjað gaman er einn fjölmargra viðburða á Menningarnótt sem haldin er hátíðleg í Reykjavík í dag.

**SKEGGJAÐIR GETA KOMIÐ Á VESTURGÖTUNA Á MILLI 13 OG 17 OG LÁTIÐ RAKARA DEKRA VIÐ ANDLITSDJÁSNIÐ Í GÓÐU YFIRLÆTI. PIKKAÐUR UPP!**

## Menningarnótt í Reykjavík



**18** ágúst er afmælisdagur Reykjavíkurborgar og er Menningarnótt haldin næsta laugardag á eftir afmælisdeginum.

**500** skemmtilegir viðburðir eru á dagskránni í ár. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

**1995** var fyrsta Menningarnóttin í Reykjavíkurborg og því á Menningarnótt 20 ára afmæli í ár.

**07-01** verða götulokanir í gildi í miðbæ Reykjavíkur og því erfitt að komast á bíl í miðbæinn.

**100.000** manns fóru á Menningarnótt í fyrra. Hátíðin er stærsta mannamót sem haldið er á Íslandi.

**0** krónur kostar í strætó og í skutlur. Nánari upplýsingar á menningarnott.is

# Hvað á að gera um helgina?

### FARÐU

í göngutúr á Þingvöllum ef lokaðar götur og mikill mannfjöldi fer í taugarnar á þér.





Árni Már Erlingsson myndlistarmaður

### SKELLIR SÉR Í SÁNA

**Ég verð á myndlistarsýningu í Vitagarði og fer í Íslenska grafíkfélagið á sýninguna Pressa. Á morgun verð ég í afslöppun, fer í sána og heitan pott.**

### HLUSTAÐU

á Menningarnæturtónleika X977 og Bar 11 í portinu á Hverfisgötu 18 í dag.






Kristín Eiríksdóttir rithöfundur

### ÓPLÖNUÐ HELGI

**Ég er almennt ekki mikið fyrir margmenni en ætla þó að skoða einhverja viðburði á Menningarnótt. Eina niðurneglda planið mitt er að sjá Heimilislausa leikhúsið í Hjálpræðishernum.**

### LESTU

Sveppahandbókina sem er ómissandi ferðafélagi í sveppaleiðangurinn.




Steiney Skúladóttir, Reykjavíkurdóttir og Hraðfréttakona

### HEVÍ DAGUR FRAM UNDAN

**Klukkan 8.40 byrja ég að hlaupa hálft maraþon. Eftir það fer ég í viðtal á Rás 2 og svo á RÚV. Svo þarf ég að borða eitthvað og fara í sturtu. Næst taka við tónleikar með Reykjavíkurdætrum á Ellefunni og klukkan sjö er ég að fara að sýna með Improv Iceland í Þjóðleikhúskjallaranum og svo aftur að spila með Reykjavíkurdætrum klukkan eitt. Þetta verður heví dagur en ég er mjög spennt.**



### HORFÐU

á maraþonhlaupara og hvettu þá áfram í dag.



# netto
kræsingar & kostakjör




-21% KJÚKLINGABRINGUR 900 GR 1.391 ÁÐUR 1.761 KR/PK




-21% KJÚKLINGABRINGA APPELSÍNUMARINERING 1.883 ÁÐUR 2.384 KR/KG




-22% BBQ LEGGIR MAGNPOKI 698 ÁÐUR 895 KR/KG




2 fyrir 1 SPELT BRAUÐ MYLLAN - 500 GR 389 KR/STK

## berja-dagar



-30% BRÓMBER 125 GR 384 ÁÐUR 549 KR/PK

-30% JARÐARBER 250 GR 335 ÁÐUR 479 KR/PK

-30% RIFSBER 125 GR 349 ÁÐUR 498 KR/PK

-30% BLÁBER 125 GR 349 ÁÐUR 498 KR/PK

-30% HINDBER 125 GR 349 ÁÐUR 498 KR/PK

-30% BLÁBER DRISCOLLS -510 GR 895 ÁÐUR 1.279 KR/PK

THE FOOD DOCTOR




-22% NARSLBLÖNDUR 50 GR 179 ÁÐUR 229 KR/PK

-21% NÆRINGARSTYKKI 4 TEG.- 35 GR 149 ÁÐUR 189 KR/STK

**Heilnæmir naslpokar & næringarstykki í SKÓLANESTIÐ**




-20% DIT VALG SMOOTHIE. 600 G - GULUR/RAUÐUR 479 ÁÐUR 599 KR/PK

**Tilboðin gilda 20. ágúst – 23. ágúst 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Tekur ekki lífinu sem gefnu

**Þröstur Leó Gunnarsson** hefur átt glæsilegan feril í íslensku leikhúsi og kvikmyndum en engu að síður yfirgefur hann á stundum menningarheiminn og fer aftur í sjómennskuna heima á Bíldudal. Í sumar lenti Þröstur í sjóskaða þar sem hann náði að bjarga tveimur skipsfélögum sínum en sá fjórði lét lífið í slysinu. Í haust snýr Þröstur aftur á leikhúsfjalirnar.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Þröstur var kominn á sjóinn ungur að árum og kunni því vel. „Mér fannst æðislegt að vera kominn inn á pöbb í Hull að fá mér bjór með köllunum þegar ég var sextán ára. Fannst líka bara æðislegt að vera kominn til sjós – kunni vel við verkin hvort sem það var að beita eða eitthvað annað. Ég fann bara að þetta var eitthvað sem átti við mig.

Þegar ég kom heim úr túrnum sextán ára gamall þá fékk ég meira að segja toll. Fjóra kassa af bjór og fjórar vodka og tollarinn fyrir vestan sagði bara: „Þú lofar mér að þú lætur pabba þinn hafa þetta.“ En pabbi drakk ekki og er algjör bindindismaður og það vita nú allir í þessu litla plássi. En heima hugsar fólk um hvert annað og mér finnst gaman að hafa alist upp úti á landi. Ég á lítið hús niðri í fjöru og krökkunum mínum finnst æðislegt að vera á Bíldudal. Þangað förum við þegar við getum því þarna er gott að vera og horfa út á sjóinn enda ætla ég að verða gamall fyrir vestan, það er löngu ákveðið.“

### Mamma og leiklistin

Þó svo Þröstur hafi kunnað vel við sjómannslífið átti samt fyrir honum að liggja að verða leikari. „Ég var alltaf eitthvað að fíflast og mamma ýtti mér út í þetta. Ætli hún hafi ekki viljað ná mér af sjónum. Ég fór á leiklistarnámskeið hjá Helga Skúlasyni heitnum. Það var frábær maður sem átti eftir að reynast mér vel. Þarna var fullt af krökkum sem voru að miða á það að komast inn í leiklistarskólann en slíkt hafði nú ekki hvarflað að mér. Ég satt best að segja vissi ekki einu sinni að það væri til slíkur skóli í Reykjavík.

Ég sló til eftir hvatningu frá Helga og hann lét mig hafa einleik til þess að læra og leika í inntökuprófinu. Það var úr Húsverðinum eftir Pinter og ég botnaði ekkert í þessu en lærði textann og svo voru góð ráð dýr. Þannig að ég hringdi í Helga og sagði honum að ég vissi ekkert hvað ég væri að gera. Hann var uppi í Þjóðleikhúsi og sagði mér að koma – hann væri að fara í hádegismat og ætlaði að hjálpa mér. Ég mætti og hann dró mig inn í einhverja kompu og sagði mér til á korteri og ég komst áfram. Pabbi var nú orðinn hálfpirraður á þessum inntökuprófum því þau taka heila eilífð og ég átti að vera kominn heim. Hann var alltaf að panta og afpanta flug vestur og sagði við mig: „Hvað er þetta eiginlega, geta þeir ekki bara ákveðið sig?“ En ég komst inn á endanum og átti góðan tíma í skólanum.“

Þröstur fékk verkefni eftir skólann en segist ekki hafa haft nokkra trúa á því að það yrði eitthvað meira svo hann sneri heim til Bíldudals. „Þá hringdi Kjartan Ragnarsson og spurði hvort ég væri til í að koma en ég var nú alveg á báðum áttum með það. En þegar ég kom heim þá var mamma búin að pakka. Hún hefur stundum tekið ákvarðanir fyrir mig og það hefur reynst mér ákaflega vel. Mamma veit lengra en nef hennar nær.

### Fjölskyldan og leikhúsið

Ég er fæddur og uppalinn á Bíldudal og á þarna fjölskyldu. Mamma býr þarna og tveir bræður mínir og það er gott að geta komist heim og hugsað um eitthvað annað en leikhúsið. Ég á fjögur börn með fyrri konunni minni, Írisi Guðmundsdóttur, og eitt með Helgu Sveindísi Helgadóttur, seinni konunni minni, og hún átti tvö fyrir þannig að þetta er stór og fjörugur hópur. Þau eru reyndar öll að verða uppkomin nema tíu ára stelpa sem við seinni konan mín eigum saman. En mér finnst æðislegt þegar allur þessi hópur kemur saman og maður áttar sig aðeins á stærðinni þegar maður tekur upp á því að hringja og segja þeim að koma í mat með tengdasyni og allt heila klabbið og þarf að fara og kaupa þrjú læri til þess að hafa oní hópinn. Það er frábært. Ég kem úr stórri fjölskyldu, á sex systkini og finnst gott að hafa mikið af fólkinu mínu í kringum mig.“

Þröstur hefur átt gífurríkan feril í leikhúsinu en þrátt fyrir það fær hann reglulega nóg af því lífi, snýr vestur og fer aftur á sjóinn. „Síðastliðinn vetur fór ég á Hvammstanga og fór til sjós hjá tengdasyni mínum, áður en ég fór á Bíldudal. Þá fann ég vel hvað það er æðislegt að geta verið heima hjá sér á kvöldin og um helgar. Að geta átt sér eitthvert líf fyrir utan vinnuna.

Svo fæ ég bara stundum nóg af leikhúsinu. Leikhúsið er stundum svo



Fréttablaðið/Ernir

**Þröstur Leó Gunnarsson, leikari og sjómaður, er á núllpunkti í lífi sínu eftir erfitt sjóslys í sumar.**

> **ÉG SATT BEST AÐ SEGJA VISSI EKKI EINU SINNI AÐ ÞAÐ VÆRI TIL SLÍKUR SKÓLI Í REYKJAVÍK.**



MANNLÍF VIÐ MIÐBAUG

4. FJÓRÐA BALÍFERÐIN Á HÁLFU ÁRI
FYRRI FERÐIR SELDUST UPP

# ÆVINTÝRAFERÐ BALÍ MEÐ ÖRNÓLFI ÁRNASYNI

**12. TIL 25. OKT.**



Þessi ævintýraleiðangur til Balí er tvískiptur. Fyrst fimm daga dvöl uppi á miðri eynni í Úbúd sem hefur mest segulmagn allra bæja á Balí fyrir þá ferðamenn sem vilja kynnast sérstæðri menningu, listum og trúarsiðum íbúa þessarar paradísareyjar. Frá Úbúd er stutt til flestra fegurstu og forvitnilegustu staða á Balí og verður farið í kynnisferðir þaðan.
Seinni sex dögunum verður varið í vellystingum í Sanúr, einum frægasta strandbæ Balí.

Verð **kr. 556.000,-**
**30% afsláttur** ef bókað er fyrir 1. sept.

EINUNGIS
**KR. 389.200,-**

## GÖNGU OG ÆVINTÝRAFERÐ UM VÍETNAM MEÐ HELGA BEN

17 dagar pakkaðir af ævintýrum, góðri hreyfingu, landkönnun og upplifun í framandi umhverfi og menningu.

28. okt. til 13. nóv. - UPPSELT
12. nov. til 28. nóv. - **ÖRFÁ SÆTI LAUS**

Nánari upplýsingar á www.oriental.is

## BÓKMENNTA-HÁTÍÐ Á BALÍ



**ÖRNÓLFUR ÁRNASON** leiðir einstaka ferð á hina árlegu bókamessu "Writers & Readers Festival" 28. okt. til 1. nóv.

Ferð Örnólfs stendur frá 25. okt. til 7. nóv. Dvalið í Úbúd og Sanúr. Fjölbreytt dagskrá og margar skoðunarferðir innifaldar.

Nánari upplýsingar á www.oriental.is

ASÍU Óríental FERÐIR

Suðurlandsbraut 22 - Sími 553 2800 - www.oriental.is - oriental@oriental.is



Fréttablaðið/Ernir

ófjölskylduvænt. Maður getur ekkert planað – sér ekki krakkana og á lítið sem ekkert fjölskyldulíf. Svo koðna ég stundum bara niður af því að vera að vinna svona innivinnu þó svo það fari auðvitað aðeins eftir verkinu og auðvitað spila launamálin líka oft inn í þetta. Ég er svo heppinn að hafa þessa tengingu vestur og það er eitthvað sem ég get gripið til. Sem leikari hef ég aldrei haft áhyggjur af þessu – hvað næst?

Ég var búinn að vera að leika í fimm ár þegar ég ákvað að fara og þá skömmuðu mig margir, það er ekkert víst að þú komist inn aftur og allt það, en mér var alveg sama því ég er svo heppinn að hafa Bíldudal og sjómennskuna og það er lúxus.“

**Þorpsstrákur**

Áður en Þröstur lenti í sjóslysinu í sumar hafði hann ekki hugsað sér að snúa aftur í leikhúsið í bráð. Ætlaði sér að vera til sjós fyrir vestan næstu árin. „En eftir slysið var ég svo heppinn að Ari þjóðleikhússtjóri hringdi í mig og bauð mér að koma. Ég þáði það því ég sá ekki að ég færi alveg strax á sjóinn þó svo ég væri búinn að prófa það aðeins. Mér leið bara ágætlega með að snúa aftur á sjó en samt svona einhver ónot en þetta er bara eins og að lenda í bílslysi. Maður má ekki bíða of lengi með að takast á við þetta því þá bara stækkar hræðslan. Ég hugsaði á leiðinni í land – þá er þetta búið – en það er fljótt að fara. Svo verður bara tíminn að leiða það í ljós hvernig það verður. Þetta er hluti af þessu samfélagi – þessum veruleika sjómanna og þeirra nærsamfélags.

En málið er að þegar maður er hluti af litlu samfélagi eins og Bíldudal þegar svona slys gerast þá eru allir eins og einn maður. Samkenndin er sterk og það hjálpar manni mikið að þetta er eins og ein stór fjölskylda. Mér finnst gott að vera í fámenni. Hefur alltaf þótt fjölmennið dálítið óþægilegt sem er kannski hálfasnalegt í leikarastarfinu en þannig er það bara. Ég er þorpsstrákur í mér.“

**Hvað ef?**

Það þyngist yfir Þresti þegar talið berst að sjóskaðanum en hann segir að það gangi nú bara vel að vinna úr því þunga áfalli. „Við sem lifðum þetta af erum búnir að fá hjálp og þetta tekur allt sinn tíma.

En fyrst þetta fór svona, að Maggi fór þarna, viljum við að það verði kannað hvað fór úrskeiðis. Ég veit að það var ekkert sem við gátum gert öðruvísi, það voru engin afglöp eða kæruleysi í gangi hjá okkur. En við viljum að það verði skoðað af hverju við erum þarna í klukkutíma. Af hverju svöruðu ekki bátarnir? Af hverju er ekki annað kerfi hjá Gæslunni en að kalla? Af hverju er ekki hljóðmerki í stöðinni sem gefur til kynna að það er eitthvað að einhvers staðar? Heldur er aðeins kallað og kallað og Landhelgisgæslan er alltaf að kalla, þannig að menn verða ónæmir fyrir því og eru bara að einbeita sér að því að veiða. En ef það væri eitthvert hljóðmerki eða hvað sem er, tæknin er orðin svo mikil, sem er þannig að þegar þú heyrir þetta hljóð þá ferðu í stöðina. Alltaf. Þá veistu að það er eitthvað að. Miðað við bátana sem voru á veiðum í kringum okkur þá hefðu þeir átt að vera komnir eftir svona tíu til fimmtán mínútur í mesta lagi en ekki klukkutíma.“



Guðmundur, Silja, Gauja, María Sólveig, Pálína og Vilborg mynda barnahópinn hans Þrastar og hann veit ekkert betra en að fá hópinn í mat og tengdasynina með og þá er glatt á hjalla.

**Viljum svör**

Umræðuefnið brennur á Þresti og það tekur eðlilega á að tala um þessi mál. En hann og félagar hans sem lifðu slysið af vilja fá svör. Ekki aðeins sín vegna og allra aðstandenda heldur fyrir alla íslenska sjómenn og fjölskyldur þeirra.

„Þetta klikkaði allt saman og fór eins og þetta fór hjá okkur en þrír okkar komust upp á kjölinn. En maður hugsar líka að þetta hefði getað farið öðruvísi og þá hefðum við allir farist – það er bara þannig.

Björgunarbátarnir eru það sem allir sjómenn treysta á og að þeir skuli ekki virka er óásættanlegt. Þess vegna eiga allir sjómenn heimtingu á því að vita hvað gerðist í þessu slysi. Við vorum með tvo báta sinn frá hvoru fyrirtækinu og ekki ár síðan þeir voru skoðaðir og þetta hefði átt að rannsaka strax.

Það voru teknar af okkur skýrslur strax eftir slysið en þetta þarf að skoða. Það var sendur niður kafbátur að skoða þetta og þá sást að annar báturinn var kjurr í sætinu sínu og hinn lá óuppblásinn við hliðina á bátnum. Manni finnst að miðað við að það er hægt að senda geimfar til Plútó þá hljóti að vera hægt að hafa svona mál í lagi. Þetta hefur bjargað fullt af mannslífum en þetta er í annað skiptið á ári sem þetta klikkar. Að bátarnir skjóti sér ekki út. Það gengur ekki.“

> MITT LÍF ER SOLDIÐ ÞANNIG AÐ ÉG ER ALLTAF AÐ LENDA Í EINHVERJU. STUNDUM GÓÐUM HLUTUM OG STUNDUM SLÆMUM.

**Draumurinn**

Þrátt fyrir að vera nú kominn aftur í leikhúsið getur Þröstur ekki hugsað sér annað en að snúa að endingu aftur vestur. „Mitt líf er soldið þannig að ég er alltaf að lenda í einhverju. Stundum góðum hlutum og stundum slæmum. Þannig er það bara. Ég er alltaf að læra eitthvað á hverjum degi – læra af mistökunum og ég er búinn að læra að taka lífinu ekki sem gefnu. Ég er á ákveðnum núllpunkti í lífinu sem stendur en svo þokast maður áfram.

En ég ætla að fara aftur vestur og það er heilmikill uppgangur heima. Laxeldið hjá Arnarlaxi til að mynda og það var planið hjá mér að fara að kaupa af þeim og reykja og grafa. Ég hef verið að leika mér með þetta og finnst mikið af því sem maður kaupir hérna fyrir sunnan vera algjört drasl – því miður. Minn draumur er að vera fiskframleiðandi. Vera með reykhús og allt sem þarf og bjóða upp á fyrsta flokks fisk. Beint úr leikhúsinu yfir í reykhúsið,“ segir Þröstur og hlær við tilhugsunina en hann viðurkennir fúslega að það sé nákvæmlega enginn bissnessmaður í honum. „Nei, ekki til. Enda hlæja menn að mér fyrir að fara í Þjóðleikhúsið þar sem launin eru lægst um þessar mundir. En mér er alveg sama. Ég er ekkert fyrir peninga. Stundum á ég pening og stundum ekki og þá kemur bara eitthvað annað í staðinn. Ef ég á í mig og mína og á þá er ég góður.

Mér finnst alveg rosalega gaman að gefa fólki og er oft skammaður fyrir það. Ég hef verið að reykja og grafa lax, veiða og salta og flaka og svo kem ég í bæinn og gef þetta. Svo hringir konan og segir: „Heyrðu, Þröstur, áttum við ekki helling af saltfisk?“ Þá dreg ég bara seiminn og segi að ég muni það ekki alveg en haldi að ég hafi gefið þetta. Hún tekur því bara vel. Það gefur mér miklu meira en saltfiskflakið er metið á að gefa góðu fólki. Ég get alltaf fengið fisk og peningar eru bara til vandræða.“

*Gakktu í bæinn!*

# Menningarnótt 22.08.2015

WWW.MENNINGARNOTT.IS

## Skemmtum okkur saman á 20 ára afmæli Menningarnætur




Leggjum fjær og komumst nær! Boðið er upp á skutlur í miðbæinn frá stórum bílastæðum í Borgartúni og við Kirkjusand. Skutlurnar ganga fram og til baka frá kl. 12.00 til 01.00 eftir miðnætti. Einnig verður ókeypis í strætó sem keyrir samkvæmt hefðbundinni leiðartöflu til kl. 23. Þá tekur við sérstök leiðartafla sem miðar að því að koma fólki hratt og örugglega heim úr miðborginni. Dagskrá Menningarnætur lýkur eftir flugeldasýninguna um kl. 23.10. Skemmtum okkur saman á Menningarnótt!


vodafone

REYKJAVÍK LOVES
#reykjavikloves



Kathrine Switzer ætlar að hlaupa Bostonmaraþonið eftir tvö ár en þá verða fimmtíu ár liðin frá því að hún hljóp fyrst. Þá verður hún sjötug. Fréttablaðið/Ernir

# Að hlaupa í sig kjark

**Kathrine Switzer** hljóp fyrst kvenna í Boston-maraþoninu fyrir 48 árum. Hún hefur helgað líf sitt baráttunni fyrir því að konur fái að hlaupa. Hún segir baráttuna ekki snúast um hreyfinguna heldur valdeflingu kvenna.



Kathrine í Bostonmaraþoninu árið 1967. Þegar það komst upp að kona væri á hlaupabrautinni tóku stjórnendur til sinna ráða. Hér er reynt að rífa af henni númerið en Kathrine hljóp áfram. Hún hugsaði með sér að ef hún gæfist upp fengju konur aldrei að hlaupa maraþon. Það fyllti hana krafti.

SAMKVÆMT SKILNINGI ÞESS SEM HÓTAÐI AÐ RASS-SKELLA MIG Á SÍNUM TÍMA ÞÁ ER ÉG ÖRUGG-LEGA ENN ÞÁ ÓÞEKK.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Síðustu daga hefur afrek maraþonkonunnar verið rifjað upp í fjölmiðlum enda er hún stödd hér á landi til að ræsa hlaupara í Reykjavíkurmaraþoninu í dag. Það eru 48 ár síðan hún skráði sig í Bostonmaraþonið og hljóp það til enda en samkvæmt reglum var hlaupið eingöngu fyrir karla. Stjórnandi reyndi að rífa skráningarnúmerið af baki hennar á meðan hún var á hlaupum og þátttaka hennar í hlaupinu vakti mikil viðbrögð, til að mynda sagði yfirmaður íþróttasambandsins að hann myndi rassskella hana ef hún væri dóttir hans. En vegna umræðunnar var reglunum breytt fimm árum síðar og konum leyft að taka þátt í hlaupinu.

Baráttu Kathrine var þó hvergi nærri lokið. Hún hefur í raun starfað við það alla tíð að fá konur til að hlaupa, fá stjórnendur íþróttasambanda til að halda maraþon fyrir konur og á níunda áratugnum var kvennamaraþon loksins samþykkt sem ólympíugrein, sem er ekki síst góðu starfi Kathrine að þakka. *En af hverju er svona mikilvægt að fá konur til að hlaupa?*

„Hlaup eru mikilvægur liður í jafnréttisbaráttunni sem lýkur aldrei. Í raun snýst þetta ekki um hlaupin sjálf heldur að breyta lífi kvenna. Hlaup eru nefnilega svo valdeflandi. Og þegar konur gera eitthvað valdeflandi fá þær styrk, hugrekki og aukna trú á sjálfar sig. Það hjálpar þeim að taka næsta skref áfram í lífinu. Þannig að mín vinna í gegnum tíðina hefur verið að búa til tækifæri fyrir konur til þess að hlaupa – í þeirri von að það veiti þeim aukinn kraft í alls kyns annarri baráttu.“

**Allir jafnir í hlaupum**

*En af hverju hlaup frekar en einhver önnur íþrótt?*

„Í fyrsta lagi eru hlaup mjög ódýr hreyfing. Þess vegna er auðvelt og aðgengilegt að byrja að hlaupa. Allir geta hlaupið sem hafa líkamlega getu til þess. Í öðru lagi skiptir félagslegur og efnahagslegur bakgrunnur engu máli þegar það kemur að hlaupum. Þegar ég byrjaði að hlaupa, millistéttarháskólastúlkan, þá hljóp ég með bréfberanum og píparanum. Það var enginn munur á okkur. Öðru máli gegnir um til dæmis golf, skíði og tennis. Þar þarf pening, flutning, búnað og þjálfun til að verða mjög góður. Í þriðja lagi eru það áhrifin sem hlaupin hafa á mann. Endorfínið flæðir um líkamann og taktur hreyfingarinnar verður að einhvers konar hugleiðslu. Þegar maður klárar hlaup fær maður á tilfinninguna að maður geti allt og ekkert stoppi mann. Maður getur litið til baka og séð árangurinn svo skýrt, leiðina sem maður hljóp, tíu kílómetrana eða hringinn í kringum hverfið. Þá líður manni eins og sigurvegara.“

ÞEGAR KONUR GERA EITT-HVAÐ VALDEFLANDI FÁ ÞÆR STYRK, HUGREKKI OG AUKNA TRÚ Á SJÁLFAR SIG. ÞAÐ HJÁLPAR ÞEIM AÐ TAKA NÆSTA SKREF ÁFRAM Í LÍFINU.

**Legið dettur ekki úr konum**

Kathrine hefur ekki svörin á reiðum höndum þegar blaðamaður spyr af hverju í ósköpunum það hafi verið svona mikil mótstaða gegn hlaupum kvenna. „Er það ekki skrýtið?“ spyr hún og segist eingöngu geta getið sér til um ástæðurnar. „Ég held að það sé vegna þess að þetta hafði alltaf verið veldi karlanna. Að hlaupa, að svitna og púla. Að gera eitthvað erfitt – því að maraþonhlaup er langt frá því að vera auðvelt. Einnig held ég að það hafi átt að passa konurnar, að þær myndu ekki meiða sig því þær áttu að vera svo viðkvæmar og brothættar. Karlarnir vildu stjórna og vernda. Einhverjir héldu því fram að legið myndi detta úr þeim,“ bætir hún við hlæjandi.

**Hjálpum systrum okkar**

Í dag er öldin önnur. Hlaupasaga kvenna er í raun orðin ansi löng og góð á eingöngu fimmtíu árum. *En þarf að berjast meira? Eru ekki allar konur hlaupandi úti um allar trissur*?

„Jú, hér á Íslandi, þar sem jafnréttið var nú næstum því fundið upp,“ segir Kathrine brosandi. „En mig langar samt að segja við íslenskar konur að þær geta náð miklu meiri árangri en þær halda og biðja þær um að halda áfram veginn. Svo vil ég líka segja þeim að þær eiga fullt af systrum úti um allan heim sem þurfa á hjálp þeirra að halda. Við eigum mikla vinnu fyrir höndum á alþjóðavettvangi, í Mið-Austurlöndum og Afríku til dæmis. Þar er minn fókus þessa dagana.“

Kathrine hefur stofnað sjóð sem ber nafnið 261 Óttalaus en Kathrine var með númerið 261 í fyrsta maraþonhlaupinu. „Sjóðurinn hefur það markmið að efla konur frá þessum svæðum í gegnum hlaup. Þetta eru konur sem fá enga menntun og mega varla fara út úr húsi. Ef þær fá að hlaupa og við náum að efla þær með því þá geta þær kannski breytt innviðum lífs síns. Styrkt stöðu sínu.“

Kathrine hefur verið í Kenía og séð áhrifin af hlaupum þar. „Í Kenía eru konur annars eða þriðja flokks borgarar með gífurlega lítil réttindi. Þær eignast mörg börn, deyja oft ungar og vinna hörðum höndum allt sitt líf án þess að fá viðurkenningu fyrir það. Svo byrjuðu konur að hlaupa í Kenía og þær urðu mjög góðar. Þær fóru að vinna peningaverðlaun, koma með peningana inn í landið og byggja upp skóla og heilsugæslustöðvar. Hinar konurnar litu til þeirra og hugsuðu: „Vá, þetta gerði hún með því að setja annan fótinn fram fyrir hinn.“ Þannig fengu þær virðingu og viðurkenningu og um leið bættu þær samfélagið – stundum geta mjög einfaldir hlutir breytt heilu samfélagi.“

**Er ennþá „óþekk“**

Kathrine þurfti mikinn kjark til að klára Bostonmaraþonið fyrir tæpum fimmtíu árum þegar reynt var stöðva þátttöku hennar. Enn í dag þarf hún að herða upp hugann í verkefnum sínum og blaðamaður spyr hana hvort enn sé verið að hóta því að rassskella hana. Kathrine hlær dátt. „Tja, samkvæmt skilningi þess sem hótaði að rassskella mig á sínum tíma þá er ég örugglega enn þá óþekk,“ segir hún í gamansömum tón. „Nei, án gríns þá myndu örugglega margir frá þessum slóðum, sem ég einbeiti mér að núna, segja að ég væri mjög óþekk. Maðurinn minn er búinn að biðja mig um að vera varkára í þessum verkefnum mínum. En ég hef verið í erfiðum aðstæðum áður og ætla ekki að byrja að missa kjarkinn núna, að nálgast sjötugt.“

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# GÓÐ KAUP

## í Húsasmiðjunni




## SUMARRÝMINGARSALA... MEIRI AFSLÁTTUR

GARÐHÚSGÖGN 35%
REIÐHJÓL 25% - FERÐAVÖRUR 30%
GRILL 30%* - GRILLÁHÖLD 35%*
GARÐLEIKFÖNG 35%

Ath! Vöruúrval getur verið mismunandi milli verslana
* Gildir ekki af grillum og grilláhöldum frá Weber

Broil King
Great Barbecues Every Time

**BARON 320**
3 Ryðfríir brennarar, grillgrind úr pottjárni, grillflötur 2.129 cm²
3000611
KJARA KLÚBBUR
**55.990 kr**
FULLT VERÐ: 79.990




**20% afsláttur**
HARPA SJÖFN
INNI- OG ÚTIMÁLNING




**20% afsláttur**
ALLAR NILFISK
HÁÞRÝSTIDÆLUR

Nilfisk
**HÁÞRÝSTIDÆLA C110**
4-5 X-TRA,
110 Bör - 440L/klst.
5 m slanga og sápubrúsi
5254233
KJARA KLÚBBUR
**14.796 kr**
FULLT VERÐ: 18.495



**40% afsláttur**
CALIBER
VERKFÆRATÖSKUR

| | | | |
|---|---|---|---|
| 15" | 5024497 | 948 kr | ~~1.579~~ |
| 18" | 5024496 | 1.197 kr | ~~1.995~~ |
| 22" | 5024498 | 1.797 kr | ~~2.995~~ |

KJARA KLÚBBUR
**948 kr**
VERÐ FRÁ

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

Electrolux
**ÞVOTTAVÉL EWP 1474TDW**
7 kg, 1400 snúninga, A++
1805658
KJARA KLÚBBUR
**59.900 kr**
FULLT VERÐ: 74.290



**HILLUREKKI**
Solid 50, 150 x 75 x 30 cm
hver hilla ber 50 kg
5803671
**2.495 kr**
FRÁBÆRT VERÐ



## POTTAPLÖNTUÚTSALA BLÓMAVALS 20-50% AFSLÁTTUR

**ÁSTARELDUR**
**799 kr**
FULLT VERÐ: 1.599

**ERIKA**
**1.499 kr**
FYRIR 3 STYKKI

**FRIÐARLILJA**
**1.499 kr**
FULLT VERÐ: 2.149

**ORKIDEA**
**1.990 kr**
FULLT VERÐ: 2.679

**KRÝSI STÓR**
**1.990 kr**
FULLT VERÐ: 4.490





Rósa er ekki mikill aðdáandi hljóðaðferðarinnar svokölluðu. „Ég er svo sem enginn óvinur hennar, mér finnst hún bara léleg aðferð.“ Fréttablaðið/Auðunn

# Það er ekki ráðherrans að velja aðferðir

Rósa Eggertsdóttir er upphafsmaður að þróun byrjendalæsis. Í vikunni birti menntamálastofnun minnisblað þar sem fullyrt var að stefnan hefði ekki skilað árangri nemenda. Rósa segist hafa gögn sem sýni fram á hið andstæða en að menntamálaráðherra hafi ekki leitast eftir þeim gögnum. Hún setur spurningamerki við að ráðherrann skipi fagmönnum hvernig eigi að kenna börnum.

Sveinn Arnarsson

sveinn@frettabladid.is



Frá árinu 1999 hefur Rósa Eggertsdóttir starfað sem sérfræðingur við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri og er upphafsmaður að þróun byrjendalæsis fyrir 1.–2. bekk grunnskóla en sú aðferð hefur verið tekin upp og kennd í um 80 grunnskólum vítt og breitt um landið. Rósa lauk kennaraprófi frá KHÍ árið 1982, BA-prófi í sérkennslufræðum árið 1993 og tveimur árum seinna lauk hún meistaraprófi í menntunarfræðum frá Institute of Education, East Anglia í Cambridge.

Rósa segir það hugsjón sína að takast á við læsi barna og efla lestrarkunnáttu. „Samræða og sköpun með lestur þarf að fá meira vægi. Mér er í sjálfu sér alveg sama hvað þessar stefnur heita. Við þurfum að vinna að því að gera lestur skemmtilegan og áhugaverðan fyrir börn og leyfa þeim að skapa í kringum hann til að öðlast þekkingu og finna sjálf sig.“

## Hljóðaðferðin gamla steingeld

Ástæður þess að Rósa hóf að þróa nýja aðferð við lestrarkennslu voru þær að það kveikir ekki nægilega mikinn áhuga barnanna á lestri bóka. „Hljóðaðferðin er steingeld aðferð að mínu mati. Þar fá börnin einn staf í einu án samhengis og fá ekki vitrænan texta fyrr en eftir dúk og disk, ég er ekkert á móti hljóðaðferðinni, mér finnst hún bara vond aðferð. Við þurfum að huga að lestraránægju barna á sama tíma og læsi barna,“ segir Rósa. „Það er engin áhugakveikja en þekkjandi kennara þykir mér mjög líklegt að þeir sem nota hljóðaðferðina noti helling af öðru kryddi til að bæta námið.“

> VIÐ SEM VINNUM VIÐ ÞETTA HÖFUM YFIRLIT YFIR HVERNIG STRÁKUM OG STELPUM GENGUR OG HÖFUM SKOÐAÐ BYRJENDALÆSI GRÍÐARLEGA MIKIÐ. VIÐ HÖFUM GÖGN SEM SÝNA FRAM Á AÐ BYRJENDALÆSI VIRKAR, OG MIKLU MEIRA EN VIRKAR.

## Hefur ekki haft samband

Í vikunni birti Menntamálastofnun minnisblað þar sem fullyrt var að byrjendalæsisstefnan hefði ekki skilað árangri og að lesskilningi barna, sem kenndur hefur verið lestur með þessari aðferð, hafi beinlínis hrakað. Gagnrýnin felst í því að hún virki ekki, aðferðin sé ekki raunprófuð og það sé vilji ráðherra menntamála að engin kennsluaðferð fari inn í skólana nema sýnt sé fram á það með óyggjandi hætti að hún sé jafn góð eða betri en sú sem fyrir er. Rósa gefur lítið fyrir minnisblaðið og segir miðstöð skólaþróunar við HA mæla árangur nemenda mjög reglulega. „Við sem vinnum við þetta höfum yfirlit yfir hvernig strákum og stelpum gengur og höfum skoðað byrjendalæsi gríðarlega mikið. Við höfum gögn sem sýna fram á að byrjendalæsi virkar, og miklu meira en virkar. Menntamálaráðherra telur vanta gögn sem sýnir fram á þennan árangur en hann hefur ekki talað við okkur eða falast eftir gögnum, “ segir Rósa.

Birna María Svanbjörnsdóttir, forstöðumaður miðstöðvar skólaþróunar, hefur bent á annmarka greiningar Menntamálastofnunar í bréfi sem hún sendi stofnuninni í gær. Þar kemur fram að „sú aðferð sem Menntamálastofnun beitir hefur þann kost að hún er einföld í framkvæmd. Hún hefur hins vegar margvíslega alvarlega galla sem gera ályktanir minnisblaðsins nánast marklausar.“

## Markmið að auka læsi

Meginmarkmið byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Þegar börn hefja nám í 1. bekk eru þau misjafnlega á vegi stödd. Sum þekkja stafi, önnur eru farin að lesa og svo er hópur sem þarf að læra alla stafina og hvernig á að vinna með þá. „Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri og því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld í eina heild,“ segir Rósa.

„Öll þessi ungmenni sem eru að húrrast niður í samræmdu prófunum og PISA-prófum og hvað þau nú heita, öll þessi próf, langflest þeirra hafa lært eftir hljóðaðferðinni. Ég er svo sem enginn óvinur hennar, mér finnst hún bara léleg aðferð. Það er ekki mitt takmark að fella einhverja aðferð, hún verður bara að sanna sig og standa í lappirnar.“

## Rússnesk miðstýring.

Rósa telur það skipta miklu máli að skólastjórnendur og fagfólk innan þeirra veggja sem og fræðslustjórar sveitarfélaga hafi ákveðið frelsi til að móta og þróa þær kennsluaðferðir sem kenndar eru innan veggja skólanna. Þróun skólastarfs sé mikilvægt svo þær haldi lífi.

Hins vegar er hún ánægð með að menntamálaráðherra skuli leggja ofuráherslu á læsi því þar sé pottur brotinn. Það sé hins vegar ekki rétt nálgun ráðherra að ætla sér að leggja á eina kennsluaðferð sem eigi að kenna alls staðar. „Hvers konar land vill hann ef hann ætlar að fara að stjórna því og skipa fólki hvernig það á að stýra skólunum og hvaða aðferðir þeir nota. Þá getum við eins pantað yfir okkur Kína eða Rússland, það er bara svoleiðis,“ segir Rósa. „Það veit enginn hvað vakir fyrir honum en ég trúi ekki að menntamálaráðherra sé einhver sérstakur aðdáandi að „Ási sá sól“ eða „Sísí á ís““.

Þegar við komum að raunprófun aðferðarinnar telur Rósa engar raunprófanir hafa farið fram á neinum kennsluaðferðum í íslenskum grunn-



## Hvað er byrjendalæsi?

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð til kennslu í fyrstu tveimur bekkjum grunnskóla. Alls hafa um 80 skólar af 170 víðs vegar um landið tekið upp aðferðina.

Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði hluti af ferlinu.

Ríkjandi aðferð er svokölluð „hljóðaðferð“, þar sem nemendur læra heiti bókstafanna, hvaða hljóð þeir eiga og hvernig á að tengja hljóð þeirra saman í orð. Nemandi segir hljóð stafanna í orðunum. Það felst í því að nemandinn aðgreinir hljóðin í orðinu til þess að greina hljóm orðsins, og heyri hvaða orð hann er að lesa.

skólum. Sé það vilji ráðherra að kenna aðeins raunprófaðar aðferðir þurfi að loka öllum 170 skólum landsins því aðferðirnar sé ekki að finna. „Það er ekki til ein einasta kennsluaðferð sem hefur verið tekin upp á Íslandi sem hefur verið raunprófuð, hvorki mér vitandi eða kollega minna sem ég hef talað mikið við. Ég veit ekki úr hvaða horni hann er að tala.“

**Lestur á að vera skemmtilegur**

„Ég horfi ekki á þetta þannig að verið sé að skapa kerfi sem ætti að taka yfir alla lestrarkennslu í skólum. Ég ákvað að reyna að finna vinnubrögð sem ekki væru síðri en þau fyrri og væru skemmtileg og athafnamiðuð fyrir börn.“

Byrjendalæsi hefur verið í þróun í um tíu ár núna og er kennd í um 80 grunnskólum landsins. Nái stefna menntamálaráðherra í gegn mun byrjendalæsi víkja fyrir öðrum aðferðum. „Ég veit ekki hvort eigi að lýsa þessu sem árás á byrjendalæsi en ef ráðherra ætlar að segja áttatíu skólum að þeir hafi tekið ranga ákvörðun og að þeir eigi að taka aðra ákvörðun þá held ég að hann sé alfyrsti ráðherrann sem ætlar að reyna að skipa skólum og fagmönnum hvernig eigi að kenna börnum. Ég veit ekki hvort hann hefur bæði umboð til þess eða nægilega góða ráðgjöf. Finnst hún hafa verið einsleit sú ráðgjöf hingað til.“

**Þarf að bæta læsi**

Það dylst engum að læsi barna þarf að efla og lestraránægja barna verður að vera til staðar svo þau haldi sér að bókmenntum. Í hröðum heimi tækninnar drýpur afþreying fyrir börn af hverju strái. Rósa er sannfærð um að lestrarkennsla á miðstigi og efsta stigi þurfi að efla. „Ég held að það væri miklu nær fyrir okkar ágæta ráðherra að einbeita sér að því að styðja við læsiskennslu á miðstigi og efsta stigi því ég er nokkuð viss um að krökkum er ekki kenndur lestur þar, heldur látin lesa meira, sem er allt annað,“ segir Rósa.

## Viðbrögð vegna minnisblaðs Menntamálastofnunar um lélegan árangur byrjendalæsis

**Þetta mál auðvitað sýnir okkur það að þegar kemur að svona grundvallarfögum, til dæmis læsi, sem við vitum að skiptir öllu máli að krakkarnir okkar nái tökum á, þá held ég að við þurfum að gera þá kröfu að menn hafi mjög sterkar vísbendingar um það að viðkomandi aðferðafræði skili árangri áður en hún er innleidd í stóran hluta skólanna í okkar skólakerfi.**

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra



**Mig langar að heyra fræðilegar skýringar Háskólans á Akureyri. Hvort þetta geti staðist. Ef þetta er staðreyndin, að þessir skólar eru þetta lægri, þá verðum við að rýna í það hvað er að klikka. Er þetta hreinlega skandall eða þarf að lesa betur í niðurstöður?**

Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri Akureyrarkaupstaðar



**Ég er ekki að segja að byrjendalæsi valdi þessu falli. Við erum að segja að við hefðum ætlað að byrjendalæsi skilaði sér í bættum árangri nemenda í lestri og það virðist ekki vera. Það geta verið aðrir þættir sem hafa áhrif á þetta fall almennt. Þessi samanburður sem við leggjum áherslu á er samanburður áður en þeir hafa verið í byrjendalæsi og síðan eftir fjögur ár í byrjendalæsi. Það er ekkert einhlítt.**

Arnór Guðmundsson, forstöðumaður Menntamálastofnunar



**Þjóðarsáttmála um læsi verður ýtt úr vör á mánudaginn. Til þess að slíkt átak geti staðið undir nafni er mikilvægt að öll sú sérfræðiþekking sem til er í landinu sé notuð á jákvæðan og uppbyggjandi hátt til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. Miðstöð skólaþróunar telur vinnubrögð Menntamálastofnunar ekki í þessum anda.**

Birna María Sveinbjörnsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar Skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.




15-1716 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




Helga Vala Helgadóttir


Sóley Elíasdóttir


Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir

# Villingarnir eru oft mestu snillingarnir


Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is




Leikkonurnar **Steinunn, Helga og Sóley** ventu kvæði sínu í kross og hófu nýjan feril, hver á sínu sviði. Þær eru sammála um að verk- og listnám nýtist vel á vinnumarkaði. Þeim finnst áhersla á bóknám barn síns tíma.

## Helga Vala Helgadóttir lögmaður

Verk- og listnámi mætti alveg gera hærra undir höfði,“ segir Helga Vala Helgadóttir lögmaður. Helga Vala var í MH þegar hún komst inn í Leiklistarskólann, sem nú er Listaháskólinn. „Það er í raun afar sérstakt viðhorf hjá okkur að líta á stúdentspróf sem grunn fyrir allt framhaldsnám því þar eru margar greinar sem nýtast lítið sem ekkert þeim sem ætla sér í list- og verknám. Betur færi á að setja fleiri praktískar greinar inn í verknámið, svo sem tungumál, lífsleikni, og heimspeki til að efla gagnrýna hugsun,“ útskýrir Helga Vala sem kláraði ekki MH. „Ég hugsaði að leiklistin væri framtíðin og kláraði því ekki þau örfáu próf sem ég átti eftir í MH þetta vorið. Ég lauk Leiklistarskólanum vorið 1998 og lék hérlendis og í Bretlandi í tvö ár. Þá datt ég fyrir algjöra tilviljun inn í fjölmiðla og fékk fjölmiðlabakteríu mikla. Þar kynntist ég lögfræðinni af umfjöllun minni um mannúðarmál og stjórnmál, en lögfræðin var eitthvað sem ég hélt áður að væri fyrir annað fólk, svona fólk í jakkafötum,“ heldur hún áfram. Helga Vala sótti um inngöngu í HR, „með mitt háskólapróf úr Leiklistarskólanum sem og reynslu úr fjölmiðlum og komst inn, enn án stúdentsprófsins.“ Hún lauk laganámi, BA og svo master og hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá þeim degi. Helga Vala segir það algjöra tilviljun að hún hafi hætt að leika. „Þegar ég kom heim frá Bretlandi eftir að hafa leikið þar var ég ófrísk og sá ekki fram á að fara á svið. Sótti um starf á Bylgjunni og var komin í útsendingu síðar sama dag.“ Námið mitt og reynslan nýtast mér í mínu starfi enda er það að geta sett sig í spor annarra mikilvægur þáttur í leikhúsinu og dómhúsinu. Svo er ekki verra í málflutningi að geta látið heyrast í sér.“

> SVO ER EKKI VERRA Í MÁLFLUTNINGI AÐ GETA LÁTIÐ HEYRA Í SÉR.

## Sóley Elíasdóttir eigandi Sóley Organics

Leiklistarbakterían var einhvern veginn alltaf í mér,“ segir Sóley Elíasdóttir, sem hætti námi í menntaskólanum Flensborg til þess að læra leiklist í London. „Ég var átján ára þegar ég fór út. Ég fílaði ekki þetta hefðbundna nám.“ Sóley segir að henni hafi legið mikið á. „Ég er blússandi ofvirk. Ég gat samt alveg lært og svona. Ég bara nennti því ekki og ákvað að fara í leiklistarnám strax.“ Sóley starfaði sem leikkona um nokkurt skeið, en söðlaði um og stofnaði eigið snyrtivörumerki. „Málið er að mitt nám hefur hjálpað mér mjög mikið í snyrtivörubransanum, sem snýst að miklu leyti um samskipti við fólk. Ég held að margar atvinnugreinar snúist um það. Mér finnst sú hugmynd að það eigi ein algild regla að vera um hvernig námi skuli háttað algjörlega fáránleg. Ef maður er ógeðslega góður að smíða, af hverju má maður þá ekki bara smíða? Ef þú ert lélegur í stærðfræði, af hverju er verið að pína þig? Það er dálítið eins og þegar höndin á örvhentu fólki var bundin fyrir aftan bak, svo þeir lærðu að skrifa með þeirri hægri.“ Hún segir að börn eigi að fá að blómstra. „Ef við viljum byggja upp réttlátt og fallegt samfélag, viljum við þá ekki hafa fólk sjálfsöruggt og ýta undir styrkleika þess? Þá held ég að samfélagið verði miklu sterkara. Þessir villingar sem voru þegar ég var í barnaskóla og unglingadeild voru flestir einhverjir snillingar í myndlist, eða einhverju, en fengu ekki að njóta sín eða rækta hæfileika sína í skólakerfinu okkar.“

> EF ÞÚ ERT LÉLEGUR Í STÆRÐFRÆÐI, AF HVERJU ER VERIÐ AÐ PÍNA ÞIG?

## Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir ritstjóri

**Það yrði** mörgum til gæfu ef þeir fengju aðgang að verk- og listnámi í stað skruddulesturs,“ segir Steinunn Ólína, sem hætti í menntaskóla og fór í leiklistarnám til Bretlands 17 ára. Þaðan lauk Steinunn námi **tvítug.** „**Það** skiptir sköpum að fá að hefja listnám þegar maður er reiðubúinn. Sjáðu leiklistarskólann – sem útskrifar bara karla og kerlingar. Mér finnst ótækt að hafa listnám eingöngu á háskólastigi.“

Steinunn Ólína átti farsælan feril sem leikkona. „Mig langaði að skrifa og víkka sjóndeildarhringinn. Leikhúslífið á Íslandi er krefjandi og var að mínu mati ekki bara lengur nógu æsandi fyrir mig. Mér fannst einfaldlega ekki gaman í vinnunni lengur. Ég reyndar byrjaði aftur að leika mér til skemmtunar og lék í tveimur sjónvarpsseríum sem fumsýndar verða í haust. Það var gaman.“

Í dag er Steinunn ritstýra, rekur vefverslanir og atast í markaðsmálum. „Leiklistarnám nýtist mér á fleiri en eina vegu. Leiklist snýst meðal annars um samskipti fólks og samskipti eru mitt áhugamál, ef svo má að orði komast. Ég er lítið í að sálgreina fólk en persónur leikbókmenntanna ganga aftur í samfélaginu og viðfangsefni góðra leikritahöfunda spegla samfélagið.“

Hún segir verkmenntaskólana eiga að ráða sér almennilega PR-fulltrúa. „Það er óskiljanlegt að verknám sé ekki eftirsóttara, eins og það er merkilegt að geta unnið með höndunum. Fólk sem hefur verknám að baki þarf ekki að kvíða atvinnuleysi.“ Hún segist samt ekki eiga von á róttækum breytingum í náinni framtíð. „Við erum með tilkomulítinn menntamálaráðherra sem er ekki líklegur til að breyta skólakerfinu á þann dramatíska hátt sem þyrfti.“

> ÓSKILJANLEGT AÐ VERKNÁM SÉ EKKI EFTIRSÓTTARA.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**Súpa fyrir 16 þúsund manns**
**Dóra Svavarsdóttir fær hóp af sjálfboðaliðum í lið með sér til að elda 1.600 lítra af grænmetissúpu sem búin verður til úr grænmeti sem annars hefði lent í ruslinu.**
**SÍÐA 4**



**TÓNSKÁLD OG KIRKJUVÖRÐUR** Hreiðar Ingi er tónskáld en starfar meðfram sem kirkjuvörður í Hallgrímskirkju og nýtur þess að hrærast í menningarlífinu þar. MYND/ANTON

# MESSA FRUMFLUTT Í VATÍKANINU

**NÓG AÐ GERA** *Hreiðar Ingi Þorsteinsson tónskáld hefur mörg járn í eldinum. Hann semur messu sem verður frumflutt í Vatíkaninu, var að opna heimasíðu með verkum sínum og gegnir stöðu kirkjuvarðar í Hallgrímskirkju meðfram.*

Hreiðar Ingi, tónskáld og kirkjuvörður í Hallgrímskirkju, hefur í mörg horn að líta enda stendur kirkjulistahátíð yfir í kirkjunni með tilheyrandi umsvifum. „Ég er í hálfu starfi sem kirkjuvörður því þó ég væri mikið til í að vera bara í því að skrifa tónlist þá er það ekki í boði eins og er. Og það er frábært að vera í Hallgrímskirkju. Þar er mikið menningarlíf sem er gaman að fá að lifa og hrærast í. Ég skrifa ekki bara kirkjutónlist en mikið af því sem ég skrifa tengist kirkjunni og svo hef ég sungið með kórunum, til dæmis erum við í Scola cantorum að flytja verk eftir John Speight, sem er afskaplega fallegt, á lokatónleikum kirkjulistahátíðarinnar á morgun. Það fer vel saman að vera tónskáld og kirkjuvörður."

**TUTTUGU KÓRVERK OG NÝ HEIMASÍÐA**

Hreiðar situr heldur ekki auðum höndum þegar kirkjuvarðarstarfinu sleppir. Hann var að ljúka við að ganga frá tuttugu kórverkum sínum til útgáfu sem verða aðgengileg á nýjum vef Tónverkamiðstöðvar sem verður opnaður í haust. Hann var einnig að opna heimasíðuna hreidaringi.com sem hefur verið í bígerð um tíma, enda nauðsynlegt fyrir tónskáld sem er að hasla sér völl að eiga sér samastað á netinu, en undanfarin ár hefur Hreiðar verið að kynna og flytja verkin sín bæði hérlendis og erlendis. Og nú finnst honum hann loksins vera búinn að þróa sinn eigin stíl.

„Þegar ég kom heim úr námi í tónsmíðum í Eistlandi 2011 var ég eins og undin tuska. Ég var búinn að læra að semja tónlist undir áhrifum frá öllum mögulegum og ómögulegum tónlistarmönnum og eftir alls konar stíl og var kominn með alls kyns tól og tæki í hendurnar. Og ég var alveg uppgefinn og vissi ekkert í hvaða átt ég átti að snúa. Svo ég spurði sjálfan mig: þarf ég öll þessi tól og tæki? Eða er nóg fyrir mig að hafa bara skrúfjárn og skiptilykil? Í framhaldi af því nýtti ég heilt ár í að skoða það sem ég var búinn að læra, ákvað að nota eitt og henda öðru og einbeita mér að því að þróa minn eigin stíl. Ég kalla hann Skálholtstæknina því fyrsta ▸


Nú bjóðum við 20% afslátt af Roseberry, ProStaminus og Bellavista í öllum verslunum okkar.

20% afsláttur




Heilsuhúsið
Apótekið – einfalt og ódýrt
LYFJA – Lifið heil

## Stjórnar át- og þyngdarvandi lífi þínu?

Opinn kynningarfundur MFM verður haldinn mánudaginn 31.08.15. kl. 17 í Brautarholti 4a.

**5 vikna námskeið fyrir þá sem vilja ná tökum á sykur/matarfíkn hefjast:** 04.09.15, 02.10.15 og 13.11.15.

**8 vikna námskeið fyrir framhalds- og endurkomufólk hefjast:** 01. og 02.09.15.

Helgardvalarnámskeið fyrir framhalds- og endurkomufólk verður haldið í Hlíðardalsseti, Ölfusi, 05.-08.11.15.

Brautarholt 4a, 105, Reykjavík



Esther H. Guðmundsdóttir MSc

MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana

Allar nánari upplýsingar í síma 568-3868 eða matarfikn@matarfikn.is



Útsölustaðir: flest apótek og heilsubúðir

Við óskum öllum hlaupurum góðs gengis

Uppblásið fótabað ásamt magnesíum flögum frá Better You. Frábært fyrir íþróttafólk, fólk sem stendur allan daginn, mömmur og pabba, ömmur og afa, þá sem ferðast mikið og þá sem glíma við fótapirring, þreytu eða streitu.




Fótabað + magnesíumflögur

Frábært fyrir þreytta fætur!

www.gengurvel.is



**HREIDARINGI.COM** Tuttugu kórverk eftir Hreiðar Inga koma út hjá Tónverkamiðstöð á næstunni og heimasíðan hreidaringi.com er nýkomin í loftið. MYND/ANTON

verkið sem ég skrifaði í þessum stíl var einmitt fyrir Sumartónleika í Skálholti árið 2013. Þar er ég að vinna með að sameina íslensk og baltnesk áhrif en ég heyri svipaðan tón í þjóðlögum frá þessum svæðum.“

Skálholtstæknin á sér einnig dýpri rætur því segja má að tónskáldið Hreiðar Ingi hafi orðið til í Skálholti. „Ég ólst upp rétt hjá Skálholti, nánar tiltekið í Laugarási, sem unglingur. Á meðan aðrir voru að hlusta á Nirvana var ég að hlusta á H-moll messu Bachs.

**KYNNTI PALLA OG MONIKU**

Hreiðar hefur samið fjölmörg falleg lög um dagana og eitt af þeim varð til þess að gefa Íslendingum einn vinsælasta og ástsælasta dúett landsins. „Það var á tónleikum sem ég hélt fyrir löngu síðan að ég kynnti Pál Óskar fyrir Moniku Abendroth hörpuleikara. Það var strax svo falleg orka á milli þeirra, mjög sérstök. Ég hitti þau svo nokkru síðar og spilaði lag, sem heitir Harpan, fyrir Palla, lag sem ég hafði eiginlega samið með þau tvö í huga. Og hann heillaðist alveg og sagði bara: þetta er málið! Platan Ef ég sofna ekki í nótt var svo tilbúin nokkru síðar. Hreiðar samdi frumsömdu lögin á plötunni og útsetti hin og sú var líka raunin á jólaplötunni, Ljósin heima, en þar á hann einnig titillagið. „Þetta var æðislegur tími. Palli gaf okkur svo mikið sem vorum að finna okkur sjálf á unglingsárunum. Hann er svo óhræddur við að vera hann sjálfur, svo falleg og einlæg sál og náttúrlega svo frábær og fjölhæfur söngvari. Mér fannst gaman að geta gefið honum eitthvað til baka.“

**ÓSKANDI AÐ PÁFINN MÆTI**

Nú er Hreiðar að skrifa kórverk sem á hug hans allan, messu sem verður frumflutt á ekki ómerkari stað en í Vatíkaninu. „Margrét Pálmadóttir kórstjóri kom að máli við mig fyrir rúmu ári og bað mig að skrifa messu fyrir kórinn. Þær hafa sungið verk eftir mig sem þær halda mikið upp á og langaði í stærra verk. Ég var mjög til í það enda gaman að vinna með Margréti og ekki skemmdi fyrir þegar hún sagði mér hvar verkið yrði frumflutt. Ég veit ekki hvernig Magga fékk þetta í gegn en þetta verður. Og ég veit ekki hvort páfinn verður þarna en það væri óskandi.“ Hreiðar fékk listamannalaun í þrjá mánuði til að semja verkið og notaði tækifærið og dvaldi hjá kærastanum sínum, lækni sem býr og starfar erlendis. „Hann er jafn ástríðufullur í sínu og ég í mínu og það hentar okkur ljómandi vel að vera í fjarsambandi, eins og stendur allavega. Við reynum að láta ekki líða of langt á milli þess að við hittumst og njótum þess að vera saman þegar það er í boði.“

Kynni þeirra bar að með skemmtilegum hætti. „Hann var á ferðalagi um landið í fyrrasumar og varð fyrir því óhappi að missa myndavélina sína í sjóinn á Húsavík. Hann hafði byrjað ferðina í Reykjavík og tekið fullt af myndum þannig að síðasta kvöldið, sem hann hafði annars ætlað að nota til að slappa af á hótelinu, fór hann út að taka myndir af Reykjavík í staðinn fyrir þær sem týndust. Hann fékk sér svo bjór á Bravó þar sem ég var með vini mínum, við buðum honum að setjast og eitt leiddi af öðru. Ef hann hefði ekki misst myndavélina sína í sjóinn er ekkert víst að neitt af þessu hefði gerst.“ Hann segir sambúð ekki standa til eins og er. „En ef allt gengur vel getur meira en verið að ég hugsi mér til hreyfings á næsta ári.“

**TAKMARKIÐ AÐ FÓLK ÞEKKI STÍLINN**

Hreiðar Ingi hefur ekki spreytt sig mikið á dægurtónlist en segir allt opið í þeim efnum. „Ég þurfti að finna ákveðinn kjarna, það sem var satt fyrir mig í tónsmíðunum og ég er vonandi á góðri leið með það. Og þá skiptir ekki svo miklu máli hvernig tónlist ég sem út frá þeim kjarna, kirkjutónlist eða dægurlag sem næði í Vatíkan dægurlaganna, Eurovision. Takmarkið er að fólk heyri ákveðin hljómasambönd og viti strax, þetta er Hreiðar Ingi! Og þá skiptir ekki máli hvort það er í Vatíkaninu eða Eurovision. Ég vona að það verði einhvern tíma í Eurovision.“ ■ brynhildur@365.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana.
Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429










LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

Opið 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

# LÍTIÐ SKRÍTIÐ OG KRÚTTLEGT

**ARKITEKTÚR ÚR ÖLLUM ÁTTUM** *Ferðamannaþorpið Portmeirion í Wales er æði sérstakt en það var hannað af sérvitrum arkitekt á árunum 1925 til 1975.*

Hugmyndasmiður Portmeirion var arkitektinn sir Clough Williams-Ellis sem fæddist 1883. Hann var farsæll en því sem næst sjálflærður arkitekt. Honum líkaði ekki nýtistefna tuttugustu aldarinnar og vildi endurskapa og nýta eldri arkitektúr. Árið 1925 keypti hann landskika við jaðar Snowdonia-þjóðgarðsins og hóf að sanna mál sitt með því að byggja hús í fallegum brekkum sem lágu niður að Dwyryd-árósnum í norðurhluta Wales. Hann nefndi þorpið Portmeirion sem er samsett úr orðunum Port (höfn) og Merionethshire sem er ein af þrettán sýslum Wales.

Á landinu stóð höfðingjasetur sem breytt var í hótel en það var ávallt meining Williams-Ellis að Portmeirion yrði áfangastaður ferðamanna. Nokkur hús til viðbótar voru þar fyrir, aðallega skemmur og gripahús, sem Williams-Ellis skreytti á litríkan hátt.

Stærsta hluta þorpsins byggði arkitektinn þó frá grunni, reyndar oft úr efniviði úr eldri byggingum. Eftir seinni heimsstyrjöldina varð stór hluti af þjóðlegum arkitektúr nútímavæðingunni að bráð. Williams-Ellis fékk efni úr nokkrum byggingum og notaði í byggingar sínar í Portmeirion. Byggingarstílarnir eru því margir, frá gotneskum til norrænna. Húsin eru bleik og rauð, græn og gul og sérhvert þak er ólíkt því næsta.

Í dag á góðgerðarsjóður þorpið og langflestar byggingarnar hýsa hótelherbergi og gistirými auk þess sem þar er að finna verslanir, kaffihús og veitingastaði. Þeir sem vilja heimsækja þorpið þurfa að borga aðgangseyri.

Nánari upplýsingar má finna á www.portmeirion-village.com

**TÚRISMI**
Í dag á góðgerðarsjóður þorpið og langflestar byggingarnar hýsa hótelherbergi, verslanir, kaffihús og veitingastaði.


**SKRÍTIÐ OG SKEMMTILEGT** Byggingarstílarnir eru margvíslegir.


**FERÐAMANNAÞORP** Flestar byggingarnar eru hótel og gistihús.


**FJÖLBREYTT** Ýmsar litfagrar styttur prýða götur og hús bæjarins.






**Fylltu á rafbílinn með Orku náttúrunnar**

Nú liggur straumurinn í rafbílana og þess vegna hefur Orka náttúrunnar opnað **10 hraðhleðslustöðvar** fyrir rafbíla á rúmu ári. Þannig leggjum við hinni hljóðlátu samgöngubyltingu lið og stuðlum að vistvænum samgöngum.

Kynntu þér staðsetningu hraðhleðslustöðvanna og kosti rafbíla á heimasíðu okkar **on.is**

**ORKA NÁTTÚRUNNAR** · Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn um allt land og sér höfuðborgarbúum fyrir heitu vatni. Við nýtum auðlindir af ábyrgð til að bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

ORKA NÁTTÚRUNNAR






**MIKIÐ MAGN** Líklega þarf um 700 til 800 kíló af grænmeti til að búa til súpu fyrir 16 þúsund manns.

**Viltu vera með í góðum kór og skemmtilegum félagsskap?**

SAMKÓR KÓPAVOGS
STOFNAÐUR 1966

**Samkór Kópavogs**
**getur bætt við sig góðu söngfólki,**
sérstaklega karlmönnum í tenor og bassa og ungum kvennröddum.
Öflugt starf framundan en kórinn heldur upp á 50 ára afmæli sitt
á næsta ári m.a. með söngferð á Íslendingaslóðir í Kanada

**Stjórnandi kórsins er Friðrik S. Kristinsson**



Nánari upplýsingar gefur Birna í síma 692-4133 og Konráð í síma 862-1661
Netfang: **samkor@samkor.is**
Veffang: **www.samkor.is**

# ELDAR SÚPU FYRIR 16 ÞÚSUND MANNS

**MATARSÓUN** *Dóra Svavarsdóttir kokkur hóar saman vinum, vandamönnum og fleiri sjálfboðaliðum um helgina til að saxa grænmeti í súpu sem þarf að duga fyrir sextán þúsund manns. Súpan er úr hráefni sem annars hefði endað í ruslinu.*

„Við ætlum að bjóða öllum gestum matarmarkaðar Hörpu, sem haldinn verður helgina 29. og 30. ágúst, upp á grænmetissúpu. Súpan verður búin til úr grænmeti sem annars færi í ruslið af einhverjum ástæðum og þarf að duga fyrir um sextán þúsund manns,“ segir Dóra Svavarsdóttir, kokkur hjá Culina veitingum, en viðburðurinn er á vegum Slow food-samtakanna.

**ELDA ÚR „RUSLI“**

Dóra og samstarfsfólk hennar hefur safnað að sér grænmeti úr ýmsum áttum, frá verslunum og heildsölum. „Nú er uppskerutími og sumt grænmeti þykir ekki nógu fallegt, af sumu er til of mikið og enn annað er búið að liggja í búðum í einhvern tíma og orðið lint. Við erum alls ekki að elda úr skemmdum mat heldur því sem hlýtur ekki náð í biluðu útlitsdýrkunar neyslusamfélagi samtímans,“ segir hún glettin.

Magnið sem þarf til að fæða sextán þúsund manns er ekki lítið. „Við gerum ráð fyrir að þurfa um 1.600 lítra af súpu og líklega þarf um 700 eða 800 kíló af grænmeti í hana,“ segir Dóra, sem ætlar þó ekki að saxa grænmetið ein. „Ég verð með svokallaða diskósúpu um helgina. Þá koma til mín í eldhúsið vinir, vandamenn og aðrir sjálfboðaliðar, spila góða tónlist, elda mat og hafa gaman saman,“ útskýrir Dóra. Afraksturinn verður síðan frystur og geymdur fram að næstu helgi.

Allir gestir matarmarkaðarins geta fengið að smakka súpuna sem Dóra lofar að verði dásamleg. „Enda er hráefnið gott þó búið sé að afneita því einhverra hluta vegna.“

**MIKILVÆGT UMHVERFISMÁL**

En hver er tilgangurinn með þessum gjörningi? „Tilgangurinn er að gera lýðum ljóst hvað við erum að henda brjálæðislega miklu magni af nýtanlegum mat. Við notum eingöngu mat sem á að henda og þar af leiðandi skilgreindur „ónýtur“ en með viljann að vopni, gleði og hamingju ætlum við að búa til mat handa 16 þúsund manns. Ef það sýnir ekki hvað þetta er sturlað magn sem við erum að henda og hvað við nauðsynlega þurfum að stíga inn í þetta alls staðar í kerfinu, neytendur, við í veitingageiranum, söluaðilar og framleiðsluaðilar. Öll keðjan þarf að taka höndum saman og hugsa sinn gang,“ segir Dóra og ljóst að matarsóun er henni mikið hjartans mál.

Dóra hefur tekið þátt í Zero waste-verkefni Landverndar, Vakanda og Kvenfélagasambandsins. „Ég var til dæmis allan fyrravetur að halda námskeið fyrir einstaklinga um hvernig þeir geti nýtt betur það sem til er í ísskápnum. Það er ekki bara brjálæðislega gott fyrir buddduna heldur umhverfið líka.“

Dóra telur matarsóun eitt af stóru umhverfismálum samtímans. „Fyrir mér er bónus að spara pening með því að nýta betur. Aðalmálið er hins vegar að ganga betur um matinn sem er framleiddur. Þegar þú hendir banana, ertu ekki aðeins að henda banananum og orkunni sem hann gefur heldur líka öllu bensíninu og olíunni sem fór í að flytja hann heimsálfa á milli, orkunni sem fór í að kæla hann, keyra hann og svo framvegis.“

Dóra býður alla velkomna á matarmarkaðinn í Hörpu um næstu helgi og hlakkar til að leyfa öllum að smakka hina ljúffengu súpu.

solveig@365.is



**SÚPA** Ilmandi súpa með kryddjurtum.



**DÓRA SVAVARSDÓTTIR KOKKUR**






Bio-Kult®
For healthy digestive and immune systems
Probiotic multi-strain formula
60 capsules






NEW NORDIC
Active Liver™
Lever funktion
Nedbrydelse af fedt
Marietidsel, artisjokk og gurkemeje rot
FREMSTILLET I SVERIGE
natural active ingredients
DAGLIG TABLET TIL LEVEREN
Kun en tablet daglig
Støtter lever-galde-funktionen
Til 30 dage
Kosttilskudd
30 tabletter

habitat

TEKK COMPANY

KAUPTÚNI 3 | SÍMI 564 4400 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

ÚTSALA! ÚTSALA!

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

20–70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

LINDIR

20-70 % af öllum vörum frá HABITAT !!!

20-40 % af öllu frá ETHNICRAFT !!!

20-60 % af öllum vörum frá UMBRA !!!

20-50 % af öllu frá HOUSEDOCTOR !!!

VERSLUNIN FLYTUR!
Um næstu mánaðamót flytjum við í Lindir, Kópavogi.
Hlökkum til að sjá þig í nýju versluninni.

KAUPTÚN

Opið
mánudaga–laugardaga kl. 11-18
sunnudaga kl. 13-18

Allt það besta hjá 365

ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365



**HVETJA HLAUPARA ÁFRAM** Fjölskylda Péturs stendur fyrir miklu húllumhæi ásamt nágrönnum sínum á Lynghaganum í dag þegar Reykjavíkurmaraþonið fer fram. Íbúar safnast út á stétt og fagna hlaupurunum með hljóðfærum, pottum og pönnum. MYND/PÉTUR

# EINS OG VEL HEPPNUÐ HVERFISHÁTÍÐ

**MARAÞON** *Sérstök stemming einkennir jafnan Lynghagann þegar Reykjavíkurmaraþonið brestur á. Íbúar götunnar hópast út á stétt og hvetja hlauparana áfram með hljóðfærum, pottum og pönnum. Stemmingin er eins og á hverfishátíð.*

Ég tók þátt í Reykjavíkurmaraþoninu á níunda og tíunda áratugnum en síðan bilaði hnéð. Ég þekki það því af eigin raun hve gaman það er að fá hvatningu í erfiðu hlaupi. Það er hins vegar lítil hefð hjá Íslendingum fyrir því að mæta út á götu og hvetja hlaupara," segir Pétur Pétursson, íbúi á Lynghaga, en hann stendur árlega fyrir miklu húllumhæi ásamt nágrönnum sínum þegar þátttakendur Reykjavíkurmaraþons hlaupa eftir götunni.

Fjölskylda Péturs flutti á Lynghagann árið 2001 og síðustu tíu ár hefur sú hefð skapast að einhver úr fjölskyldunni gengur með dreifibréf um götuna kvöldið fyrir hlaupið, bankar upp á og minnir nágrannana á að færa bíla úr götunni og hvetur þá til að taka þátt í að búa til hressilega stemmingu fyrir hlauparana.

Lynghaginn er fyrsta íbúagatan sem Reykjavíkurmaraþonið fer um, rétt um 1,5 kílómetrar frá upphafslínu. Hópur hlaupara er því stór og þéttur þegar hann hleypur eftir götunni og stemmingin eftir því. Pétur segir fjölda íbúa sem taka þátt vaxa með hverju árinu.

„Stemmingin er farin að minna á vel heppnaða hverfishátíð. Fólk fer út með potta og pönnur, hrossabresti, hljómflutningstæki og hljóðfæri og úr þessu verður falleg kakófónía sem gleður hlauparana," segir Pétur og bætir við að uppákoman gleðji íbúa götunnar ekki síður.

„Þetta styrkir samkenndina í götunni og Lynghaginn er löngu orðinn þekktur fyrir stemminguna meðan á maraþoninu stendur. Á milli hlaupahópa ræða nágrannar saman, fá sér kaffi og stilla saman strengi fyrir næstu umferð. Fólk úr nærliggjandi götum mætir gjarnan til að taka þátt í fjörinu með okkur. Hlaupararnir eru þakklátir fyrir stuðninginn og sumir stoppa jafnvel til að taka myndir. Einn hlaupara sá ég hlaupa á ljósastaur beinlínis í framhaldi af hvatningunni."

Pétur tekur ekki lengur sjálfur þátt í hlaupinu en spennan fyrir deginum er ekki minni fyrir það.

„Þetta árið hleypur konan mín og yngri sonur minn. Við hin stöndum úti á tröppum og hvetjum."

■ heida@365.is



**KLAPPLIÐIÐ** Pétur segir það hafa mikla þýðingu fyrir hlauparana að fá hraustlega hvatningu af hliðarlínunni.



**HVATAMAÐUR** Pétur Pétursson þekkir það af eigin raun hversu gott er að fá hvatningu í erfiðu hlaupi. Sjálfur hljóp hann maraþon þar til meiðsli í hné stöðvuðu hann. MYND/ANTON

## VANTAR ÞIG VINNU?

## NEED WORK?

WE SEEK TO HIRE CHEFS AND KITCHEN HELP.
EXPERIENCE IN ASIAN COOKING IS PREFERRED.

If you are interested please send us an email to nings@nings.is or apply through our web site www.nings.is/atvinna

NINGS ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA SENDLA, FÓLK Í AFGREIÐSLU OG Í ELDHÚS. FULL STÖRF OG AUKASTÖRF Í BOÐI.

Áhugasamir hafi samband með því að senda póst á netfangið nings@nings.is eða leggi inn umsókn á www.nings.is/atvinna

NINGS

## SÖLUMAÐUR - FULLT STARF

**Við leitum að hressum og drífandi einstaklingi sem hefur ánægju af mannlegum samskiptum og góða þjónustulund. Starfið felur í sér sölustörf og ráðgjöf til viðskiptavina ásamt uppstillingu á vörum í versluninni.**

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Reynsla af verslunarstörfum
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnu
- Áhugi á sölumennsku
- Þolinmæði, stundvísi og skipulagshæfileikar
- Almenn tölvukunnátta

Umsóknir um starfið sendist ásamt ferilskrá á tölvupósti:
hlodver@ef.is
Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2015

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is
*Reyklaus vinnustaður!*

## Stóra tækifærið þitt?

**Við leitum að öflugum forriturum sem eru búnir að sanna sig í faginu og langar í betri störf.**

- .NET hugbúnaðarþróun
- Java hugbúnaðarþróun
- Reyndir forritarar - hugbúnaðarsérfræðingar
- AX hugbúnaðarþróun / ráðgjöf
- NAV hugbúnaðarþróun / ráðgjöf

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

# Hagstofa Íslands

leitar eftir lykilstarfsmanni




## Deildarstjóri upplýsingatækni og miðlunar

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann til að stjórna upplýsingatækni- og miðlunardeild Hagstofu Íslands. Hlutverk deildarinnar er að annast vefi, tölvukerfi og hugbúnað Hagstofunnar og sinnir rekstri og þróun á því sviði. Deildin sér einnig um miðlun og upplýsingagjöf. Deildarstjórinn stýrir deildinni og skipuleggur verkefni hennar. Í því felst að verkstýra og veita forystu við rekstur á tölvukerfum, miðlun og útgáfum. Deildarstjóri hefur yfirumsjón með kerfisgerð og uppbyggingu, er í faglegu forsvari verkefna, sér um samskipti við aðrar einingar Hagstofunnar ásamt því að sinna alþjóðlegum samskiptum.

**HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Stjórnunarfærni
- Marktæk starfsreynsla í upplýsingatækni, til dæmis í hugbúnaðagerð, vefforritun eða rekstri tölvukerfa
- Reynsla af áætlanagerð
- Reynsla af gæða- og öryggismálum er kostur
- Framúrskarandi samskipta- og skipulagsfærni
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi
- Jákvæðni, þjónustulund og heiðarleiki

**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2015** og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir og Elsa Björk Knútsdóttir, sviðsstjóri Rekstrarsviðs í síma 528 1000.

*Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.*
*Nánari upplýsingar má finna á* ***www.hagstofa.is***

Hagstofa Íslands
Hagstofa Íslands · Borgartúni 21a · 150 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099 · Vefur: www.hagstofa.is

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Póstáritun Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík
Netfang *starfsumsokn@hagstofa.is*

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Störf á heimili í Reykjavík

**Félagsliðar og stuðningsfulltrúar** óskast til starfa á heimili félagsins í Langagerði. Um er að ræða vaktavinnu daga, kvöld og helgar í fullu eða hlutastarfi auk næturvakta. Sérstaklega er óskað eftir kvenumsækjendum þar sem stór hluti starfsins er að veita ungri konu persónulega aðstoð.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Kristín Guðnadóttir í síma 551-4478 á virkum dögum.

Umsóknir sendist á netfangið **margret@styrktarfelag.is** eða í gegnum heimasíðu félagsins, **www.styrktarfelag.is**

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða íbúa í daglegu lífi og efla sjálfstæði þeirra. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags við SFR.

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Skammtímavistun að Móaflöt**
- yfirþroskaþjálfi
- þroskaþjálfi

**Flataskóli**
- leikskólakennari/grunnskólakennari við leikskóladeild
- umsjónarkennari
- skólaliði

**Álftanesskóli**
- leiðbeinandi í félagsmiðstöðinni Elítunni

**Hofsstaðaskóli**
- leiðbeinandi í tómstundaheimili
- starf í ræstingum

**Leikskólinn Akrar**
- leikskólakennari/leiðbeinandi

**Leikskólinn Lundaból**
- aðstoðarmatráður

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## AÐSTOÐARVEITINGASTJÓRI ÓSKAST

Við leitum að skemmtilegum og samviskusömum aðstoðarveitingastjóra í 72% starf. Unnið er á kvöldin og um helgar. Ef þú ert 25 ára eða eldri og vilt vinna með duglegu og drífandi fólki, ekki hika við að sækja um.

Nánari upplýsingar: **atvinna@foodco.is**

Umsóknareyðublöð eru á **umsokn.foodco.is**

SAFFRAN

## Verkefnastjóri á ráðgjafarsvið

Ríkiskaup óska eftir að ráða verkefnastjóra í fullt starf á ráðgjafarsvið. Starfið er fjölbreytt, spennandi og krefjandi og felst m.a. í miklum samskiptum við viðskiptavini Ríkiskaupa.

**Meðal helstu verkefna eru:**
- Ráðgjöf og greining á þörfum og markmiðum fyrir útboð og innkaup
- Gerð útboðsgagna – stjórnun útboðsferla
- Áætlana- og samningsgerð
- Verkefna- og samningsstjórnun
- Fræðsla og miðlun upplýsinga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun, sem nýtist í starfi, tækni- og upplýsingamenntun æskileg
- Krafist er 3-5 ára reynslu af sambærilegum störfum
- Þekking á innkaupum og reynsla af verkefnastjórnun er kostur

Leitað er að einstaklingi sem er agaður, sjálfstæður og nákvæmur í vinnubrögðum, sýnir frumkvæði og er fær um að tjá sig í ræðu og riti. Tungumálakunnátta auk íslensku er að lágmarki enska og eitt Norðurlandamál.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Hannesson, forstöðumaður ráðgjafarsviðs í síma: 530 1417 eða á netfanginu: gudmundur.hannesson@rikiskaup.is.

Áhugasamir leggi inn umsókn í afgreiðslu Ríkiskaupa eða sendi póst á ofangreint netfang eigi síðar en mánudaginn 7. september n.k.

Ríkiskaup er ráðgjafar- og þjónustustofnun sem veitir opinberum stofnunum og fyrirtækjum almenna þjónustu og ráðgjöf á sviði innkaupa. Ríkiskaup annast einnig beina framkvæmd útboða, innkaupa, rammasamninga og eignasölu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki. Ríkiskaup leggja mettnað sinn í að ætið séu við störf vel þjálfaðir og hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju. Ríkiskaup eru eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

## Píanóskóli Þorsteins Gauta

Píanókennarar óskast í hlutastörf og afleysingar.

Allar umsóknir skoðaðar.

**Sendist á pianoskoli@gmail.com**

## Knattspyrnufélagið Þróttur auglýsir eftir starfsfólki

### Íþróttafulltrúi

Við erum að leita að skemmtilegum og hæfileikaríkum einstaklingi til að bætast í hóp okkar á skrifstofu félagsins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**
- Samskipti við sérsambönd.
- Ráðning þjálfara.
- Samskipti við foreldra og iðkenndur - foreldraráð.
- Gerð æfingatafla.
- Umsjón með æfingagjöldum.
- Umsjón með þróun iðkendafjölda.
- Samskipti við hverfisskóla.
- Ábyrgðarmaður dómaramála Barna og unglingaráðs.

**Hæfniskröfur:**
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Almenn tölvufærni
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Háskólagráða
- Hreint sakavottorð

**Annað:**
**Umsóknarfrestur er til 28.ágúst 2015.**
Umsókn ásamt ferilskrá óskast sent á
Ótthar Edvardsson framkvæmdarstjóra Þróttar **otthar@trottur.is**

### Yfirþjálfara í fullt starf.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúnn í að leggja sitt af mörkum til að efla yngri flokkana hjá félaginu og vinna skv. stefnu félagsins. Reynsla og þjálframenntun skilyrði. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Yfirþjálfari hefur yfirumsjón með öllu faglegu barna- og unglingastarfi. Leitað er að kraftmiklum leiðtoga í fullt starf sem hefur brennandi áhuga á að vinna með Þrótti að uppbyggingu yngri flokka í knattspyrnu.

**Hæfniskröfur:**
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Almenn tölvufærni
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Þjálframenntun
- Hreint sakavottorð

**Annað:**
**Umsóknarfrestur er til 28.ágúst 2015.**
Umsókn ásamt ferilskrá óskast sent á
Ótthar Edvardsson framkvæmdarstjóra Þróttar **otthar@trottur.is**

**365 auglýsir**

## LEITUM AÐ STARFSMANNI Í VETTVANGSÞJÓNUSTU Á FJARSKIPTASVIÐ 365

**Starfið felst í nýtenginum á neti og heimasíma þar sem þörf er á manni á staðinn. Einnig um lagfæringu á bilunum sem kunna að koma upp hjá viðskiptavinum.**

**Vinnutími 9-17 eða 10-18**

Hæfniskröfur:
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Mikill áhugi á tæknimálum
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla af vettvangsþjónustu eða fjarskiptum kostur

**Umsóknarfrestur er til 30. ágúst.**

**Umsóknir sendist á www.365midlar.is/hafdu-samband/storf/**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- otg útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þess Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365



# VIÐ LEITUM AÐ MATREIÐSLUMANNI

**Sómi óskar eftir að ráða matreiðslumann til starfa.**
Rétta manneskjan þarf að hafa reynslu af verkstjórn og innkaupum á hráefni. Starfið felur meðal annars í sér þátttöku í vöruþróun hjá fyrirtækinu.

Vinnutími er frá 7.00 til 16.00 alla virka daga og annan hvern sunnudag.

**Tekið er á móti umsóknum til 31. ágúst á netfangið siggi@somi.is.**

Nánari upplýsingar veitir Sigurður í síma 824 2151.
Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Gilsbúð 9, 210 Garðabæ
sími 565 6000, www.somi.is

SÓMI

# ATVINNA - Hópferðabílstjórar



## Bílstjórar óskast fyrir Akstursþjónustu Fatlaðra

**Starfslýsing:**
Akstur hópferðabíla á höfuðborgarsvæðinu fyrir akstursþjónustu fatlaðra og aldraða.

**Hæfniskröfur:**
- Aukin ökuréttindi (D1)
- Hreint sakavottorð
- Rík þjónustulund
- Snyrtimennska og stundvísi
- Geta til að starfa með fötluðum
- Sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á
atvinna@viptravelservice.is
Einnig er hægt að hringja í Þórir í síma 775 1001

VIP TRAVEL SERVICE

ICELAND TAXI TOURS

# Verkstjóri og verkamaður

**16169**
**Endurvinnslan óskar eftir að ráða verkstjóra og verkamann til starfa.**
Í starfi verkstjóra felst m.a. ábyrgð og eftirlit á móttöku sendinga, úrlausn vélabilanna, verkstjórn og ábyrgð á því að starfsfólk fylgi öryggisstefnu fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur verkstjóra:**
- Reynsla af verkstjórn skilyrði
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Kunnátta á vélar- og tæki æskileg
- Lyftarapróf æskilegt
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Flöskumóttaka Endurvinnslan

Verkamaður sinnir m.a. móttöku og vinnslu skilagjaldsskyldra umbúða, þrifum í móttöku og vélasal ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.
Æskilegt er að viðkomandi sé með kunnáttu í íslensku.

Starfsstöð er Knarrarvogur 4, Reykjavík.
Vinnutími er virka daga frá 08:30-17:00 og skiptast starfsmenn á að loka starfsstöðinni ásamt því að skipta með sér laugardögum frá 11:30-16:30.

vinna.is
S: 511 1144

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW. VINNA.IS

# Rafeindavirki

Orkufjarskipti

**Orkufjarskipti leita að öflugum liðsmanni í fjölbreytt starf. Viðkomandi þarf að hafa sérþekkingu á sviði fjarskipta og vilja til að bæta við sig aukinni menntun og þekkingu. Starfið krefst frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða.**

**Helstu verkefni:**
- Uppsetningar og rekstur á fjarskiptabúnaði
- Verkefnastjórnun
- Vinna við fjölbreytt fjarskiptakerfi svo sem SDH, PDH, WDM, ethernet, IP, eftirlitskerfi, GSM/ Tetra endurvarpa, rekstrarsímastöðvar og stoðveitur

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Rafeindavirkjun, rafvirkjun eða sambærileg tæknimenntun er skilyrði
- Sérþekking á sviði fjarskipta er skilyrði
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Almenn góð tölvufærni
- Sveigjanleiki og þjónustulund
- Vilji til að bæta við sig aukinni menntun og þekkingu
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Orkufjarskipti rekur öflugt fjarskiptakerfi sem mætir kröfum raforkugeirans um áreiðanlegt og traust fjarskiptanet. Hlutverk Orkufjarskipta er að reka fjarskiptakerfi fyrir raforkukerfin í landinu á öryggismiðuðum forsendum. Núverandi fjarskiptakerfi félagsins byggir á grunnkerfi sem var í eigu Landsvirkjunar, Landsnets og Fjarska. Unnið er að frekari uppbyggingu og endurnýjun á fjarskiptakerfinu sem mun í framtíðinni alfarið byggja á ljósleiðaratækni með tvöföldum sambandaleiðum til orku- og tengivirkja raforkukerfisins.

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.**

**Umsóknarfrestur er til og með 2. september 2015.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Íris Dögg Björnsdóttir (iris.bjornsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent

# storm hotel

## ÓSKAR EFTIR KRAFTMIKLUM EINSTAKLINGUM Í EFTIRFARANDI STÖRF:

- Gestamóttökustjóri
- Starfsfólk í gestamóttöku (dag og næturvaktir)
- Yfirþerna
- Starfsfólk í herbergjaþrif
- Starfsfólk í morgunverðarsal
- Húsvörður

Hótelið opnar í september og þurfa umsækjendur að geta hafið störf sem fyrst. Vinsamlega athugið að einungis reyklausir einstaklingar koma til greina.

Storm Hótel er nýtt og glæsilegt þriggja stjörnu hótel við Þórunnartún 4 í Reykjavík. Hótelið er eitt af átta hótelum Keahótela ehf. en hin eru: Hótel Borg, Apotek Hótel, Reykjavik Lights og Skuggi Hótel í Reykjavík, Hótel Kea og Hótel Norðurland á Akureyri og Hótel Gígur við Mývatn.

Hjá Keahótelum ríkir góður starfsandi og við sækjumst eftir að ráða jákvæða og áhugasama einstaklinga til liðs við okkur sem búa yfir ríkri þjónustulund og metnaði til að fara fram úr væntingum gesta okkar.

Umsóknir ásamt starfsferliskrá og mynd berist á netfangið **storm@keahotels.is** merkt umsókn, fyrir 5. september.







KEAHÓTEL

**Icewear leitar eftir jákvæðu, ábyrgðarfullu og kraftmiklu starfsfólki sem hefur gaman af mannlegum samskiptum, flottri hönnun og sölumennsku.**

## Grafískur Hönnuður

**Icewear óskar eftir að ráða fjölhæfan grafískan hönnuð til starfa sem fyrst.**

Fjölbreytt verkefni á lifandi og skemmtilegum vinnustað. Viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu í helstu Adobe-forritum, s.s. InDesign, Photoshop og Flash. Helstu verkefni eru blaðauglýsingar, umbrot bæklinga, umbúðahönnun og grafísk hönnun á bolum. **Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið agust@icewear. & erla@icewear.is is fyrir 25. ágúst nk.** Upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf nauðsynlegar ásamt sýnishornum af fyrri verkum.

*Um Icewear, var stofnað 1972. Hjá Icewear starfa 65-85 manns. Það er með öfluga heildsölum ásamt því að reka 7 verslanir á Íslandi. Icewear fatnaður er einnig seldur í verslunum í Evrópu og Norður Ameríku. Icewear rekur sauma og prjónastofu í Vík í Mýrdal og saumstofu í Reykjanesbæ.*



# VILTU VINNA;)

## ÓSKUM EFTIR SÖLUMANNI OG TÆKNIMANNI Í REYKJAVÍK

**Ert þú hress og áhugasamur sölumaður eða tæknimaður með góða þekkingu á tölvubúnaði?**

**Fjölbreytt starf sem felst í ráðgjöf við val á tölvubúnaði til viðskiptavina auk tilfallandi starfa í verslun. Óskum eftir jákvæðum og þjónustulunduðum einstakling sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Nýleg og góð þekking á helstu tölvuíhlutum og tölvubúnaði æskileg. Með umsókn skal fylgja upplýsingar um fyrri störf og tölvuþekkingu.**

**Sendið tölvupóst á starf@tolvutek.is með ferilskrá • Góð laun í boði og fullur trúnaður**

TÖLVUTEK

**Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is**

# Rafmagnsverkfræðingur/rafmagnstæknifræðingur
# Orkubú Vestfjarða

Orkubú Vestfjarða óskar eftir að ráða metnaðarfullan og ábyrgan starfsmann í spennandi framtíðarstarf á veitusviði. Ef þú vilt starfa hjá traustu og framsýnu fyrirtæki og búa í návígi við ægifagra náttúru er þetta tækifærið þitt!

Orkubúið sinnir alhliða orkuvinnslu á Vestfjörðum ásamt dreifingu orkunnar til kaupenda hennar. Starfsmenn eru um 65 talsins og er hópurinn samheldinn og metnaður mikill. Höfuðstöðvar Orkubúsins eru á Ísafirði. Í boði er áhugavert starfsumhverfi með krefjandi og fjölbreyttum verkefnum.

**Starfssvið:**

- Hönnun dreifikerfis
- Kerfisathuganir og þróun
- Uppsetning og viðhald varnarbúnaðar
- Liðavernd og stýringar
- Ljósbogaútreikningar
- Verkumsjón og áætlanagerð

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Rafmagnsverkfræðingur eða rafmagnstæknifræðingur
- Góð tölvukunnátta og þekking á notkun teikniforrita
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af raforkukerfi er kostur

Orkubúið vill fjölga konum í störfum hjá fyrirtækinu. Konur sem og karlar eru því hvött til að sækja um störfin.



TALENT RÁÐNINGAR

Linnetsstígur 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Framkvæmdastjóri Veitusviðs, Halldór V. Magnússon hm@ov.is gefur upplýsingar um starfið ásamt Lind hjá Talent lind@talent.is og í síma 552-1600

Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is



## AÐALBÓKARI REYKJAVÍK

VEGAGERÐIN

Starf aðalbókara á fjárhagsdeild Vegagerðarinnar er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

**Starfssvið**
Stýrir bókhaldi stofnunarinnar, hefur yfirumsjón með bókhaldsskráningu og sér um bókhaldsvinnslur og uppgjör. Tekur þátt í þróun bókhaldskerfa stofnunarinnar. Sinnir ýmsum bókhaldstengdum verkefnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í viðskiptafræði með áherslu á reikningshald.
- Reynsla af bókhaldskerfinu Orri er æskileg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfhæfileikar

***Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið***

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins við kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga.

Umsóknarfrestur er til 7. september 2015.
Umsóknin berist mannauðsstjóra Vegagerðarinnar netfang **oth@vegagerdin.is**. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt starfsferilskrá og upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir.

**Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst**

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Hannes Már Sigurðsson í síma 522 1050

Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar

## Account Manager

Arctic Adventures is the #1 adventures activity operator in Iceland. Arctic Adventures is an eco friendly company that has been growing in the past few years and is a great place to work for people who want to succeed in the travel industry. We are now looking for an account manager to join our growing sales team. We encourage both men and women who are interested in selling and advancing in the industry to apply for the position.

**About the job**
- Participation in reaching sales goals
- Being a contact for resellers and cooperating companies
- Designing trips and offers
- Seeking new agents and customers
- Following through custom tours
- Other projects in cooperation with managers and coworkers

**Qualifications**
- Experience from similar jobs and projects in the tourism industry
- Education in the field of travel and tourism, business or other related subjects
- Sales- and communication skills
- Experience in designing trips and offers
- Being organized and working independently
- Good spoken and written English is essential
- Other languages are a good quality (Spanish, German)
- Good computer skills
- Knowledge of project management is a good quality to have for the position

**The application deadline is 31.August 2015.**
**All applications with a short introduction letter shall be sent to johanna@adventures.is**



www.adventures.is | Vatnagarðar 8 | 104 Reykjavík

arctic adventures

# SÉRFRÆÐINGAR ÓSKAST

Metnaður · Frumkvæði · Heildarsýn · Samskiptahæfileikar

## SÉRFRÆÐINGUR Á UPPLÝSINGA- OG TÆKNISVIÐI

Við leitum eftir aðila með sterka gæðavitund sem mun bera ábyrgð á prófunarferli hugbúnaðar.

Viðkomandi ber ábyrgð á uppsetningu og þróun prófunarumhverfis, uppsetningu stoðhugbúnaðar, skilgreiningu ferla og verklagsreglna. Starfsmaðurinn mun vinna náið með vöruþróunarteymi og hugbúnaðarsérfræðingum, tekur þátt í hugbúnaðargerð með því að stuðla að gerð prófanlegs hugbúnaðar.

**Menntun og reynsla**
- Hugbúnaðarverkfræðingur, tölvunarfræðingur eða önnur sambærileg menntun.
- Reynsla af prófanaferli í hugbúnaðargerð.
- Reynsla af forritun er æskileg.
- Kostur ef reynsla af því að vinna í Agile umhverfi.
- Tæknileg þekking sem kostur er að hafa er Selenium, NET umhverfi, C#, NUnit, MSTest og Moq eða önnur áþekk framework.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Magnússon, forstöðumaður upplýsinga- og tæknisviðs **olafurm@creditinfo.is**

Umsókn ásamt ferilsskrá skal senda á **atvinna@creditinfo.is** merkt: **„Sérfræðingur á upplýsinga- og tæknisviði“.**

## SÉRFRÆÐINGUR Á VIÐSKIPTASTÝRINGARSVIÐI

Við leitum að sérfræðingi með greiningarhæfileika og brennandi áhuga á sölumennsku.

Helstu verkefni eru greiningar á viðskiptavinasafni og notkunarmynstri, umsjón með sölu til smærri viðskiptavina, gerð markhópalista og umsjón með innri verkefnum. Starfsmaðurinn mun vinna náið með viðskiptastjórum, markaðsstjóra og forstöðumanni.

**Menntun og reynsla**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði eða viðskiptafræði.
- Áhugi á sölu er skilyrði.
- Reynsla úr atvinnulífi er kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir, forstöðumaður viðskiptastýringar **sigridurvala@creditinfo.is**

Umsókn ásamt ferilsskrá skal senda á **atvinna@creditinfo.is** merkt: **„Sérfræðingur á viðskiptastýringarsviði“.**

**Umsóknarfrestur er til og með 5. september 2015**



## GÖGN SEM GERA GAGN

Creditinfo er leiðandi fyrirtæki í traustri miðlun fjárhags- og fjölmiðlaupplýsinga og starfrækir einn stærsta gagnabanka landsins.

Okkar hlutverk er að auka virði upplýsinga og stuðla þannig að réttri ákvarðanatöku og trausti í viðskiptum. Við bjóðum vinnu í skemmtilegum og faglega sterkum hópi þar sem tækifærin eru mikil.

**Creditinfo** var stofnað á Íslandi árið 1997. Við erum í dag með 300 starfsmenn í 20 löndum, þar af 50 snillinga á Íslandi.

www.creditinfo.is

CREDITINFO

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## DEILDARSTJÓRI Í FJÁRMÁLA- OG REKSTRARÞJÓNUSTU SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf deildarstjóra í fjármála- og rekstrarþjónustu laust til umsóknar. Næsti yfirmaður deildastjóra er fjármálastjóri sviðsins. Deildarstjóri er jafnframt staðgengill fjármálastjóra. Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar og skólahljómsveita. Jafnframt greiðir sviðið framlög til sjálfstætt starfandi dagforeldra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Skóla- og frístundasvið þjónustar yfir 20 þúsund börn og fjölskyldur þeirra. Útgjöld sviðsins eru 40 milljarðar kr. á ári og tekjur sviðsins um 4 milljarðar kr. á ári. Rekstrareiningar sviðsins eru tæplega 200.

**Helstu verkefni skrifstofustjóra eru:**
- Uppgjör og frávikagreining
- Áætlanagerð
- Eftirfylgni til að tryggja að útgjöld séu innan fjárheimilda
- Ýmsar greiningar og útreikningar
- Útgreiðslur til sjálfstætt starfandi rekstraraðila s.s., dagforeldra, leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla
- Reikningagerð og innheimta
- Svörun fyrirspurna frá viðskiptavinum og stjórnendum
- Aðstoða stjórnendur vegna reksturs, viðhalds og framkvæmda
- Eftirlit
- Þátttaka í þróun upplýsingakerfa fyrir fjármál og rekstur

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólagráða í viðskiptafræði með áherslu á fjármál eða endurskoðun
- Mastersgráða í viðskiptafræði er kostur
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum æskileg
- Reynsla af vinnu við uppgjör og áætlanagerð
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum
- Lipurð í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

**Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við stéttarfélög starfsmanna**
Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 3. september 2015.**

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, **www.reykjavik.is/storf**

Nánari upplýsingar veita Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri og Íris Björk Pétursdóttir deildarstjóri í síma 411-1111, netföng **kristjan.gunnarsson@reykjavik.is**, **iris.bjork.petursdottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## VANTAR ÞIG VINNU?
### OKKUR VANTAR FÓLK Í LIÐIÐ!

Veitingastaðurinn Snaps við Óðinstorg óskar eftir að ráða þjóna og aðstoðarfólk í full störf og aukastörf.

Ert þú rétta manneskjan?

Áhugasamir vinsamlega hafi samband með því að senda línu á snaps@snaps.is

SNAPS
BISTRO · BAR
101 ÓÐINSTORG SNAPSBISTRO.IS

## ÍSLENSKU TUNGUMÁLAKENNARI
## ICELANDIC LANGUAGE TEACHER

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu íslensku tungumálakennara lausa til umsóknar.
**Umsóknarfrestur er til og með 4 september 2015.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
**http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html**

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Icelandic language teacher.
The closing date for this postion is **September 4 , 2015**.
Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
**http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html**

Please send your application and resumé to :
**reykjavikvacancy@state.gov**

# GOTT FÓLK ÓSKAST

**VIÐ Á LAUNDROMAT LEITUM AÐ HRESSU OG SKEMMTILEGU FÓLKI TIL AÐ BÆTAST VIÐ Í GÓÐA HÓPINN OKKAR; KOKKUM OG AÐSTOÐARFÓLKI Í ELDHÚS, ÞJÓNUM OG KAFFIBARÞJÓNUM.**

**BÆÐI FULL STÖRF OG HLUTASTÖRF Í BOÐI.**

The Laundromat Cafe
www.thelaundromatcafe.com
LAUNDROMAT CAFE

Áhugasamir sendi ferilskrá og kynningarbréf á
laundromatcafe@gmail.com fyrir 28.ágúst

www.thelaundromatcafe.com



Landsvirkjun

# Við leitum að starfsmanni með **matreiðsluhæfileika** í fjölbreytt og bragðgóð verkefni á Háaleitisbraut.

Starfið felur í sér undirbúning og matreiðslu hádegisverðar við hlið matreiðslumeistara. Viðkomandi mun einnig aðstoða starfsmenn, sjá um fundarveitingar og sinna fjölbreyttum verkefnum í eldhúsi. Nýr starfsmaður verður staðgengill matreiðslumeistara og mun styrkja öflugt teymi mötuneytisins í höfuðstöðvum okkar.

- Menntun sem nýtist í starfi
- Umtalsverð reynsla og brennandi áhugi á heilsusamlegri matargerð og nýjungum í matreiðslu er skilyrði
- Frumkvæði, metnaður, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki, jákvæðni og vinnugleði
- Stundvísi og reglusemi

# Við leitum að jákvæðum einstaklingi með afburða **þjónustulund** til starfa í höfuðstöðvum okkar.

Landsvirkjun leggur áherslu á að taka vel á móti gestum sínum, samstarfsaðilum og starfsfólki. Nýr starfsmaður mun bera ábyrgð á móttöku gesta og símsvörun ásamt því að sinna mikilvægu þjónustuhlutverki við alla starfsmenn fyrirtækisins.

- Stúdentspróf eða mikil reynsla af sambærilegum störfum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Rík þjónustulund, hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki, jákvæðni og vinnugleði
- Frumkvæði, metnaður, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi og reglusemi
- Snyrtimennska

Sótt er um störfin á vef Capacent, nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra María Guðjónsdóttir (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is). Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst nk.

---

Jafnlaunaúttekt PwC 2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um stöðurnar.



www.landsvirkjun.is

NW NORTHWEAR

## Klæðskeri/Kjólasveinn

Northwear leitar að reynslugóðum einstaklingi til framtíðarstarfa í Fyrirtækjadeild

**Starfssvið:**
- Mátun og máltaka
- Almenn þjónusta við viðskiptavini
- Samskipti við framleiðendur

**Hæfniskröfur:**
- Sveinspróf/meistari í klæðskurði eða kjólasaum
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri ensku
- Almenn tölvukunnátta
- Stundvísi og skipulagshæfileikar

## Þjónustufulltrúi

Northwear leitar að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingi 40 ára eða eldri.

**Starfssvið:**
- Almenn þjónusta við viðskiptavini
- Samskipti við erlenda birgja
- Vörupantanir og innkaup
- Móttaka vörusendinga og skráning
- Sala, afgreiðsla og útgáfa reikninga

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og þekking á fatnaði
- Góð kunnátta í ensku og íslensku
- Almenn tölvukunnátta
- Stundvísi og skipulagshæfileikar
- Þekking á DK hugbúnaði kostur

Northwear er í dag leiðandi fyrirtæki á Íslandi í framleiðslu og sölu á einkennis- og starfsmannafatnaði auk þess að reka öfluga heildsöludeild með þekkt fatamerki s.s. Lee og Wrangler.

**Umsóknir berist til godi@northwear.is fyrir 28. ágúst.**

Northwear ehf, Sundaborg 7-9 / 104 Reykjavík / Sími 511 4747 / www.northwear.is

## Tæknifulltrúi á umhverfis-, skipulags-, og byggingarsviði.

Sveitarfélagið Garður og Sandgerðisbær auglýsa eftir áhugasömum og framsæknum einstaklingi til að sinna starfi tæknifulltrúa. Um er að ræða 100% starf. Tæknifulltrúi starfar með sviðsstjóra umhverfis-, skipulags- og byggingarmála að fjölbreyttum verkefnum á sviði umhverfis-, tækni-, skipulags-, og byggingarmála sveitarfélaganna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Tæknimenntun sem nýtist við starfið
- Góð þekking á þeim málaflokkum sem starfið nær til
- Víðtæk tölvuþekking
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og frumkvæði við lausn verkefna

**Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst.** Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf frá og með 15. september. Launakjör eru samkvæmt samningum stéttarfélaga við sveitarfélögin Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á netfangið gardur@svgardur.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Ben Einarsson, sviðsstjóri umhverfis-, skipulags-, og byggingarmála í tölvupósti á jonben@svgardur.is eða í síma 847-2503*

## EFTIRLITSMAÐUR Í FLUGLEIÐSÖGU-DEILD

Samgöngustofa

Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann í flugleiðsögudeild. Starfið felst í vottun og eftirliti með fyrirtækjum með starfsleyfi til flugleiðsöguþjónustu. Í því felst veiting starfsleyfa, framkvæmd úttekta og mat á breytingum í starfseminni, einkum að því er varðar fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónustu. Í starfinu getur einnig falist sérfræðivinna í málaflokknum. Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Krafist er háskólamenntunar í tæknigreinum sem nýtast í starfi.
- Þekking á gæðakerfum og reynsla á því sviði er nauðsynleg.
- Þekking á öryggisstjórnunarkerfum (SMS) er æskileg.
- Reynsla af tæknimálum tengdum flugi er æskileg.
- Þekking á íslenskum og alþjóðlegum kröfum í flugleiðsögu er æskileg.
- Mjög góð tök á íslensku og ensku er skilyrði sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.

Leitað er að einstaklingi með góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu og mikinn áhuga á flugstarfsemi. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði, sjálfstæði og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og geta unnið undir miklu álagi. Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi umhverfi sem reynir á faglega hæfni og frumkvæði einstaklings.

**Umsóknarfrestur er til 7. september 2015.**

**Hægt er að sækja um starfið rafrænt á www.samgongustofa.is/storf**

Samgöngustofa hvetur jafnt konur sem karla til að sækja um þessa stöðu.

Nánari upplýsingar veitir Hlín Hólm, deildarstjóri flugleiðsögudeildar, í síma 480 6000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Samgöngustofa áskilur sér rétt til þess að hafna öllum umsóknum. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála með um 140 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varðar flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á www.samgongustofa.is.

Samgöngustofa
Ármúli 2
108 Reykjavík
Sími: 480 6000

15-1736 - HVITA HUSID / SIA

## JÁ IÐNAÐARMENN

### VERKSTJÓRI

JÁ Iðnaðarmenn óska eftir öflugum og áreiðanlegum verkstjóra til að hafa yfirumsjón með vinnusvæðum, starfsfólki og verkum.

Æskilegt er að viðkomandi sé lærður smiður með góða reynslu að baki.

### ÞJÓNUSTUMAÐUR

JÁ Iðnaðarmenn óska eftir starfsmanni á þjónustubifreið.

Viðkomandi þarf að keyra á milli birgja og þjónusta verk með efni og annað tilfallandi.

Áhugasamir senda umsókn á **johann@jaidnadarmenn.is**

## Vegna ört vaxandi umsvifa óskar Tryggja ehf. að ráða hæfileikafólk í þrjár stöður söluráðgjafa >>>

Leitum að ungu og vel menntuðu fólki (25+), með **brennandi áhuga á tryggingamarkaðnum og reynslu af sölustörfum, í þrjár stöður söluráðgjafa.** Í boði er mjög gott starfsumhverfi á metnaðarfullum vinnustað, þar sem yfir 30 manns mynda öflug teymi og einstaklega gott starfsmannafélag.

Umsóknarfrestur er til 1. september nk.
Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið baldvin@tryggja.is
Allar upplýsingar um fyrirtækið má finna á **tryggja.is**

Tryggja
INSURANCE BROKERS

# Sviðsstjórar hjá Menntamálastofnun

MENNTAMÁLASTOFNUN

Menntamálastofnun er ný stofnun sem stuðlar að framförum í þágu menntunar í samræmi við stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið. Stofnunin sinnir víðtæku hlutverki við mat á menntun, þróar og miðlar námsgögnum til nemenda og veitir margskonar þjónustu við menntakerfið. Stofnunin tekur við ýmsum stjórnsýslu- og þjónustuverkefnum meðal annars frá Námsmatsstofnun og Námsgagnastofnun.

Kjörorð Menntamálastofnunar er að **nemendur fái notið bestu mögulegu menntunar** og nýtir stofnunin til þess bestu fáanlegu gögn og þekkingu. Framtíðarsýnin er að Menntamálastofnun sé í fararbroddi á heimsvísu í öflun, mótun og miðlun gagna og þekkingar í þágu menntunar. Menntamálastofnun leggur áherslu á að vera í forystu við að nýta þekkingu í þágu framfara og nýjunga í menntun og að veita framúrskarandi þjónustu. Stofnunin skiptist í fjögur svið, matssvið, miðlunarsvið, þjónustusvið og verkefnasvið sem vinna sameiginlega að markmiðum stofnunarinnar. Lögð er áhersla á snarpa verkefnastjórnun, hönnunarhugsun og skapandi starf.

**Auglýst er eftir sviðstjórum fyrir matssvið, miðlunarsvið og þjónustusvið** sem ásamt stjórnendum verkefnasviðs og forstjóra mynda stjórnunarteymi sem vinnur að því að móta nýja stofnun og leggja grunn að framtíðarstarfi hennar.

Lögð er áhersla á að sviðstjórar búi yfir hæfni í stjórnun og skipulögðum vinnubrögðum, hafi hæfileika til skapandi starfs og innleiðingar nýjunga og búi yfir góðum samskiptahæfileikum og leiðtogahæfni. Þeir hafi reynslu af mannaforráðum og að bera ábyrgð á verkefnaskilum.

## Sviðsstjóri miðlunarsviðs

**Helstu verkefni:**

Stjórn gerðar og útgáfu námsgagna fyrir grunnskóla, þróun og miðlun rafræns efnis auk upplýsingamiðlunar, ráðgjöf við stjórnvöld, kynningar og leiðbeiningar fyrir skóla og almenning.

- Gerð útgáfuáætlana og eftirfylgni með framgangi þeirra
- Útboð og verksamningar, innkaup námsefnis, ritstjórn, val og ráðning höfunda
- Hönnun og umsjón með framleiðslu útgáfuefnis á hinum ýmsu miðlum
- Gæðamál, þróun og nýting námsefnis
- Ráðgjöf fyrir stjórnvöld, kynning og leiðbeining fyrir skóla og almenning.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun við hæfi, t.d. á sviði stjórnunar, uppeldis- og kennslufræða eða miðlunar
- Þekking og reynsla af bókaútgáfu og þróun og miðlun á rafrænu efni
- Þekking og hæfni á nýjungum í miðlun og útgáfu gagna á ólíku formi.

## Sviðsstjóri þjónustusviðs

**Helstu verkefni:**

Stjórn fjármála, gæðamál, starfsmanna- og mannauðsmál, rekstur tölvu- og upplýsingakerfa og stoðþjónusta.

- Gerð rekstraráætlana, bókhald, uppgjör, gerð ársreikninga og innra eftirlit
- Þjónustuver, símavarsla, upplýsingamiðlun, útsendingar og dreifing, tölvu- og kerfisstjórn
- Gæða- og skjalastjórnun og samningagerð
- Umsjón með vef Menntamálastofnunar, utanumhald og skráning upplýsinga í gagnagrunna
- Innritun í framhaldsskóla og fleiri stjórnsýslu- og þjónustuverkefni
- Umsjón með vinnuaðstöðu og eignum.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun við hæfi, t.d. á sviði stjórnunar, fjármála og rekstrar, lögfræði, gæðastjórnunar og/eða mannauðsfræða
- Þekking og reynsla af fjármálum, gæðastjórnun og mannauðsmálum er nauðsynleg
- Þekking á upplýsingakerfum, s.s. fjámála-, birgða og sölukerfum er kostur.

## Sviðsstjóri matssviðs

**Helstu verkefni:**

Stjórn prófagerðar og námsmats, alþjóðlegar kannanir, ytra mat á skólum, öflun, greining og miðlun tölulegra gagna.

- Gerð, fyrirlögn og úrvinnsla samræmdra prófa, aðgangsprófa háskóla og skimunarprófa
- Umsjón með og úrvinnsla alþjóðlegra kannana, svo sem PISA og TALIS
- Ytra mat á skólum einkum leik-, grunn- og framhaldsskólum
- Staðfesting námsbrautalýsinga framhaldsskóla, vottun námskráa í framhaldsfræðslu, viðurkenning einkaskóla á grunn- og framhaldsskólastigi og viðurkenning fræðsluaðila
- Öflun, úrvinnsla og greining gagna um menntakerfið og miðlun þeirra til stjórnvalda, alþjóðlegra aðila, skóla og almennings
- Ráðgjöf til opinberra aðila og leiðbeiningar til skólastjórnenda, kennara, nemenda og foreldra um nýtingu rannsókna til þróunar og stefnumótunar.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun við hæfi, t.d. á sviði stjórnunar, sálfræði- og/eða félagsvísinda eða tölfræði og greiningar
- Þekking og reynsla af námsmati og prófagerð, gæðamati, greiningu og úrvinnslu prófa og tölulegra gagna
- Þekking og hæfni á nýtingu greininga og prófa við umbætur í menntun.

## Umsóknir

Umsókn um starfið fylgi skrá yfir menntun og starfsferil, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið ásamt upplýsingum um umsagnaraðila.

Umsókn sendist á skjalasafn@mms.is merkt: Sviðsstjóri.
Öllum umsóknum verður svarað.
Launa- og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna.

Nánari upplýsingar veitir Arnór Guðmundsson, forstjóri, í síma 514-7500, netfang: arnor.gudmundsson@mms.is

**Umsóknafrestur er til og með 4. september 2015.**

# Störf á Keflavíkurflugvelli

ACE Handling óskar eftir að ráða til sín starfsfólk í innritun, við þrif á flugvélum og í hlaðdeild & load control. Bæði fullt starf og hlutastörf í boði. Reynsla í flugtengdum störfum æskileg. **Umsóknarfrestur er til og með 30.ágúst** og skulu ferilskrár ásamt Ljósmynd sendar á **alma@bikf.is.**

**Hlaðdeild**
Lágmarksaldur 18 ára,
almennökuréttindi,
vinnuvélaréttindi æskileg,
íslensku- og/eða enskukunnátta.

**Ræsting flugvéla**
Lágmarksaldur 18 ára,
Íslensku- og/eða enskukunnátta.

**Innritun**
Lágmarksaldur 20 ára,
enskukunnátta skilyrði.

ACE Handling

## BIFVÉLAVIRKI / VÉLVIRKI ÓSKAST Á ATVINNUTÆKJAVERKSTÆÐI VOLVO

Vegna aukinna umsvifa leitum við að bifvélavirkja / vélvirkja vönum viðgerðum á vörubílum og rútum á atvinnutækjaverkstæði Volvo hjá Brimborg.

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á volvotrucks.is
Nánari upplýsingar gefur Jóhann Rúnar í síma 5157072

Umsóknarfrestur er til 1. september 2015

*Sæktu um í dag!*

## VÉLVIRKI / VÉLSTJÓRI ÓSKAST Á ATVINNUTÆKJAVERKSTÆÐI VOLVO

Vegna aukinna umsvifa leitum við að vélvirkja / vélstjóra vönum viðgerðum á vinnu- og bátavélum á atvinnutækjaverkstæði Volvo hjá Brimborg.

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á volvoce.is
Nánari upplýsingar gefur Jóhann Rúnar í síma 5157072

Umsóknarfrestur er til 1. september 2015

*Sæktu um í dag!*

# Kennsluþróunarstjóri – lektor

**Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands leitar að öflugum einstaklingi með brennandi áhuga á kennslumálum til að móta nýtt, tímabundið 50%, starf á sviði kennslufræða í heilbrigðisvísindum. Viðkomandi mun gegna starfi lektors.**

### Helstu verkefni:

- Kennsla og ráðgjöf á sviði kennsluhátta og -þróunar
- Kennsluþróun á Heilbrigðisvísindasviði
- Rannsóknir á kennsluháttum
- Skipulagning og umsjón með námi í kennslufræðum fyrir nemendur og kennara á sviðinu, í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands
- Seta í Kennslumálanefnd Heilbrigðisvísindasviðs

Umsóknarfrestur er til **7. september** 2015.
Frekari upplýsingar um starfið veitir **Heiður Reynisdóttir** verkefnisstjóri á skrifstofu Heilbrigðisvísindasviðs, í síma **525 5442** eða með tölvupósti á netfangið **hr@hi.is**.
Nánari upplýsingar um starfið má finna á **www.hi.is/laus_storf**

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Doktorspróf á sviði heilbrigðisvísinda eða í fræðigrein sem tengist heilbrigðisvísindagreinum
- Nám á sviði kennslufræða háskólastigsins er æskilegt
- Haldgóð reynsla af kennslu og rannsóknum
- Frumkvæði og lipurð í samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfileiki til að vinna vel með ólíkum hópum
- Góð tungumálakunnátta og færni á sviði upplýsingatækni í kennslu

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS

## TÆKIFÆRI TIL AÐ ÖÐLAST VERÐMÆTA STARFS-ÞJÁLFUN

Samtök iðnaðarins leita eftir **þremur meistaranemum** til að sinna fjölbreyttum verkefnum undir leiðsögn sérfræðinga samtakanna á hinum ýmsu sviðum.

### Ertu fjölhæfur laganemi?

- Greining og úrlausn lögfræðilegra álitaefna á ýmsum sviðum
- Gerð umsagna og minnisblaða
- Framúrskarandi færni í rituðu máli er nauðsyn

### Ertu glöggur greinandi?

- Vinna með hagtölur og tölfræði
- Greiningarvinna, úrvinnsla og skýrsluskrif
- Framsetning upplýsinga á áhrifaríkan hátt

### Ertu góður tengill?

- Verkefnastjórnun og innri markaðssetning
- Miðlun upplýsinga á áhrifaríkan og frjóan hátt
- Vinna við samfélagsmiðla og vefsíður

**Við bjóðum:**

- handleiðslu fagmenntaðra mentora
- möguleika á að byggja upp öflugt tengslanet
- spennandi leið til að kynnast íslensku atvinnulífi
- þátttöku í að móta krefjandi og áhugaverð verkefni

**Við væntum þess að þið:**

- stundið meistaranám á sviði sem nýtist í ofangreindum verkefnum
- hafið brennandi áhuga á íslensku atvinnulífi
- séuð lausnamiðuð, hafið góða samskiptafærni, sýnið frumkvæði og getið unnið sjálfstætt
- hafið góða þekkingu á tölvutækni og samskiptanetum
- búið yfir góðri kunnáttu í íslensku, ensku og skandinavísku

**Starfshlutfallið** er 40–50% í 6–9 mánuði.
Starfið getur hafist um miðjan september.

**Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið starfsnam@si.is fyrir 30. ágúst nk.**
Náms- og starfsferilsskrá þarf að fylgja, sem og greinargerð um hvers vegna áhugi er á viðkomandi starfi.

Samtök iðnaðarins eru stærstu atvinnurekendasamtök á Íslandi og þjónusta breiðan hóp fyrirtækja, allt frá hefðbundnari iðnfyrirtækjum til kvikmynda- og leikjaframleiðenda.

Samtök iðnaðarins
www.si.is
SI

# Húsvörður 109 Reykjavík

Húsfélagið Árskógum 6 - 8 þar sem íbúar eru 60 ára og eldri, óskar eftir að ráða húsvörð til starfa. Starfinu fylgir 93 m² 3ja herbergja íbúð og er búseta þar skilyrði.

**Leitað er að einstaklingi sem er:**

- Handlaginn og lipur í samskiptum
- Reglusamur og samviskusamur
- Þjónustulundaður og reyklaus

Húsvörður heyrir undir hússtjórn. Helstu verkefni hans eru þrif, umsjón og eftirlit með húseigninni, umhirða lóðar, minniháttar viðhald, umsjón með verktökum ásamt aðstoð við íbúa hússins.

**Upplýsingar veitir:**

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 1. september nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Rauði krossinn

## Rauði krossinn á Íslandi óskar eftir að ráða í tvær stöður

### Sviðsstjóri hjálpar- og mannúðarsviðs

**Helstu verkefni**

- Dagleg verkstjórn á sviðinu
- Samskipti við systurfélög á vettvangi hjálpar-og mannúðarstarf
- Samskipti við aðra innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Áætlanagerð og ábyrgð á fjárhagsáætlun sviðsins

### Lögfræðingur

**Helstu verkefni**

- Réttaraðstoð við hælisleitendur á lægra og æðra stjórnsýslustigi
- Undirbúningur dómsmála
- Samskipti við samstarfsaðila innan lands og utan
- Þátttaka í málsvarastarfi í þágu hælisleitenda
- Þátttaka og stuðningur við annað starf Rauða krossins í málaflokknum

**Upplýsingar veitir:**

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Nánari upplýsingar um störfin og kröfur til umsækjenda eru á heimasíðum Hagvangs www.hagvangur.is og Rauða krossins á Íslandi www.redcross.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst nk.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

BAUHAUS®
Allt fyrir hús, heimili og garða

BAUHAUS er ein af stærstu verslunarkeðjum á byggingasviði í Evrópu og rekur fleiri en 220 verslanir í 16 löndum. Hjá BAUHAUS er viðskiptavinurinn alltaf í öndvegi, stjórnendur eru virkir og hvetja sitt fólk til dáða.



# Bauhaus leitar að frábæru fólki á öllum aldri í full störf og hlutastörf!

## Starfsfólk á kassa og sölumenn í verslun

Ertu brosandi og þjónustulundaður einstaklingur með mikla reynslu af vinnumarkaði?

Hjá Bauhaus erum við alltaf með viðskiptavininn í fyrsta sæti þar sem markmiðið er að veita sem allra bestu þjónustu. Eitt mikilvægasta verkefni starfsmanna Bauhaus er að þjónusta viðskiptavininn með bros á vör.

Ef þú ert góður samstarfsmaður með létta lund og hraðar hendur skaltu endilega hafa samband.

**Upplýsingar veitir:**

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2015.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

www.n1.is facebook.com/enneinn




ÍSLENSKA/SIA.IS ENN 75693 08/15

**Höfuðborgarsvæðið:**
Óskum eftir að ráða starfsfólk til starfa við bílaþjónustu N1 á höfuðborgarsvæðinu.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla og þekking á smur- og hjólbarðaþjónustu
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Vönduð vinnubrögð
- Reglusemi og stundvísi

**Langitangi Mosfellsbæ:**
N1 óskar eftir að ráða vanan starfsmann á hjólbarðaverkstæði sitt á Langatanga í Mosfellsbæ.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla og þekking á smur- og hjólbarðaþjónustu
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Vönduð vinnubrögð
- Reglusemi og stundvísi

Hjólbarðaverkstæði N1 hafa öll hlotið vottun samkvæmt gæðakerfi Michelin, en þá vottun fá eingöngu þau hjólbarðaverkstæði sem uppfylla ströngustu gæðakröfur Michelin.

JAFNLAUNAVOTTUN VR

Nánari upplýsingar um störfin veitir Dagur Benónýsson í síma 440 1030 eða 862 6557

**Hluti af atvinnulífinu** N1

---

# Smíðavinna og hellulagnir

Óskum eftir að ráða duglegan og vandvirkan starfsmann í hellulagnir, smíðavinnu og fleira. Kostur að vera með vélapróf.

Umsóknir ásamt ferilskrám sendist á kleifarsel@gmail.com
**www.gardasmidi.is**

---

# Framtíðarstarf í byggingariðnaði

**Fagsmíði óskar eftir að ráða faglærða smiði til vinnu vegna sterkrar verkefnastöðu. Æskilegt er að bent sé á meðmælendur og upplýsingar veittar um starfsreynslu.**

**Umsóknir sendist á fagsmidi@fagsmidi.is**

FAGSMÍÐI

---

HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTURLANDS
AKRANES • BORGARNES • BÚÐARDALUR • GRUNDARFJÖRÐUR • HÓLMAVÍK • HVAMMSTANGI • ÓLAFSVÍK • STYKKISHÓLMUR

# Yfirlæknir Heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi

Auglýst er að nýju staða yfirlæknis Heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi, áður með fresti til 15. ágúst s.l. Sérfræðimenntun í heimilislækningum er skilyrði ásamt staðgóðri reynslu af stjórnunarlegum verkefnum. Vaktskylda fylgir starfinu svo og þátttaka í kennslu heilbrigðisstétta.
Lögð er áhersla á faglegan metnað, jákvæðni og sveigjanleika. Lipurð og áreiðanleiki í samskiptum eru skilyrði. Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði.
Leitað er að áhugasömum einstaklingi sem er reiðubúinn að takast á við endurskipulag og þróun nútímalegrar þjónustu á heilsugæslusviði þar sem leiðarljós er lýðheilsa og forvarnir.

## Stöður heilsugæslulækna

Auglýstar eru að nýju lausar stöður heilsugæslulækna við Heilsugæslustöðina á Akranesi, áður með fresti til 15. ágúst s.l. Sérfræðimenntun í heimilislækningum er æskileg eða staðgóð reynsla af læknisstörfum á heilsugæsluviði. Vaktskylda fylgir starfinu svo og þátttaka kennslu heilbrigðisstétta.
Lögð er áhersla á faglegan metnað, jákvæðni og sveigjanleika. Lipurð og áreiðanleiki í samskiptum eru skilyrði. Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði.
Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Embættis landlæknis, **www.landlaeknir.is** undir flipanum útgefið efni.
**Umsóknarfrestur um störfin er til 18. september 2015.** Upplýsingar gefa: Þórir Bergmundsson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 432 1000, netfang **thorir.bergmundsson@hve.is** og Guðjón S. Brjánsson, forstjóri í s. 432 1010, netfang **gudjon.brjansson@hve.is**
Vakin er athygli á möguleika fyrir 2 – 3 áhugasama heilsugæslulækna að koma til starfa og fá tækifæri til að móta og þróa starfsemina í ljósi ýmissa hugmynda um aukið samstarf við sveitarfélagið á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Akranes er stærsta bæjarfélagið á Vesturlandi en þar búa tæplega 7000 manns. Hröð íbúafjölgun hefur verið á Akranesi síðasta áratuginn en það tekur aðeins um 40 mínútur að keyra frá Reykjavík upp á Akranes ef farið er um Hvalfjarðargöng. Reglubundnar strætisvagnaferðir eru á milli Akraness og Reykjavíkur. Yfirbragð bæjarins er friðsælt og barnvænt. Stofnanir bæjarins eru rómaðar fyrir gott faglegt starf og íþrótta- og menningarlíf er í miklum blóma. Frábær aðstaða er til útivistar, meðal annars með 18 holu golfvelli.
Þjónustusvæði heilsugæslustöðvarinnar er Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit og íbúafjöldi er um 7,600. Á stöðinni starfa 4-5 heilsugæslulæknar auk 7 hjúkrunarfræðinga í ungbarna- og mæðravernd, heimahjúkrun, skólahjúkrun, heilsueflandi móttöku og öðrum almennum og sérstökum verkefnum. Næringarfræðingur, sálfræðingar og iðjuþjálfi starfa í tengslum við heilsugæslustöðina. Við stöðina er starfar sérhæft teymi fagfólks við greiningu hegðunar- og þroskafrávika barna.
Heilsugæslustöðin er hluti af Heilbrigðisstofnun Vesturlands sem tók til starfa 1. janúar 2010 og samanstendur að auki af starfsstöðvum í Borgarnesi, Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík, Búðardal, Hólmavík og Hvammstanga.

---

HELSE PERSONAL AS

# Sykepleiere til Norge

Helse Personal AS søker engasjerte og faglig dyktige sykepleiere til ulike oppdrag i Norge innenfor sykehjem, hjemmesykepleie, respiratorteam og bofellesskap.

Dekker bolig og reise etter fastsatte satser.

Du må ha norsk autorisasjon som sykepleier, og beherske norsk, dansk eller svensk språk godt både skriftlig og muntlig.

**Tirsdag 25/8-15 kl 10.00 til 18.00 er vi å møte på Hotel Plaza Reykjavik, og DU er velkommen innom.**

**Send oss gjerne en mail i forkant med din CV.**

**Kontaktinformasjon:**
Helse Personal, **post@helsepersonal.no**
Tlf 00 47 902 80 287
**www.helsepersonal.no**

---

Persónuvernd

*Persónuvernd er sjálfstæð ríkisstofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglna settra samkvæmt þeim. Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum um vinnslu persónuupplýsinga og mælir fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Þá leiðbeinir Persónuvernd þeim sem rádgera að vinna með persónuupplýsingar.*

# LÖGFRÆÐINGUR

LAUS ER TIL UMSÓKNAR STAÐA LÖGFRÆÐINGS HJÁ PERSÓNUVERND

**STARFSSVIÐ OG HELSTU VERKEFNI:**
- Almenn lögfræðistörf, m.a. vinna að úrskurðum í ágreiningsmálum og álitum
- Almenn afgreiðsla fyrirspurna
- Undirbúningur og vinna við tillögur að endurskoðun eða breytingu á lögum og reglugerðum
- Þátttaka í erlendu samstarfi
- Önnur verkefni sem forstjóri kann að fela starfsmanni og tengjast starfsemi stofnunarinnar

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti. Þekking á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Sjálfstæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum
- Frumkvæði, ábyrgð og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

Starfsreynsla innan stjórnsýslunnar er æskileg sem og reynsla af ritun úrskurða og gerð stjórnvaldsákvarðana.

Um fullt starf er að ræða og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið, skal senda á netfangið postur@personuvernd.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. september nk.** Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Alma Tryggvadóttir, settur forstjóri, í síma 510-9600.

Persónuvernd, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík
www.personuvernd.is

---

# Félagsráðgjafi óskast til starfa hjá Sjálfsbjargarheimilinu

**Helstu verkefni:**
Stuðningur við íbúa, aðstandendur og starfsmenn í samstarfi við aðra fagaðila.
Heldur utan um fræðslu til starfsmanna.
Hefur umsjón með starfsdögum starfsmanna.

**Menntun og hæfniskröfur:**
Félagsráðgjafamenntun
Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
Lipurð í mannlegum samskiptum
Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu
Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Um er að ræða 50% stöðu.

Hreyfihamlaðir einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu berist til Tryggva Friðjónssonar framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar heimilisins á netfangið **tryggvi@sbh.is** fyrir sunnudaginn 6. september 2015.

Laun ráðast af samningum Félagsráðgjafafélags Íslands við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Sjálfsbjargarheimilið rekur búsetuþjónustu og fleiri starfsemisþætti í Sjálfsbjargarhúsinu að Hátúni 12, 105 R. Sjálfsbjargarheimilið hlaut útnefninguna Stofnun ársins 2014 og hafði þar áður verið valin fjórum sinnum sem fyrirmyndarstofnunun af SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu, sjá tengil: **http://sfr.is/kannanir-sfr/stofnun-arsins/stofnun-arsins-2014/**

Sjálfsbjargar HEIMILIÐ
STOFNUN ÁRSINS 2014

# MÓTTÖKURITARI

**Domus Medica** óskar eftir að ráða móttökuritara í 100% starf (09:00-17:00) og 50% starf (09:00-13:00). Í boði er skemmtilegt og krefjandi starf sem felst m.a. í símsvörun, skráningu tímapantana og móttöku sjúklinga. Við leitum af jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem býr yfir almennri tölvukunnáttu og góðri enskukunnáttu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn og ferilskrá fyrir 5. september á tölvupóstfangið **domusmedica@domusmedica.is**

---

emmessís

## Emmessís ehf. leitar að:

**Lagermanni með lyftarapróf** og reynslu af birgðahaldi.
**Helstu verkefni eru**
tiltekt pantana,
utanumhald á lager,
talningar og frágangur á vörum.
Við leitum að duglegum einstaklingi með góða þjónustulund.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Bílstjóra með meirapróf** og góða þjónustulund við sölu og dreifingu á vörum fyrirtækisins.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á **ragnar@emmessis.is** eigi síðar en **föstudaginn 4. september 2015.**

---



### KRANAMENN ÓSKAST

Óskum eftir öflugum kranamönnum með meirapróf og réttindi til að stjórna 65tm og 72tm bílkrönum. Mikill kostur að geta gripið í hamar, borvél og fleiri hefðbundin tæki og tól.

### SMIÐIR OG VERKAMENN ÓSKAST

Óskum eftir iðnmenntuðum smiðum og verkamönnum í reisingu stálgrindarhúsa. Leitum að metnaðarfullum, duglegum og sjálfstæðum aðilum með reynslu sem geta hafið störf sem fyrst eða með haustinu.

### BÍLSTJÓRAR MEÐ MEIRAPRÓF

Óskum eftir reglusömum og duglegum bílstjórum til aksturs á fóðri, gámum og fleiru, sem þurfa að vera reiðubúnir í langkeyrslu og stöku gistingu á landsbyggðinni.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu eingöngu sendar með tölvupósti á landstolpi@landstolpi.is fyrir 15. september.**

Landstólpi er vaxandi fyrirtæki með kjarnastarfsemi í heildsölu og smásölu landbúnaðarvara og byggingu stálgrindarhúsa. Hjá fyrirtækinu starfa 25 manns.

LANDSTÓLPI

**Landstólpi Gunnbjarnarholti 801 Selfoss**
**landstolpi@landstolpi.is www.landstolpi.is**

---

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## VERKEFNASTJÓRI FÉLAGSAUÐS OG FRÍSTUNDA Í MIÐGARÐI, ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ GRAFARVOGS OG KJALARNESS

**MIÐGARÐUR, ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ GRAFARVOGS OG KJALARNESS AUGLÝSIR EFTIR VERKEFNASTJÓRA FÉLAGSAUÐS OG FRÍSTUNDA. UM ER AÐ RÆÐA FULLT STARF.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Umsjón og ráðgjöf varðandi félags- og frístundastarf í hverfunum og stuðla að eflingu þeirra
- Stuðla að þátttöku íbúa í félags- og frístundastarfi sem og sam félagsverkefnum
- Vinna að jákvæðri uppbyggingu félagsauðs í hverfunum.
- Þátttaka í stefnumörkun um félags- og frístundamál hverfanna.
- Þátttaka í framkvæmd forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og umsjón með forvörnum í hverfunum.
- Starfar með hverfisráðum að ýmsum hverfatengdum verkefnum.
- Byggja upp og leiða samstarf á milli stofnanna, félagasamtaka og einstaklinga í hverfunum um ýmis hverfistengd verkefni
- Ber ábyrgð á miðlun upplýsinga, s.s. á heimasíðu Miðgarðs Þátttaka í þverfaglegri vinnu
- Umsjón með lýðræðisverkefnum.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun æskileg.
- Þekking og reynsla af samfélagsvinnu og frístundastarfi.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Sigurþórsdóttir í síma 411-1400 eða með því að senda fyrirspurn á **ingibjorg.th.sigurthorsdottir@reykjavik.is**

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf**

**Umsóknarfrestur er til 05.09. 2015**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
Europcar
Þínar þarfir - okkar þjónusta

# Spennandi störf
## - hjá frábæru þjónustufyrirtæki.

## Við leitum að harðduglegu afgreiðslufólki

**Starfslýsing**
Við leitum að duglegum, samviskusömum og stundvísum einstaklingum í framtíðarvinnu í afgreiðslu Bílaleigu Akureyrar á starfsstöðvum okkar í Reykjavík, bæði í Skeifunni og á Njarðargötu. Starfið felst í allri almennri afgreiðslu, svo sem símsvörun, útleigu bíla, uppgjöri samninga, ferjanir á bifreiðum og annað sem fellur til. Unnið er skv. 2-2-3 vaktafyrirkomulagi.

**Starfskröfur**
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Önnur tungumálakunnátta kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gilt ökuskírteini.
- Stundvísi.
- Rík þjónustulund.
- Jákvæðni og áreiðanleiki.
- Hreint sakavottorð.

## Við leitum að kraftmiklu fólki í þjónustudeild

**Starfslýsing**
Við leitum að duglegum, vandvirkum og stundvísum einstaklingum í framtíðarvinnu í þjónustudeild Bílaleigu Akureyrar á starfsstöðvum fyrirtækisins í Reykjavík, bæði í Skeifunni og á Njarðargötu. Í þjónustudeild er bifreiðafloti fyrirtækisins þrifinn hátt og lágt, að innan sem utan. Einnig felst í starfinu akstur og ferjanir á bílum ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Við leitum því að fólki sem er óhrætt við líkamlega vinnu og hefur bílpróf. Unnið er skv. 2-2-3 vaktafyrirkomulagi.

**Starfskröfur**
- Gilt ökuskírteini.
- Stundvísi.
- Rík þjónustulund.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni og áreiðanleiki.
- Hreint sakavottorð.

Upplýsingar um störfin veitir Dagbjört Jónasdóttir - dagbjort@holdur.is
Umsóknir sendist á netfangið atvinna@holdur.is
Mikilvægt er að ferilskrá og mynd fylgi umsóknum.
**Umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst n.k.**

VOTTUN HF. ÍST ISO 9001 · VOTTUN HF. ÍST ISO 14001 · VAKINN Quality CERTIFIED TRAVEL SERVICE · VAKINN Quality GOLD-CLASS ENVIRONMENTAL

Höldur ehf / Bílaleiga Akureyrar er stærsta bílaleiga landsins með tuttugu afgreiðslustaði um land allt. Hjá fyrirtækinu starfar stór og afar samhentur hópur starfsmanna að því sameiginlega markmiði að veita viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustuna á íslenskum bílaleigumarkaði, ávallt með lipurð og sveigjanleika að leiðarljósi.

## Ráðgjöf
Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## Ráðningar
Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ráða mestu um árangur fyrirtækja

## Rannsóknir
Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

Velkomin á nýja heimasíðu Intellecta. Fjölbreytt störf í boði

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

---

Heila-, tauga- og bæklunarskurðdeild

LANDSPÍTALI

# HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

*Við sækjumst eftir hjúkrunarfræðingum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem og nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum. Deildin sinnir sjúklingum eftir aðgerð á heila, mænu og taugum auk þjónustu við sjúklinga með stoðkerfisvandamál og eftir liðskiptaaðgerðir.*
*Kjörið tækifæri til að kynnast gefandi og einstaklingshæfði hjúkrun sjúklinga sem þurfa mikla og flókna umönnun.*
*Boðið verður upp á sérstakt starfsþróunarár fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga næsta haust í formi fyrirlestra, umræðufunda, handleiðslu og ráðgjafar.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðing og bera ábyrgð á meðferð
- Skipuleggja og veita fræðslu til sjúklinga og aðstandenda
- Þátttaka í teymisvinnu

**Hæfnikröfur**

- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Nánar upplýsingar veitir Dröfn Ágústsdóttir, deildarstjóri, (drofna@landspitali.is, 824 5946).

**Umsóknarfrestur er til og með 7. september 2015.**

Starfshlutfall er 50-100% og eru störfin laus frá 15. sept. 2015 eða eftir nánara samkomulagi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags.
Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

---

# Afgreiðslustarf

**Virka óskar eftir starfsmanni í hálfsdagsstarf.**
**Einnig er afleysingastarf í boði.**
Við leitum eftir jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingi með einhverja þekkingu á saumaskap.

Upplýsingar í síma 825 0022
eða sendið umsókn á dagbjört@virka.is

VIRKA
Mörkinni 3, 108 RVK.

---

## VILT ÞÚ SKAPA GÓÐAR MINNINGAR?

**Starfsmaður í hvataferðadeild**

Nordic Visitor leitar eftir metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi í hvataferðadeild fyrirtækisins til að sinna sölu og skipulagningu hvataferða og annarra viðburða.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegu starfi eða reynslu úr ferðaþjónustu.

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á www.nordicvisitor.com/atvinna/**
**Umsóknarfrestur er 4. september 2015.**

Nordic Visitor er framsækin ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í því að skapa góðar minningar með sérsniðnum pakkaferðum fyrir einstaklinga og hópa til allra Norðurlanda.

Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti síðan það var stofnað árið 2002 og er í dag eitt af stærstu ferðaþjónustufyrirtækjum Íslands með um 60 starfsmenn.

NORDIC VISITOR DMC



VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2015

---



Veðurstofa Íslands

# Snjóathuganir á Ólafsvík

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða snjóathugunarmann til starfa á Ólafsvík. Um er að ræða hlutastarf í tímavinnu, sem alla jafna er unnið á tímabilinu **15. október til 15. maí**.

Snjóathugunarmaður fylgist með snjóalögum og veðri í nágrenni við sitt byggðalag og aðstoðar við að meta yfirvofandi hættu á snjóflóðum. Einnig sinnir snjóathugunarmaður reglulegum mælingum á snjó, mælir snjóflóð sem falla og skrifar um þau skýrslur.

Umsækjandi verður að þekkja vel til veður- og snjóaðstæðna á Ólafsvík. Hann verður að geta gert snjóathuganir til fjalla, jafnvel við erfiðar aðstæður, og starfað undir miklu álagi þegar hættuástand skapast. Nýr starfsmaður mun fá þjálfun í öryggisatriðum sem tengjast starfinu og mati á snjóflóðahættu.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun október.

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Harpa Grímsdóttir**, fagstjóri ofanflóðavár (**harpa@vedur.is**) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**) í síma **522 6000**.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. september nk.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á **www.starfatorg.is**.

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e.* ***lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum og hafi****. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum:* ***Eftirlits- og spásviði, Athugana- og tæknisviði, Úrvinnslu- og rannsóknasviði, Fjármála- og rekstrarsviði og Skrifstofu forstjóra****. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar* ***www.vedur.is***

*Gildi Veðurstofunnar eru* ***þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna****. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

www.vedur.is
522 6000

---

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

# Vélvirki eða vélfræðingur.

**Myllan óskar að ráða vélvirkja eða vélfræðing til starfa í viðgerðardeild fyrirtæksins. Einnig kemur til greina að ráða duglegan einstakling án réttinga með góða starfsreynslu.**

**Meðal helstu verkefna:**
- Viðhald og viðgerðir á framleiðsluvélum og búnaði.
- Bilanagreining
- Almenn viðgerðarvinna
- Samskipti við framleiðsludeildir

**Hæfniskröfur:**
- Sveinspróf eða sambærileg menntun æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulögð vinnubrögð
- Almenn tölvuþekking

Nánari upplýsingar um starfið gefur Flóvent Sigurðsson verkstjóri í s. 510 2300 og **flovent@myllan.is**

Áhugasamir fylli út atvinnuumsókn á vef fyrirtækisins, **myllan.is**

**Umsóknarfrestur er til 15. september 2015**

*Myllan er leiðandi fyrirtæki á íslenskum matvælamarkaði, sem sérhæfir sig í markaðssetningu og framleiðslu á brauðum, kökum og skyldum vörum fyrir neytendamarkað, hótel og veitingahús, mötuneyti og stofnanir. Myllan stefnir að því að uppfylla fjölbreyttar þarfir viðskiptavina sinna á sínu sviði með viðeigandi lausnum í hverju tilfelli.*

STEYPUSTÖÐIN

## Starfsmaður á skrifstofu

**Steypustöðin ehf. óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu félagsins.**

Helstu verkefni eru símsvörun og móttaka viðskiptavina, afstemmingar og ýmis tilfallandi skrifstofu- og bókhaldsstörf.

Leitað er að starfsmanni með þekkingu á bókhaldi og góða almenna tölvuþekkingu. Reynsla af notkun Navision er æskileg en ekki nauðsynleg.

Um er að ræða framtíðarstarf.
Viðkomandi þarf að hafa ökuréttindi og náð 20 ára aldri.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst 2015

Umsóknum skal skilað til Önnu Stellu Guðjónsdóttir fjármálastjóra á netfangið **anna@steypustodin.is**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Réttindagæslumaður fatlaðs fólks á Austurlandi

**Velferðarráðuneytið** auglýsir lausa til umsóknar stöðu réttindagæslumanns fatlaðs fólks á Austurlandi skv. 4. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 og reglugerð nr. 973/2012.
Um hálft starf er að ræða

**Helstu verkefni réttindagæslumanns er að fylgjast með högum fatlaðs fólks, veita því nauðsynlegan stuðning við að leita réttar síns og koma með ábendingar til þjónustuaðila.**
Nánari upplýsingar um réttindagæslu er að finna á **www.vel.is/rettindagaesla**

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og áhugi á réttindum fatlaðs fólks.
- Reynsla af starfi með fötluðu fólki.
- Þekking á mismunandi tjáskiptaleiðum fatlaðs fólks.
- Færni til að vinna sjálfstætt og skipulega
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á stjórnsýslu er kostur

Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Halldór Gunnarsson, **halldor.gunnarsson@vel.is**
Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: **postur@vel.is** eigi síðar en 7. september nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

Velferðarráðuneytinu, 22. ágúst 2015.



Veðurstofa Íslands

# Sérfræðingur í mælarekstri

Veðurstofa Íslands auglýsir eftir sérfræðingi í mælarekstri, til starfa á Athugana- og tæknisviði, tímabundið starf í eitt ár. Sviðið sinnir margþættu hlutverki fyrir langtíma náttúrufars- og auðlindarannsóknir og vöktun náttúruvár. Sviðið ber ábyrgð á frumskráningu allra mæligagna og gagnastraumum til innri og ytri viðskiptavina. Í boði er spennandi og krefjandi starf í hópi 25 starfsmanna við rekstur á viðamiklu mælikerfi sem telur yfir 600 stöðvar, vítt og breytt um landið.

**Helstu verkefni**
Sérfræðivinna við mælarekstur, eftirlit og uppbyggingu mælakerfa, ásamt miðlun mæligagna og úrvinnslu. Starfið spannar mælarekstur á sviði veðurmælinga, jarðeðlisfræðlegra mælinga og vatnamælinga, auk annarra sértækra mælinga. Starfinu gæti einnig fylgt hlutverk á sviði gagnastrauma, um þróun og endurnýjun gagnaflutningsleiða.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólanám á sviði, verkfræði, tæknifræði eða raunvísinda. Framhaldsnám (M.Sc) á framangreindum sviðum er kostur.
- Farsæl reynsla á sviði mælareksturs og úrvinnslu mæligagna, gagnaumsýslu og streymi mæligagna er kostur.
- Góð tölvuþekking. Reynsla á sviði forritunar mælitækja er kostur.
- Þekking á viðhaldi og viðgerð mælitækja og eftirlit með sannprófun þeirra er kostur.
- Færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu.
- Góð færni í íslensku og ensku.
- Farsæl reynsla af ferðum í óbyggðum og ökuréttindi C1E er kostur.

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Óðinn Þórarinsson**, framvæmdastjóri Athugana- og tæknisviðs (**odinn@vedur.is**) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**) í síma **522 6000**.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. september nk.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á **www.starfatorg.is**.

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e.* ***lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum og hafi****. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum:* ***Eftirlits- og spásviði, Athugana- og tæknisviði, Úrvinnslu- og rannsóknasviði, Fjármála- og rekstrarsviði og Skrifstofu forstjóra****. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar* ***www.vedur.is***

*Gildi Veðurstofunnar eru* ***þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna****. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

www.vedur.is
522 6000

# Sérfræðingar óskast!

Við óskum eftir sérfræðingum til að ganga til liðs við eitt stærsta og öflugasta rekstrarteymi landsins. Sérfræðingar Sensa sjá um úrlausn vandamála hjá viðskiptavinum, daglegan rekstur sértækra kerfa ásamt því að bera ábyrgð á lausnum og tölvukerfum valinna viðskiptavina.

**Microsoft sérfræðingur**

Þekking og reynsla af rekstri Microsoft lausna

Microsoft prófgráður og þekking á Skype for Business er kostur

**Citrix sérfræðingur**

Þekking og reynsla af rekstri XenApp og XenDesktop

Citrix prófgráður eru kostur, sér í lagi í virtualization

Ef þú telur þig hafa það sem þarf til að ná árangri í krefjandi umhverfi þá vinsamlegast sendu okkur upplýsingar um þig á **starf@sensa.is**. Umsóknum þarf að skila inn fyrir **1. september nk.** Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Ármúla 31 – 108 Reykjavík – S. 425 1500 – www.sensa.is

sensa

Sensa er í fararbroddi í hýsingar-, rekstrar- og samskiptalausnum þar sem sterk liðsheild, hátt þekkingarstig og verðmæt viðskiptasambönd spila stórt hlutverk. Sensa er Cisco Gold Partner og stærsti sölu- og þjónustuaðili Cisco samskiptabúnaðar á Íslandi. Þá er Sensa eini samstarfsaðili Microsoft á Íslandi sem er með Premier samning. Mikil áhersla er lögð á velferð starfsmanna, góðan starfsanda og hvetjandi og skemmtilegt starfsumhverfi, m.a. með því að veita starfsmönnum tækifæri til að vaxa með þjálfun og símenntun. Sensa leggur áherslu á vönduð og fagleg vinnubrögð og hefur ávallt þarfir viðskiptavina í fyrirrúmi.

# LOCAL OPNAR Í HAFNARFIRÐI

**Local opnar nýjan veitingastað að Reykjavíkurvegi 62 í Hafnarfirði á næstu dögum og okkur vantar duglegt og skemmtilegt fólk til starfa þar. Þau störf sem eru í boði eru bæði fullt starf á virkum dögum og hlutastarf á kvöldin og um helgar.**



Umsækjandi þarf að vera eldri en 20 ár, vera fljót/ur að læra, vera skemmtileg/ur, vera með góða samskipta- og skipulagshæfileika og geta leyst hin ýmsu tilfallandi verkefni innan fyrirtækisins með bros á vör.

Umsækjandi þarf að hafa reynslu af sambærilegu starfi og hafa tvo meðmælendur sem eru tilbúnir að segja okkur hversu frábær viðkomandi er. Góð laun og skemmtilegt starfsumhverfi í boði fyrir réttan aðila.

Ef þú hefur áhuga á að vinna með okkur þá endilega sendu okkur umsókn ásamt ferilskrá á thorbergur@localsalad.is og mundu að tiltaka hvaða starf þú ert að sækja um.

**Við hlökkum til að heyra frá þér**

local

localsalad.is | localsalad | localsalad

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Verkefnastjóri | Ríkiskaup | Reykjavík | 201508/849 |
| Umsjónarmaður | Þjóðskjalasafn Íslands | Reykjavík | 201508/848 |
| Heimilislæknar | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201508/847 |
| Yfirlæknir | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201508/846 |
| Snjóathugunarmaður | Veðurstofa Íslands | Ólafsvík | 201508/845 |
| Sérfræðingur í mælarekstri | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201508/844 |
| Sjúkraliði, heimahjúkrun | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201508/843 |
| Hjúkrunarfræðingur/sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Borgarfj. eystri | 201508/842 |
| Verkefnastjóri | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201508/841 |
| Sérfræðingur | Umhverfisstofnun | Akureyri/Egilsst | 201508/840 |
| Sérfræðingar | Umhverfisstofnun, efnateymi | Ýmsir staðir | 201508/839 |
| Aðstoð í mötuneyti | Samgöngustofa | Reykjavík | 201508/838 |
| Eftirlitsmaður í flugleiðsögudeild | Samgöngustofa | Reykjavík | 201508/837 |
| Geislafræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Keflavík | 201508/836 |
| Eftirlitsmaður við fyrirtækjaeftirlit | Vinnueftirlitið | Egilsstaðir | 201508/835 |
| Réttindagæslumaður fatlaðs fólks | Velferðarráðuneytið | Austurland | 201508/834 |
| Starfsmaður í ræstingum | Alþingi, skrifstofa | Reykjavík | 201508/833 |
| Aðalbókari | Vegagerðin | Reykjavík | 201508/832 |
| Símsvörun og alm. skrifst.störf | Matvælastofnun | Selfoss | 201508/831 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum | Vestm.eyjar | 201508/830 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH, heila-, tauga- og bækl.skurðd. | Reykjavík | 201508/829 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, skurðlækningadeild | Reykjavík | 201508/828 |
| Hjúkrunarfræðingur, næturvaktir | LSH, HNE-, lýta og æðaskurðdeild | Reykjavík | 201508/827 |
| Ljósmæður | LSH, meðgöngu- og sængurlegudeild | Reykjavík | 201508/826 |
| Sérfræðilæknir í endurhæf.lækn. | LSH, endurhæfingardeild Grensási | Reykjavík | 201508/825 |
| Sjúkraliði, næturvaktir | LSH, skurð- og þvagfæraskurðdeild | Reykjavík | 201508/824 |
| Deildarstjóri | Stofnun Árna Magnúss. í ísl. fræðum | Reykjavík | 201508/823 |
| Ræstingar/umsjón | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201508/822 |
| Framkvæmdastjóri fjármála | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201508/821 |
| Aðstoðarmaður í mötuneyti | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201508/820 |

# Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

# Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Gerðarsafn**

- Starfsmaður í móttöku Gerðarsafns, listasafn Kópavogs

**Leikskólar**

- Leikskólakennari í leikskólann Núp
- Sérkennari í leikskólann Núp
- Deildarstjóri í leikskólann Núp
- Matráður afleysing í leikskólann Sólhvörf
- Leikskólakennarar í leikskólann Urðarhól

**Grunnskólar**

- Skólaliðar í dægradvöl Salaskóla

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR

VIRÐING – VELLÍÐAN – VIRKNI

## Grunnskóli Grindavíkur óskar eftir kennurum og þroskaþjálfa til starfa næsta skólaár

**Umsóknarfrestur er til 4. september.**
**Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.**

**Í Grunnskóla Grindavíkur eru lausar stöður sérkennara og þroskaþjálfa**

Skólinn er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með um 470 nemendur í tveimur starfsstöðvum. Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni og lögð áhersla á að skapa námsumhverfi í samráði við foreldra þar sem allir eru virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Í framtíðarsýn skólans kemur fram að skólinn er lærdómssamfélag þar sem áhersla er á að allir nemendur hljóti góða menntun og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga í öruggu og uppbyggilegu umhverfi. Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru virkir þátttakendur í lærdómssamfélaginu.
Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar.
Sjá nánar á heimasíðu skólans
**http://www.grindavik.is/grunnskolinn.**

- Við leitum að einstaklingum með réttindi til kennslu í grunnskóla sem eru metnaðarfullir, og góðir í mannlegum samskiptum, með skipulagshæfileika, eru sveigjanlegir og tilbúnir að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Starfsmenn Grindavíkurbæjar hafa sett sér eftirfarandi gildi sem unnið er eftir í starfsemi bæjarins, þau eru jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknir skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið **halldorakm@grindavik.is** .

**Nánari upplýsingar veitir Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri í síma 660-7330.**

# ATVINNA

## RAFVIRKI

Vanur rafvirki sem getur unni sjálfstætt óskast til starfa.
Mikil vinna.

**Umsóknir berist á netfangið a.oskarsson@simnet.is eða í síma 892 3427.**

## VERKAMENN

Verkamenn óskast til eftirlits og umhirðu með færibandakerfi.
Unnið er á 12 tíma vöktum frá kl. 05:00 – 17:00.
Unnið er samkvæmt vaktakerfinu 2-2-3.

Umsækjendur þurfa að vera líkamlega hraustir og góðir í mannlegum samskiptum.

**Umsóknir berist á netfangið a.oskarsson@simnet.is eða í síma 892 3427.**

Umsækjendur þurfa að geta staðist bakgrunnsskoðun til að mega vinna innan haftasvæðis Keflavíkurflugvallar.

A. Óskarsson verktaki ehf
Reykjanesbæ

# SÖLUMAÐUR MAZDA

Sölumaður fyrir nýja og notaða Mazda bifreiðar óskast til starfa hjá Brimborg í Reykjavík. Krefjandi, fjölbreytt og spennandi starf fyrir metnaðarfullan og drífandi einstakling.

*Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á www.brimborg.is*
*Umsóknarfrestur er til 4. september 2015.*

brimborg – Öruggur staður til að vera á

# HÚSASMIÐJAN Í BORGARNESI LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMANNI



## Viljum ráða metnaðarfullan og þjónustulundaðan starfmann til sölu- og afgreiðslustarfa í verslun okkar í Borgarnesi

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

**Ábyrgðarsvið**
- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af afgreiðslustörfum kostur
- Þekking á málningar- og múrefnum kostur
- Samskiptahæfni, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**

**Umsóknir berist fyrir 31. ágúst n.k.**
**til Gauta Sigurgeirssonar, rekstrarstjóra verslunarinnar á netfangið gauti@husa.is eða í síma 660 3019.**
**Öllum umsóknum verður svarað.**

HÚSASMIÐJAN – HLUTI AF BYGMA – SÍÐAN 1956

# Grundarfjarðarbær

## Starf skipulags- og byggingarfulltrúa.

**Grundarfjarðarbær auglýsir starf byggingar- og skipulagsfulltrúa laust til umsóknar.**
Um er að ræða mjög spennandi starf í áhugaverðu samfélagi. Leitað er eftir öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að þróa starfið á traustum grunni. Byggingarfulltrúi ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, úttektum, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa.
**Um er að ræða 100% starf og er umsóknarfrestur til og með 3. september nk.**

**Samkvæmt auglýsingunni er starfssvið byggingarfulltrúa eftirfarandi:**
- Framkvæmd skipulags- og byggingarmála.
- Áætlanagerð og eftirfylgni, mælingar, úttektir og útreikningar.
- Undirbúningur- og eftirfylgni funda skipulags- og bygginganefndar.
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnsýslunnar, sem sinna verkefnum á sviði byggingarmála.
- Yfirumsjón framkvæmda og eignasýslu í sveitarfélaginu.
- Önnur verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og skipulagslaga nr. 123/2010, er nauðsynleg.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Þekking og reynsla af úttektum og mælingum.
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum og byggingarreglugerð.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Umsókn á að fylgja greinargóð starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn á netfangið **thorsteinn@grundarfjordur.is, eigi síðar en 3. september nk.** Einnig er óskað eftir að umsækjendur tilgreini a.m.k. tvo umsagnaraðila í umsókn sinni. Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri Grundarfirði í síma 4308500 eða tölvupósti: **thorsteinn@grundarfjordur.is.**

Grundarfjarðarbær

**Skurðlækningadeild**

LANDSPÍTALI

# HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

*Við sækjumst eftir hjúkrunarfræðingum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem og nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum á bráðaskurðdeild.*
*Kjörið tækifæri til að kynnast hjúkrun sjúklinga sem þurfa mikla og flókna umönnun.*
*Boðið verður upp á sérstakt starfsþróunarár fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga næsta haust í formi fyrirlestra, umræðufunda, handleiðslu og ráðgjafar.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðing og bera ábyrgð á meðferð
- Skipuleggja og veita fræðslu til sjúklinga og aðstandenda
- Þátttaka í teymisvinnu

**Hæfnikröfur**
- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Nánar upplýsingar veitir Elín María Sigurðardóttir, deildarstjóri, (elinmsig@landspitali.is, 825 5914).

**Umsóknarfrestur er til og með 7. september 2015.**

Starfshlutfall er 50-100% og eru störfin laus frá 15. sept. 2015 eða eftir nánara samkomulagi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

Heimilistæki
ht.is



## MARKAÐSFULLTRÚI

Óskum eftir markaðsfulltrúa sem aðstoðar við markaðssetningu fjölmargra vörumerkja. Starfið felur í sér vöruframsetningu, umsjón með samfélagsmiðlum og vefsíðum ásamt textaskrifum, þýðingum og öðrum sölu- og markaðstengdum verkefnum. Brennandi áhugi og reynsla af markaðsmálum og samfélagsmiðlum æskileg ásamt reynslu af notkun þeirra. Sköpunar- og drifkraftur er æskilegur sem og hæfni til að vinna undir álagi. Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg.

**Hvetjum alla sem uppfylla þessi skilyrði og hafa áhuga á auglýstum störfum til þess að fylla út rafræna umsókn á heimasíðu okkar www.ht.is/starf**

**Heimilistæki var stofnað árið 1962 og er í dag leiðandi fyrirtæki í sölu á raf- og heimilistækjum á Íslandi. Starfræktar eru 7 verslarnir um land allt undir merkjum Heimilistækja.**

**Boðið er upp á vandaðar vörur frá fjölda virtra framleiðanda á borð við Philips, Whirlpool, Kenwood, Denon, Nikon, DeLonghi, Braun, Panasonic, NAD, Beko og Vestfrost.**

## Blikksmiður

Blikksmiðjan Vík ehf óskar eftir að ráða blikksmið eða mann vanan blikksmíði, þarf að geta starfað sjálfstætt.

Umsóknir sendist á eyjolfur@blikkvik.is
öllum umsóknum verður svarað.

## SÖLUFÓLK Í VERSLUN **FULLT STARF**

**Ert þú eldhress, drífandi og með ríka þjónustulund? Þá ert þú starfskrafturinn sem við viljum vinna með. Aðalverkefnin eru ráðgjöf, sala og þjónusta við viðskiptavini ásamt vöruframsetningu.**

**Hæfniskröfur:**

- **Reynsla af verslunarstörfum**
- **Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum**
- **Brennandi áhugi á sölumennsku**
- **Þolinmæði, stundvísi og skipulagshæfileikar**

**jens@byggtogbuid.is**
svarar umsóknum
til 31. ágúst

byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

VARMA
The Warmth of Iceland

**Glófi ehf. leitar að metnaðarfullum einstaklingum til að vinna að framleiðslu á VARMA ullarvörum og sérframleiðslu á ullarvörum fyrir hönnuði á saumastofu okkar í Ármúla .**

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla eða almenn kunnátta á saumavélar og í saumaskap.
- Metnaður, drifkraftur og geta unnið sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðhorf til teymisvinnu

Glófi ehf er stærsti framleiðandi á prjóna- og mokkavöru á Íslandi. Aðalvörumerki fyrirtækisins er VARMA the warmth of Iceland. Markmið og áherslur fyrirtækisins er að þróa og nýta íslenskt hráefni sem mest og setja á markaðinn fallegar og vandaðar prjóna- og mokkavörur. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi. Umsvif fyrirtækisins eru í stöðugri aukningu og og leitum við því að einstakling sem hefur áhuga og metnað til að taka þátt í uppbyggingu á þessu gamalgróna vörumerki. Sjá einnig www.varma.is og á Facebook undir VARMA the warmth of Iceland

Umsóknir sendist á saeunn@varma.is fyrir 31.ágúst
Öllum umsóknum verður svarað.

GLÓFI




We're looking for a creative Content writer that likes the challenge of digging into nerdy stuff like IP address management, DHCP and DNS, and other similar matters that relate to the backbone of company networks; transforming technical subject matters into humanly relevant messages that resonate with, engage and educate a variety of audiences.

**Education and experience**

- Demonstrate stellar storytelling ability, with written and verbal communication skills and a keen eye for detail.
- Excellent command over English, especially conversational English.
- Must be a quick learner, detailed and organized, result oriented, and have an affinity for technology.
- Must have experience or education in English, Communications, Technology or in similar fields.

**Essential duties & responsibilities**

- Research, write and edit material for marketing communications including print and online articles, white papers, case studies, blog posts, website content, newsletters, info graphics and more.

All applications are strictly confidential and will be answered. Please send a CV with an introduction letter to careers@menandmice.com by September 1st, 2015.

For further information please contact Men & Mice: tel. +354- 412-1500, careers@menandmice.com

Men & Mice, HQ in Iceland, offer solutions built to meet the challenges of DNS, DHCP & IP Address management in large and growing computer networks through simplified and streamlined IP Address management administration. Customers of Men & Mice include Microsoft, Intel, Intuit, Xerox, HP, IMF, Sprint, Nestlé, Unilever to name a few.

menandmice.com
MEN&MICE

Deilir

## Tæknimaður í Orkuverum

Deilir auglýsir laust starf tæknimanns í kvörðun mælitækja og bilanagreiningu þeirra.

**Menntun á sviði**
Vélfræði er nauðsynleg, reynsla í raf – og vélfræði eða sambærileg menntun.

Reynsla og þekking af viðhaldsstörfum við orkuver er einnig kostur en ekki skilyrði.

**Hæfniskröfur starfsmanns eru**
nákvæmni, góð almenn eðlisfræði-, stýritækni- og raf-magnsfræði kunnátta. Starfsmaður þarf að hafa mikinn áhuga á mælitækni almennt og tölvufærni sem til þarf til að sinna þessu verkefnum.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á Jóhann Jónasson á netfangið **jj@deilir.com.**
**Lokadagur umsókna er til og með 30. Ágúst nk.**

Deilir sérhæfir sig í þjónustu við Jarðorkuver. Starfsmenn Deilis eru sérfræðingar í gufuhverflum og tengdum búnaði, og veita orkufyrirtækjum faglega þjónustu varðandi upptektir, ástandsgreiningu hluta og varahlutaþjónustu. Sjá nánar á **www.deilir.com**

# FESTI

FESTI HF. sérhæfir sig í rekstri verslunarfyrirtækja.

Fyrirtæki í eigu FESTI eru INTERSPORT, BAKKINN vöruhótel, ELKO og Kaupás, sem rekur matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, Nóatúns og Kjarvals.




## Deildarstjóri á fjármálasviði

**Starfssvið:**

Umsjón með bókhaldi samstæðunnar, rekstraruppgjör, kostnaðareftirlit, greining á rekstrarupplýsingum og upplýsingagjöf til fyrirtækja innan samstæðunnar. Samskipti og upplýsingagjöf til ytri endurskoðanda samstæðunnar. Aðstoð við áætlanagerð samstæðunnar.

- Mánaðarleg uppsetning rekstrar- og efnahagsreiknings samstæðunnar
- Upplýsingagjöf og aðstoð við framkvæmdastjórnir samstæðunnar í rekstri félaganna
- Aðstoð og samræming á áætlanagerð samstæðunnar
- Samskipti við ytri endurskoðendur og upplýsingagjöf til þeirra
- Umsjón með innheimtumálum samstæðunnar
- Kostnaðareftirlit með rekstrareiningum samstæðunnar
- Skattaleg uppgjör
- Stefnumótun á hlutverki og verksviði bókhaldsdeildar
- Stjórnun og mönnun bókhaldsdeildar

**Hæfnikröfur:**

- Háskólamenntun í fjármálum, viðskiptafræði, endurskoðun eða sambærilegt
- Sjálfstæði í vinnu og öguð vinnubrögð
- Reynsla af uppgjörum stórra fyrirtækja
- Reynsla af áætlanagerð
- Hæfni til að setja fram greinargóðar skýrslur
- Reynsla af endurskoðunarskrifstofu kostur

## Umsóknarfrestur er til 30. ágúst

**Sótt er um störfin á www.festi.is og umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst.**

**Nánari upplýsingar um störfin veitir mannauðsstjóri Guðríður H. Baldursdóttir í netfanginu gudridur@festi.is**

## Bókhaldsfulltrúi á fjármálasviði

**Starfssvið:**

- Umsjón með innheimtu viðskiptamanna
- Færsla bókhalds
- Afstemmingar lánadrottna
- Afstemmingar banka
- Önnur tilfallandi skrifstofustörf

**Hæfnikröfur:**

- Bókhaldsþekking skilyrði
- Reynsla af innheimtu kostur
- Góð almenn tölvufærni – sérstaklega í excel
- Hröð og nákvæm vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

## Hugbúnaðarsérfræðingur í upplýsingatæknideild

**Starfssvið:**

- Þróun á Dynamics NAV hugbúnaði
- Rekstur á SQL og Native NAV gagnagrunnum
- Þjónusta við notendur

**Hæfnikröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af þróun á Dynamics NAV hugbúnaði
- Þekking á SQL gagnagrunnum
- Færni til að greina og finna lausnir
- Reynsla af smásölukerfum er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð og þjónustulund

FESTI hf. :: Skarfagörðum 2 :: 104 Reykjavík :: 559 3000



# Viltu taka þátt í uppbyggingu og þróun?

**Velferðasvið Kópavogsbæjar opnar nýjan íbúðakjarna fyrir fatlað fólk og leitar að hæfum og kraftmiklum einstaklingum í stöðu deildarstjóra og almennra starfsmanna. Um framtíðarstörf er að ræða.**

**Deildarstjóri:**
- Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði þroskaþjálfa eða mennta- og félagsvísinda.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á faglegu starfi í samvinnu við forstöðumann.
- Um er að ræða allt að 100% starf í vaktavinnu.

**Almennir starfsmenn:**
- Gerð er krafa um félagsliðamenntun, stúdentspróf eða aðra sambærilega menntun.
- Starfið felst m.a. í einstaklingsmiðuðum persónulegum stuðningi við íbúa, jafnt innan sem utan heimilis.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst 2015.**

Upplýsingar um störfin er að finna undir *Laus störf* á vef Kópavogsbæjar, *kopavogur.is.*

Einnig veitir Guðlaug Ósk Gísladóttir nánari upplýsingar í síma 570 1500, netfang gudlaugo@kopavogur.is.

**Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.**

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar, *kopavogur.is.***

Kópavogsbær

kopavogur.is

---

kaupás



# Fulltrúi á vörustýringarsviði

**Vörustýringarsvið Kaupás hefur umsjón með pöntunum inn í vöruhús frá innlendum og erlendum birgjum, tollunum, eftirlit með flutningskostnaði, birgðakostnaði, veltuhraða birgða og dreifingu til verslana.**

## STARFSSVIÐ

- Innkaupastýring, pantanir frá innlendum og erlendum birgjum
- Yfirsýn yfir birgðastöðu og hýsingarkostnað
- Flutningsmál og kostnaðargreiningar

## MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. viðskiptafræði eða verkfræði
- Mjög góð tölvuþekking
- Góð greiningarhæfni
- Þekking á AGR og Navision kostur

**Sækja skal um á www.kaupas.is/starfsumsokn fyrir 30. ágúst 2015.**
**Nánari upplýsingar veitir Guðríður H. Baldursdóttir mannauðsstjóri á gudridur@festi.is**

Kaupás er framsækið fyrirtæki sem rekur 23 matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, Nóatúns og Kjarval. Krónan er lágvöruverðsverslun í mikilli sókn, en tilkynnt hefur verið um opnun þriggja nýrra Krónuverslana á árinu 2015. Nóatún er Íslendingum að góðu kunn og Kjarval er stærsta verslanakeðjan á Suðurlandinu. Árið 2014 keypti Festi hf. Kaupás að fullu en Festi hf. er eignarhaldsfélag sem sérhæfir sig í rekstri verslunarfyrirtækja.

---

## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

---

Trésmíðaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir húsgagnasmið/húsgagnasmíðameistara til starfa sem fyrst.

Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá á netfangið: **treborg@treborg.is**

---

# Starfsmaður í hurðadeild Héðins

Hurðadeild Héðins óskar eftir laghentum einstaklingi til að sinna fjölbreyttum störfum við hurðauppsetningar, viðgerðir og sitthvað fleira.

Skilyrði að viðkomandi hafi bílpróf og kunni íslensku. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknir sendist til **joi@hedinn.is** og einnig er hægt að sækja um á vefsíðu **Job.is**.

HÉÐINS HURÐIR

**Gjáhellu 4, 221 Hafnarfirði, sími 569-2100, hedinn.is**

---

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

# Starf á húsnæðissviði Þjóðskjalasafns Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands auglýsir laust til umsóknar starf á húsnæðissviði. Sviðið hefur umsjón með fasteignum, viðtöku skjalaafhendinga, flutningum skjala og umhirðu í skjalageymslum. Öryggiseftirlit er eitt af verkefnum sviðsins.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Starfið felst einkum í daglegri vinnu við umsjón fasteigna Þjóðskjalasafns, þ.m.t. eftirlit með húsnæði, tilfallandi viðhaldi og þrifum fasteigna og umhirðu í skjalageymslum. Meðal verkefna eru einnig viðtaka og uppröðun skjalasafna, flutningur og endurpökkun skjala, merking safna og skráning staðsetninga. Viðkomandi tekur eftir atvikum þátt í öðrum verkefnum Þjóðskjalasafns.

**Hæfnikröfur**
- Reynsla og þekking á viðhaldi fasteigna er nauðsynleg.
- Góð kunnátta í algengum notendaforritum er nauðsynleg.
- Góð kunnátta í íslensku er nauðsynleg.
- Iðn- eða tæknimenntun sem nýtist í starfi er æskileg.
- Þekking og reynsla af vinnu við lagerstörf er kostur.
- Leitað er að fjölhæfum og áhugasömum starfsmanni sem er handlaginn og vandvirkur, lipur í framkomu og sýnir frumkvæði í starfi.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.
Miðað er við 100% starfshlutfall.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. september 2015.**

**Sótt er um starfið rafrænt á;**
**www.skjalasafn.is undir „laus störf".**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem greinir frá ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Afrit prófskírteina fylgi.

**Nánari upplýsingar veitir**
Helga Jóhannesdóttir, fjármálastjóri -
**helgajo@skjalasafn.is**– 590-3300.

*Þjóðskjalasafn Íslands starfar skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Hlutverk safnsins er að varðveita og veita aðgang að opinberum skjölum og skjölum einkaaðila með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.*

## Starfsmaður óskast

Vantar vanan mann til viðgerða á kæliskápum og þvottavélum.

Upplýsingar í síma 892-9345 milli kl. 17 – 20 eða á netfangið: **agustr@simnet.is**

# TÆKNIMAÐUR

Sónar ehf. óskar að **ráða til starfa tæknimann** til að þjónusta siglinga-, fjarskipta- og fiskileitartæki.

Um er að ræða **fjölbreytt og skemmtilegt starf** sem fer fram um borð í skipum af öllum stærðum, ásamt vinnu á verkstæði.

Við leitum að **rafeindavirkja, rafvirkja** eða aðila með sambærilega menntun. Umsækjandi þarf að vera **skipulagður og sjálfstæður** í vinnubrögðum.

Ef þú hefur áhuga á fjölbreytilegri vinnu á **lifandi og skemmtilegum vinnustað** þá endilega hafðu samband. **Góð laun og framtíðarvinna** er í boði fyrir réttan aðila.

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið **sonar@sonar.is — fyrir 15. september.**

Fyllsta trúnaðar verður gætt og **öllum umsóknum verður svarað.**

www.godverk.is

SÓNAR
HEILDARLAUSN Í SIGLINGATÆKJUM

**Sónar ehf. er eitt af leiðandi fyrirtækjum landsins í innflutningi, sölu og þjónustu á siglinga- og fjarskiptatækjum í skip og báta. Fyrirtækið hefur verið valið „Framúrskarandi fyrirtæki" undanfarin þrjú ár.**

sinnum
heimaþjónusta

## Viltu vinna í hvetjandi og skemmtilegu starfsumhverfi ?

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur að ráða fólk í eftirfarandi störf:

**Starfsfólk í almenna heimaþjónustu**
Um er að ræða skemmtileg og fjölbreytileg verkefni, fullt starf eða hlutastarf, dagvinnu og/eða kvöld- og helgarvinnu.

**Starfsfólk í teymi sem annast umönnun hjá langveikum einstaklingi**
Við leitum að einstaklingum sem eru eldri en 25 ára og hafa reynslu af umönnun.

Um er að ræða hlutastörf og getur vinnutíminn verið sveigjanlegur en er þó aðallega á tímabilinu 09.00–14.00 á virkum dögum.

**Starfsfólk í liðveislu**
Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem fela í sér persónulegan stuðning og aðstoð við einstaklinga innan og utan heimilis.

Um er að ræða hlutastörf í dagvinnu og/eða kvöld- og helgarvinnu. Kjörið fyrir skólafólk meðfram námi.

Við leitum að áreiðanlegum einstaklingum sem hafa jákvætt viðhorf, lipurð í mannlegum samskiptum og hafa ánægju af því að sinna fólki. Í öllum störfum þarf að hafa bíl til afnota.

Sinnum leggur ríka áherslu á uppbyggilegt og hvetjandi starfsumhverfi og sveigjanleika í starfi.

Umsóknir má senda á netfangið **sinnum@sinnum.is** eða skila inn á heimasíðu Sinnum, **www.sinnum.is**

Nánari upplýsingar fást í síma 519-1400

Sinnum er þjónustufyrirtæki sem hefur það að leiðarljósi að bjóða upp á fjölþætta velferðarþjónustu til einstaklinga sem vegna aldurs, fötlunar, heilsubrests eða annarra persónubundinna aðstæðna þurfa á þjónustu og aðstoð að halda við daglegt líf. Sinnum leggur ríka áherslu á persónulega, einstaklingsmiðaða og sveigjanlega þjónustu með það að markmiði að mæta þörfum einstaklingsins í því umhverfi sem hann er í hverju sinni.

# VERKEFNASTJÓRI Á SKÓLADEILD

**Í Garðabæ eru starfandi 11 leikskólar, 7 grunnskólar og einn tónlistarskóli. Skólar í Garðabæ mynda samstæða heild til að tryggja að samræmi og samhengi sé í menntun barna og ungmenna.**

Laus er til umsóknar 100% staða verkefnastjóra á skóladeild fræðslu– og menningarsviðs

**Verkefnastjóri á skóladeild** hefur umsjón með starfi daggæslu og leikskóladeildar og stýrir þeim verkefnum sem undir verkefnastjóra heyra. Verkefnastjóri starfar að faglegri þróun og ráðgjöf og tekur þátt í stefnumótun skólamála með deildarstjóra, sviðsstjóra, skólastjórnendum og skólanefndum.

**Helstu verkefni:**
- Hefur umsjón með daggæslu, innritun barna í leikskóla og leikskólavistun
- Sinnir eftirliti með starfi leikskóla og daggæslu
- Sinnir ráðgjöf, stýrir þróunarstarfi, skipuleggur sí og endurmenntun.
- Hefur umsjón með sérverkefnum og þróunarverkefnum.
- Vinnur að gerð fjáhagsáætlana í samráði við deildarstjóra, sviðstjóra, fjármálastjóra og skólastjórnendur.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði leikskólakennarafræða og eða uppeldis og menntunarfræða
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af starfi í leikskóla
- Góð tök á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði, samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubröguðum

Áhersla er á fagleg vinnubrögð, skipulagshæfileika, samstarfsvilja og samskiptahæfni. Viðkomandi þarf að vera drífandi leiðtogi í samstarfi við leikskólastjórnendur samhliða því að geta unnið náið með öðrum aðilum innan skólasamfélagsins í Garðabæ.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélög.

**Umsóknarfrestur er til og með 2 september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Garðabæjar, www.gardabaer.is.**

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, reynslu og verkefni sem hann hefur unnið að og geta varpað ljósi á færni hans til að sinna starfi verkefnisstjóra á skóladeild

Nánari upplýsingar um starfið veitir Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar (katrinf@gardabaer.is) eða Margrét Björk Svavarsdóttir (margretsv@gardabaer.is) eða í síma 5258500

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Fræðslu- og menningarsvið



# OLÍS VILL FJÖLGA
## Í GÓÐUM HÓPI STARFSFÓLKS

**Við óskum eftir ábyrgðarfullu og kraftmiklu starfsfólki í vaktstjórn og við almenna afgreiðslu á þjónustustöðvum Olís um allt land.**

Störfin fela í sér almenna afgreiðslu, áfyllingar vöru, vörumóttöku, þrif, þjónustu við viðskiptavini og annað tilfallandi.

Áhersla er lögð á ríka þjónustulund, stundvísi, snyrtimennsku og hæfni í mannlegum samskiptum.

Unnið er á tvískiptum vöktum.

Skilyrði er að umsækjendur hafi hreint sakavottorð og séu reyklausir.

**Aðeins er hægt að sækja um störfin á vefsíðunni olis.is/atvinna.**

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olís
Vinur við veginn

ráðum atvinnustofa | Við finnum rétta starfsfólkið
radum.is

Art2b
GALLERÍ & VINNUSTOFA

## AFGREIÐSLUMAÐUR

Málverkagalleríið Art2b leitar að manneskju í afgreiðslustarf.

Starfið felur í sér umsjón með útstillingu mynda, afgreiðslu listaverka og önnur tilfallandi verk.

Viðkomandi þarf að vera iðin og geta unnið sjálfstætt.

Áhugasamir senda umsókn á
**johann@art2b.is**

# Nesfrakt

**Nesfrakt óskar eftir starfsmönnum í eftirtaldar stöður**

- Svæðisstjóri á austurlandi. Með aðsetur á Fáskrúðsfirði.
- Viðkomandi þarf að hafa meirapróf vera nákvæmur,drífandi og með mikla þjónustulund
- Meiraprófsbílstjóri í útkeyrslu á frá Egilsstöðum og Fáskrúðsfirði
- Flutningsstyrkur í boði fyrir þá sem búa utan austurlands.

Frekari upplýsingar gefur Arnar Ólafsson í síma 7731630 eða **arnar@nesfrakt.is**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

## Starfsmaður í afgreiðslu

**Gleraugnaverslun óskar eftir starfsmanni í heilsdagsstarf og starfsmanni í helgarvinnu. Upplýsingar sendist til box@frett.is fyrir 28. ágúst merkt „Gleraugnaverslun-2208"**

## Starfsmaður í afgreiðslu

**Gleraugnaverslun óskar eftir starfsmanni í heilsdagsstarf og starfsmanni í helgarvinnu. Upplýsingar sendist til box@frett.is fyrir 28. ágúst merkt „Gleraugnaverslun-2208"**

JÁ Iðnaðarmenn óska eftir öflugum og áreiðanlegum verkstóra til að hafa yfirumsjón með vinnusvæðum, starfsfólki og verkum.

Æskilegt er að viðkomandi sé lærður smiður með góða reynslu að baki.

## ÞJÓNUSTUMAÐUR

JÁ Iðnaðarmenn óska eftir starfsmanni á þjónustubifreið.

Viðkomandi þarf að keyra á milli birgja og þjónusta verk með efni og annað tilfallandi.

Áhugasamir senda umsókn á
**johann@jaidnadarmenn.is**



# Viltu vinna með okkur?

**Hrafnistuheimilin eru að leita að starfsfólki í ýmis störf:**

- Sjúkraliða
- Starfsfólk í aðhlynningu
- Starfsmann í vinnustofu
- Starfsmann í félagsstarf

**Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð**

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður

# STARF Í MIÐBÆNUM

Minjagripaverslunin Lundinn leitar að starfsfólki. Við leitum að glaðlegu og duglegu fólki. Tungumálakunnátta skilyrði og reynsla af sölustörfum mikill kostur.

**Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá með mynd á info@puffin.is fyrir 25 ágúst.**

LUNDINN

**Laugavegur 44 & 83, Hafnarstræti 5 og Skólavörðustíg 10**



- Bifvélavirkjamenntun. Nokkurra ára starfsreynsla nauðsynleg
- Unnið er með rafrænar verkbeiðnar
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg

# Viltu vinna með okkur?

**Hrafnistuheimilin eru að leita að starfsfólki í ýmis störf:**

- Sjúkraliða
- Starfsfólk í aðhlynningu
- Starfsmann í vinnustofu
- Starfsmann í félagsstarf

Umsækjendur eru beðnir um að fylla út umsókn á heimasíðu BL ehf. undir léninu www.bl.is/atvinna
Umsóknarfrestur er til **31. ágúst nk.** Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur Hauksdóttir, starfsmanna- og gæðastjóri

Starfsfólk BL leitast eftir að ráða til sín samstarfsfólk sem hefur gaman af að veita góða þjónustu, löngun til að skara framúr, hefur nægjanlegt sjálfstæði til að grípa inn í og stýra málum í réttan farveg, hefur gaman af samvinnu og mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst er létt í lund.

**Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð**
má nálgast á heimasíðu Hrafnistu, www.hrafnista.is

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

JARÐBORANIR



Jarðboranir hf. leita að öflugu fólki til starfa við borframkvæmdir hér á landi og erlendis. Um er að ræða krefjandi og spennandi störf við djúpboranir eftir jarðhita sem og aðrar borframkvæmdir.

Reynsla af störfum við borframkvæmdir er æskileg en þó ekki skilyrði. Meirapróf og vinnuvélaréttindi eru mikill kostur.

**Upplýsingar um störfin veitir Torfi Pálsson, starfsmannastjóri í síma 585-5290 eða torfip@jardboranir.is. Sækja skal um störfin á www.jardboranir.is fyrir 31. ágúst næstkomandi.**

# FORVAL

F.h. **umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar** er óskað eftir umsóknum ráðgjafa um að fá að taka þátt í lokuðu útboði vegna:

## Viðbygging og endurbætur á Klettaskóla – Eftirlit. Forval nr. 13584.

Verkið samanstendur af þremur meginhlutum. Í fyrsta lagi er nýbygging norðvestan við núverandi hús, sem inniheldur íþróttahús og sundlaug, hátíðarsal og aðalanddyri. Í öðru lagi er félagsmiðstöð í nýbyggingu austan við núverandi hús. Í þriðja lagi er létt viðbygging sem kemur ofan á miðálmu núverandi húss og inniheldur nýja stjórnunardeild. Í fjórða lagi er endurgerð núverandi húss að innan ásamt lítilsháttar ytri breytingum. Endurgerðin er mismikil eftir húshlutum, mestu er breytt í vestur- og suðurálmu, en nokkrar breytingar eru einnig í austur- og miðálmu.
Forvalsgögn á geisladiski verða seld á 3.000 kr.
**frá mánudeginum 24. ágúst 2015** í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, 1. hæð, Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík.
Umsóknum skal skila eigi síðar en: **Kl. 13:00 Föstudaginn 4. september 2015** í Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.
Umsóknum skal skilað í þjónustuver Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

**Ríkiskaup f.h. Íslandspósts ohf óska eftir tilboðum í verkið:**

## 20147 - Malbikun og yfirborðsfrágangur á lóð Íslandspósts, Stórhöfða 32

Verkið felur í sér frágang á efsta burðalagi undir malbik á nýju bílastæði, malbika nýja bílastæðið með 7sm lagi. Ganga frá niðurföllum, kantsteinum og merkingum á bílastæðinu. Reiknað er með að yfirboð fullbúins malbikaðs nýs plans sé um 3.000m² vélsteyptir kantsteinar séu um 170 lengdarmetrar og merkingarlínur bílastæða um 650 lengdarmetrar. Setja þarf niður 10 niðurfallsristar í nýtt plan.

Vegna eldri húsagötu skal leggja 5 sm malbiksslitlag á húsagötu að lóð Stórhöfða 32. Yfirlögn 5sm malbikslags á eldra malbik á götu er um 1000 m². Fræsing vegna yfirlagningar er um 35 lm og frágangur niðurfalala og brunn um 10 rista og loka.

Verktaki skal skila verkinu af sér fullbúnu í síðasta lagi þann 29.10 2015

Nánari upplýsingar er að finna í útboðsgögnum sem verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is miðvikudaginn 26.08.2015. Tilboð verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska þriðjudaginn 08. September 2015 kl. 11.00 hjá Ríkiskaupum.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is
RÍKISKAUP




# FRÁBÆRT TÆKIFÆRI

BILAPARTASALA,NEYÐARÞJÓNUSTA 24/7. MJÖG GÓÐ STAÐSETNING MIÐSVÆÐIS Í KÓP. VERÐ KR 5.000.000 KR ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SIMA 8966076 OG Á NETFANGINU **AS@REMAX.IS**



# Raunfærnimat í hljóðvinnslu

Starfar þú við upptökur, hljóðvinnslu eða mögnum og hefur gert það í nokkur ár?

Kynningarfundur um raunfærnimat í hljóðvinnslu verður á Stórhöfða 27 þriðjudaginn 25. ágúst 2015 kl. 17:00.

Markmiðið með raunfærnimati er að meta færni og gefa út staðfestingu á henni.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafnam.is - Raunfærnimat eða í síma 580 5256**



# Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein, raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 27 mánudaginn 24. ágúst 2013 kl. 17:00.

"Ertu í stuði?" er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafnam.is - Raunfærnimat eða í síma 580 5256**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# Einivellir 3

Hafnarfjarðarbær auglýsir fjölbýlishúsalóðina að Einivöllum 1-3 lausa til úthlutunar.

Lóðin er 6967 m2 að stærð og nýtingarhlutfallið allt að 0,6 Á lóðinni er gert ráð fyrir allt að 45 íbúðum í þremur húsum. Stærðardreifing íbúða skal vera nokkuð jöfn.

Verð pr. íbúð kr 3.484.642 m.v. heildarstærð húss 4180 m2. Ef mannvirki er stærra þá þarf að greiða fyrir umframfermetra skv. gildandi gatnagerðargjaldskrá við samþykkt á byggingaráformum. Gatnagerðargjald vegna umframfermetra er kr. 29.836 m2. Framangreind verð eru m.v. byggingarvísitölu í júlí 2015.

Nánari upplýsingar á **www.hafnarfjordur.is**

Umsóknum skal skila inn rafrænt í gegnum Mínar síður á heimasíðu bæjarins og umsóknarfrestur er til 5.september 2015.

Aðstoð við skráningu er hægt að fá hjá Þjónustuveri Hafnarfjarðar í síma 585-5500.

# ÚTBOÐ

## HS Veitur hf. óska eftir tilboðum í: Varmadælu fyrir hitaveituna í Vestmannaeyjum

Verkið felst í framleiðslu og afhendingu, CIP Vestmanneyjar, gerð teikninga og verklýsingar fyrir uppsetningu, eftirlit með uppsetningu, prófunum og gangsetningu 8 – 12 MW varmadælu sem tengd verður hitaveitunni í Vestmannaeyjum.
Varmagjafi varmadælunar verður 6 – 12°C heitur sjór

Verkinu er lýst í útboðsgögnum nr. HSV-VF041202

Útboðsgögn er hægt að sækja á vef HS Veitna hf. **www.hsveitur.is**

Tilboð verða opnuð fimmtudaginn 15. október kl 14:00 á skrifstofu HS Veitna hf, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbær.



## Tillaga að aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024

Sveitarstjórn Hörgársveitar auglýsir tillögu að aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum.
Skipulagstillagan tekur til landnotkunar í öllu landi Hörgársveitar. Hún samanstendur af greinargerð, uppdrætti, forsendum og umhverfisskýrslu dags. 29. maí 2015 með lagfæringum m.t.t. bréfs Skipulagsstofnunar dagsett 2. júlí 2015.

Aðalskipulagið verður til sýnis á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla, þar sem nánari upplýsingar eru veittar, frá 24. ágúst til og með 8. október 2015. Enn fremur er tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík. Þá er hægt að kynna sér tillöguna á heimasíðu Hörgársveitar **www.horgarsveit.is**.
Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við skipulagstillöguna og skulu þær hafa borist skrifstofu Hörgársveitar eigi síðar en 8. október 2015. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

*Sveitarstjórinn í Hörgársveit*
*Snorri Finnlaugsson*



# Þorrasalir 13-15

## Glæsilegar útsýnisíbúðir.
## Vandað lyftuhús við golfvöll GKG.
## Fallegt útsýni og frábær staðsetning.





OPIÐ HÚS






## **Opið hús** mánudaginn 24. ágúst frá kl. 18:00 -19:00

*hlökkum til að sjá þig*



Hannes Steindórsson
Löggiltur fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is



Stefán Jarl Martin
Lögg. leigumiðlari. Sölufulltr.
892 9966
stefan@fastlind.is



Kristján Þ. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



Þórunn | Andri | Hannes | Stefán | Jóhanna | Kristján | Bjarni | Gunnar | Arna | Venni | Anton | Kristín | Þórey | Lára | Harpa | Magnús

**OPIÐ HÚS › 23. ágúst 16:00 – 16:30**





## Laugarnesvegur 80

105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 93 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3

Rúmgóð íbúð á 1. hæð. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, stofu, baðherbergi og eldhús. Henni fylgir herbergi í kjallara með aðgengi að sturtu og salerni ásamt tveim sérgeymslum.

*Heyrumst*
**Venni › 699 7372** **29.900.000kr**





## Sólvallagata 80

101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 65 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 2

Björt og falleg tveggja herbergja íbúð á 2. hæð í snyrtilegu og nýlegu fjölbýli við Sólvallagötu. Stutt í alla helstu þjónustu, skóla og leikskóla.

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5008** **29.900.000kr**

**OPIÐ HÚS › 23. ágúst 17:30 – 18:00**





## Perlukór 3c

203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 150,4 fm | SÉRHÆÐ | HERB: 5

Glæsileg neðri sérhæð ásamt stæði í bílageymslu. Sér inngangur, vandaðar innréttingar, suður verönd og garður. Gríðarlega vönduð eign sem hefur hlotið hönnunarverðlaun Kópavogsbæjar.

*Heyrumst*
**Stefán › 892 9966** **49.900.000kr**





## Sjafnarbrunnur 3

113 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 104,4 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3-4

Nýjar og glæsilegar íbúðir í sérlega vönduðu húsi. Innréttingar frá Brúnás, steyptir milliveggir og vandaður frágangur.

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5008** **34.900.000kr**

**OPIÐ HÚS › 23. ágúst 15:30 – 16:30**





## Skrúðás 11

210 GARÐABÆ

STÆRÐ: 268,8 fm | EINBÝLI | HERB: 5

Glæsilegt og vandað einbýlishús á þremur pöllum á einstökum útsýnisstað. Fallegur viðhaldslítill garður með skjólveggjum og veröndum. Fjölskylduvænt hverfi. Laust við kaupsamning.

*Heyrumst*
**Jóhanna › 698 9470** **94.000.000kr**

**BÓKIÐ SKOÐUN**





## Laugavegur 42

101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 86,6 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3

Einstök mikið endurnýjuð penthouse íbúð í fallegu steinhúsi byggðu árið 1912. Mikil lofthæð, fallegir gluggar. Stórar útsýnissvalir. Gengið inn frá Frakkastíg.

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5008** **41.900.000kr**

**OPIÐ HÚS › 23. ágúst 14:30 – 15:00**





## Ásbúð 43

210 GARÐABÆ

STÆRÐ: 64,5 fm | RAÐHÚS | HERB: 5

Glæsilegt, mikið endurnýjað raðhús á tveimur hæðum. Fjögur svefnherbergi (fimm skv. teikningu). Tvöfaldur bílskúr, stórt hellulagt bílaplan með hita í. Fjölskylduvænt hverfi.

*Heyrumst*
**Jóhanna › 698 9470** **64.500.000kr**

**OPIÐ HÚS › 24. ágúst 17:00 – 17:30**





## Haukalind 6

201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 221,4 fm | RAÐHÚS | HERB: 6

Mjög fallegt og mikið endurnýjað 6 herbergja raðhús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað við Haukalind 6 í Kópavogi.

*Heyrumst*
**Gunnar › 699 3702** **62.900.000kr**

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**



FISKISLÓÐ 33, 35 & 37

## Tækifæri á Grandanum
— Lóðir fyrir atvinnuhúsnæði framtíðarinnar

- Miðsvæðis í Reykjavík
- Einstakt tækifæri til að byggja atvinnuhúsnæði í 101 Reykjavík
- Alls 12.000 fm. á þremur lóðum undir atvinnuhúsnæði
- Búið að greiða gatnagerðargjöld miðað við 6.200 fm fasteignir





**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
Lögg. fasteignasali

**Kjartan Hallgeirsson**
Lögg. fasteignasali

588 9090 | www.eignamidlun.is
Grensásvegur 11 | 108 Reykjavík


EIGNAMIÐLUN

MANNVERK
FRAMKVÆMDIR
OG RÁÐGJÖF

BORG
FASTEIGNASALA


Borg fasteignasala
Ármúla 7
108 Reykjavík
www.fastborg.is

519 5500


# TIL LEIGU
## ÞJÓNUSTU,- OG VERSLUNARHÚSNÆÐI





TIL LEIGU ÞJÓNUSTU HÚSNÆÐI

### Eyravegur 2

TIl leigu gott verslunar og þjónustu húsnæði á áberandi stað á Selfossi. Húsnæðið hefur m.a verið nýtt undir veitingarekstur. Næg bílastæði og sést vel af þjóðvegi. Húsnæðið er alls um 100 fm. Stækkanlegt um allt að 100 fm. TIlboð óskast.

**Siggi Fannar**
Aðstoðarmaður fasteignasala
897 5930

**Úlfar Þór**
Fasteignasali
897 9030

TILBOÐ ÓSKAST





TIL LEIGU ÞJÓNUSTU HÚSNÆÐI

### Rafstöðvarvegur

TIl leigu skrifstofu og þjónustuhúsnæði sem hentar undir fjölbreytta starfsemi á 1. hæð á einstökum stað við Rafstöðvarveg í Elliðaárdalnum. Um er að ræða um 1350 fm. Stórir gluggar með fallegu útsýni. Einstök náttúrufegurð allt um kring.
Næg bílastæði. Tilboð óskast.

**Siggi Fannar**
Aðstoðarmaður fasteignasala
897 5930

**Úlfar Þór**
Fasteignasali
897 9030

TILBOÐ ÓSKAST






TIL LEIGU VEITINGAREKSTUR OG ÞJÓNUSTU HÚSNÆÐI

### Hringbraut 119

Til leigu verslunar og þjónustuhúsnæði á góðum stað við Hringbraut í vesturbæ Reykjavíkur. Húsnæðið er alls 106,1 fm og hefur verið nýtt m.a undir hárgreiðslustofu. Húsnæðið stendur við fjölfarna stofnbraut á neðstu hæð við "JL húsið" Næg bílastæði. Tilboð óskast.

**Siggi Fannar**
Aðstoðarmaður fasteignasala
897 5930

**Úlfar Þór**
Fasteignasali
897 9030

TILBOÐ ÓSKAST

# BORG
FASTEIGNASALA

Borg fasteignasala
Síðumúla 23
108 Reykjavík
www.fastborg.is

**519 5500**



**Þóra Birgisdóttir** Löggiltur Fasteignasali 777 2882
**Brandur Gunnarsson** Löggiltur Fasteignasali 897 1401
**Gunnlaugur Þráinsson** Aðstoðarmaður fasteignasala 844 6447
**Héðinn Birnir Ásbjörnsson** Löggiltur Fasteignasali 848 4806
**Sigurður Fannar Guðmundsson** Aðstoðarmaður fasteignasala 897 5930
**Ingimar Ingimarsson** Hrl. 519 5501
**Þórunn Sigurðardóttir** Aðstoðarmaður fasteignasala 778 7707
**Vilborg G. Hansen** Löggiltur Fasteignasali 853 7030
**Stefán Páll Jónsson** Aðstoðarmaður fasteignasala 781 5151
**Úlfar Þór Davíðsson** Löggiltur Fasteignasali 897 9030
**Stefán Jóhann Ólafsson** Löggiltur Fasteignasali 864 8808
**Jóhanna Sigurðardóttir** Löggiltur Fasteignasali 662 1166
**Gísli Elí Guðnason** Aðstoðarmaður fasteignsala 698 5222
**Axel Axelsson** Aðstoðarmaður fasteignasala 820 6478
**Birgitta Ásgrímsdóttir** Aðstoðarmaður fasteignasala 695 2893




Opið hús þriðjudaginn 25. ágúst kl. 17-17.30

## Holtsgata 13

Björt og falleg íbúð í litlu fjölbýlishúsi í Vesturbæ Reykjavíkur. Laus við kaupsamning. Íbúðin hefur 3 svefnherbergi, rúmgott eldhús og bjarta og góða stofu með útgengi út á svalir mót suðri. Lokaður og skjólgóður bakgarður.

**Þóra** Fasteignasali 777 2882

**Verð: 36.900.000**




Opið hús mánudaginn 24. ágúst kl. 17.30-18.00

## Ásbúð 43

Glæsilegt og mikið endurnýjað raðhús á tveimur hæðum með 4-5 svefnherbergi, glæsilegt alrými með opnu eldhúsi, stofu og borðstofu auk sjónvarprýmis. Stór bílskúr, hellulagt stórt bílaplan og gróin garður.

**Þóra** Fasteignasali 777 2882

**Verð: 64.500.000**






## Úlfarsbraut 50-56

Ný og vel hönnuð raðhús í Úlfarsfellinu - stutt er í fallegar gönguleiðir í útivistarparadís.

Húsin eru hönnuð með sveigjanleika í huga þannig að mögulegt er að innrétta frá 3-5 svefnherbergja allt eftir þörfum fjölskyldunnar.

Húsin verða til afhendingar í júlí 2015 afhendast fullbúin að utan og bílaplan frágengið.

**Þóra** Fasteignasali 777 2882

**Verð: 40.900.000**




## Lynghagi 20 - 107 Reykjavík

Falleg og björt miðhæð við Lynghaga í Vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin er tveggja herbergja og er skráð alls 59,4 fm, þar af eru tvær geymslur alls 10,2 fm. Íbúðin skiptist í hol, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og stofu.

**Úlfar Þór** Fasteignasali 897 9030

**Verð: 28.900.000**




Opið hús mánudaginn 24. ágúst kl. 18.30-19.00

## Einivellir 7 - íbúð 103

Falleg og vel skipulögð íbúð á 1. hæð með sér inngangi og sér, afgirtum palli. Falleg og vel skipulögð íbúð með opnu alrými fyrir stofu, borðstofu og tengdingu við eldhús.

**Þóra** Fasteignasali 777 2882

**Verð: 26.500.000**



Tækifæri í ferðaþjónustu.

## Skipholt 6 - 801 Selfoss

Tækifæri í ferðaþjónustu.
10.8 ha.land í Biskupstungum. Beint á móti Úthlíð. Gott land sem hentar vel undir LÚXUS-gistingu, sem hefur notið mikilla vinsælda hjá erlendum ferðamönnum.

**Siggi Fannar** Aðstoðarmaður fasteignasala 897 5930

**Verð: 9.900.000**




Opið hús mánudaginn 24. ágúst kl. 18:00 -18:30

## Grenigrund 16

129,9 fm efri sérhæð í rólegum botnlanga ásamt 32 fm bílskur. Fjögur svefnherbergi stór stofa og borðastofa. Stutt í útivist og aðalbrautir höfuðborgarsvæðisins

**Stefán Páll** Aðstoðarmaður fasteignasala 781 5151

**Verð: 36.400.000**




Möguleiki á Leigu

## Skeiðarás 10

92,9 fermetra iðnaðarhúsnæði miðsvæðis á góðum stað í Garðabæ. Stór innkeyrslu hurð og önnur minni við hliðina, lofthæð um 3,5 m.
**** Möguleiki á Leigu ****

**Stefán Páll** Aðstoðarmaður fasteignasala 781 5151

**Verð: 15.400.000**




Opið hús ???

## Holtsvegur 23-25

Glæsilega 181,8 fermetra þakíbúð-penthouse merkt 0501 í nýbyggingu við Holtsveg í Garðabæ. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi inn af og sér baðherbergi.

**Brandur** Fasteignasali 897 1401

**Verð: 79.800.000**




Til leigu skrifstofuhúsnæði

## Skemmuvegur 4

Til leigu 432 fermetra skrifstofu og þjónustuhúsnæði við Skemmuveg í Kópavogi. Húsnæðið skiptist í fjórar lokaðar skrifstofur, opið vinnusvæði, geymslu, ræstiherbergi baðherbergi með sturtuaðstöðu. Í bakhluta er fullbúið eldhús með möguleika á að nýta það sem fundarherbergi.

**Brandur** Fasteignasali 897 1401




## Brekkuhvarf 11

Glæsilega eign í Kópavogi. Eignin skiptist í einbýlishús með bílskúr innréttaður sem íbúð ásamt hesthúsi. Húsið stendur á fallegri afgirtri 1.828 fermetra lóð.

**Brandur** Fasteignasali 897 1401

**Verð: 95.000.000**

# Klukkuvellir 1

Glæsilegar fullbúnar íbúðir

Aðeins 6 4ra herb. íbúðir eftir
Lyfta – Sér inngangur af svölum
**Verð: 34,1 – 35,6 millj.**
Afhending við kaupsamning

Fjarðarpósturinn 2015 © Hönnunarhúsið ehf.







# Opið hús

Opið hús sunnudag 23. ágúst milli kl. 15:30 – 16:30



Eiríkur Svanur Sigfússon, löggiltur fasteignasali
Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

ÁS FASTEIGNASALA

Fjarðargötu 17 • sími 520 2600 • www.as.is

★ Opið hús ★

# SKIPALÓN 1 - 220 Hafnarfirði

**FRÁBÆR STAÐSETNING** – *verslun og þjónusta í göngufæri*

## *OPIÐ HÚS*

***sunnudaginn 23. ág. kl. 14 – 15***

***Sölumenn verða á staðnum***















FRUM - www.frum.is

- Nýjar 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir.
- Glæsileg hönnun frá ASK Arkitektum.
- Stærðir frá 69,5 fm til 153,8 fm.
- 16 íbúðir með sér stæði í bílgeymslu.
- Lyfta í sameign.
- Mynd-dyrasími.
- Innréttingar og hurðir frá Parka ehf.
- Eldhústæki eru frá Gorenje.
- Sérgeymsla í kjallara fylgir öllum íbúðum.
- Húsið er klætt með álklæðningu að utan.
- Afhending í sept. – okt. 2015.
- Verð frá 25,3 – 50,8 millj.

**Söluaðilar:**

FM HÚS
*Traustur verktaki – FM-hús ehf.*

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
**Sími 520 7500**
www.hraunhamar.is

ÁS FASTEIGNASALA
**Sími 520 2600**
www.as.is



## SKRALL Í SKAFTAHLÍÐ

Það er fjölmargt skemmtilegt í boði í höfuðborginni um helgina utan fjölbreyttrar dagskrár Menningarnætur. Í Skaftahlíð verður haldinn árlegur götumarkaður sem ber heitið Skrall í Skaftahlíð. Markaðurinn var fyrst haldinn á Menningarnótt í fyrra og var þátttakan mjög góð.

Söluborð skipta tugum og verða seldar alls konar vörur, bæði nýjar og notaðar. Um er að ræða bæði hluti úr geymslum eða afganga úr verslunum á borð við föt og fylgihluti, leikföng, bækur, plötur og myndbönd auk margra annarra vara. Einnig verða seldar veitingar og má þar nefna vöfflur og pylsur, heita og kalda drykki, poppkorn og kökur. Boðið verður upp á lifandi tónlistaratriði og töfrabrögð auk þess sem ýmsar aðrar uppákomur verða á ýmsum stöðum í götunni.

Það eru ekki bara íbúar Skaftahlíðar sem eiga bása á markaðnum heldur er íbúum í nærliggjandi götum einnig boðið að taka þátt.

Götumarkaðurinn stendur yfir milli kl. 13 og 16 og fer fram á þeim hluta götunnar sem liggur á milli Lönguhlíðar og Stakkahlíðar. Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Skrall í Skaftahlíð.



## LITUM SAMAN

Undanfarna mánuði hafa litabækur fyrir fullorðna notið sívaxandi vinsælda hér á landi. Á Borgarbókasafninu í Grófinni verður fullorðnum og börnum boðið upp á að lita saman mandölur undir leiðsögn Kunsang Tsering. Um er að ræða einn af fjölmörgum fjölskylduvænum viðburðum Menningarnætur.

Orðið mandala kemur úr sanskrít og þýðir hringur en talið er að mandalan búi yfir ákveðnum krafti og tákni um leið einstaklinginn og alheiminn í heild.

Það þykir afar róandi og um leið skemmtilegt að lita mandölur og hætt við að litarinn komist í hálfgert hugleiðsluástand og nái jafnvel tökum á streitu. Litunin er auk þess talin stuðla að vellíðan og kyrrð og jafnvel örva svæði í heilanum sem tengjast hreyfifærni, skynfærum og sköpun.

Auk þess að leiðbeina þátttakendum mun Kunsang Tsering segja frá mandölum, uppruna þeirra og merkingu og kenna áhugasömum að stíga sín fyrstu skref í að lita mandölur. Nýlega gaf hann út litabók sem inniheldur íslenskar mandölur. Viðburðurinn stendur yfir milli kl. 14 og 16. Nánari upplýsingar á menningarnott.is.

## TILVALIÐ TE

### Gott er að hafa eitthvað heitt með sér í bæjarferð

Eflaust ætla margir að skella sér í bæinn í dag og kvöld. Þar sem allt bendir til þess að sólin muni ekki vera að þvælast fyrir Menningarnæturgestum er gott að vera við öllu búinn, klæða sig vel og jafnvel að leyfa regnhlífinni að fljóta með. Hægt er að mæla með því að fólk taki með sér heita drykki á brúsa til að hlýja sér á. Kakóið er alltaf klassískt en fyrir þá sem vilja breyta til er chai-te góð hugmynd. Hér er einföld uppskrift að slíkum drykk sem nægir fyrir fjóra.

8 kardimommufræ
8 negulnaglar
4 svört piparkorn
2 kanilstangir






## Dýrahald



**GRINDARBÚR Á GÓÐU VERÐI**
Stærð 61 cm verð 6.990,-
Stærð 76 cm verð 8.990,-
Stærð 91 cm verð 10.990,-
Stærð 107 cm verð 12.990,-
Stærð 122 cm verð 14.990,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-0744

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeryrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**www.lundurfasteignir.is**
**S. 690 3031 / 661 7000**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 499 3070 Sólbakki.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**MATREIÐSLUMAÐUR ÓSKAST**
Cafe bleu Kringlunni óskar eftir vönum manni í eldhús. Unnið á vöktum 2-2-3 framtíðarvinna. Íslensku kunnátta skilyrði.
**Uppl. í s. 899 1965 eða cafebleu@cafebleu.is**

Wilson's PIZZA
Wilsons pizza Eddufelli óskar eftir sendlum og pizzabökurum í hlutastarf. Reynsla æskileg en ekki skilyrði. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á atvinna@wilsons.is

N1
leitar eftir starfsfólki á þjónustustöðvar sínar á höfuðborgarsvæðinu 1. Almenn afgreiðsla 2. Útiþjónusta
**Ef þú hefur náð 18 ára aldri endilega sendu okkur umsókn á www.n1.is**

MOSFELLS BAKARÍ
**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Tvær vaktir eru í boði, frá 12:00 - 18:30 virka daga og aðra hverja helgi annann daginn frá kl. 07:00-16:30 eða frá 06:30 - 13:00 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá kl. 07:00-16:30 . Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst a netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

BEST OF ICELAND — SOUVENIRS & STUFF
**BEST OF ICELAND, AÐALSTRÆTI**
Leitar að framtíðarstarfsmanni á dagvaktir frá kl. 10-18 alla virka daga og aðra hverja helgi. Við erum að leita að sölufólki, (EKKI afgreiðslufólki), í skemmtilegu og sífjölbreytilegu umhverfi. Viðkomandi þarf að tala íslensku og ensku, 18 ára eða eldri, reyklaus með hreint sakavottorð og þarf að geta hafið störf sem fyrst. Vinsamlegast sendið ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur merktar Best of Iceland á telma@kvosin.is fyrir 26. ágúst.

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT — KORNIÐ — BAKARÍ
**FJARÐARBAKARÍ - KORNIÐ**
Starfsfólk óskast í hlutastörf næsta vetur. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

Jói Fel
**HJÁ JÓA FEL HOLTAGARÐAR**
Óskum eftir fólki til afgreiðslustarfa í bakarí okkar í Holtagörðum. Tvískiptar vaktir: önnur vikan 7-13 og hin vikan 12-18:30 og önnur hver helgi.
**Vinsamlega sendið umsóknir á linda@joifel.is**

**BAKARÍ / AÐSTOÐAMAÐUR**
Óskum eftir vönum og duglegum aðstoðarmanni eða bakaranema. Krefjandi vinna.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

GINGER
**GINGER**
óskar eftir hressu fólki í hlutastörf frá 10:30 - 14:30 alla virka daga, einnig er í boði kvöld og helgarvinna. Hentar vel skólafólki.

Ef þú ert 18 ára eða eldri, reyklaus og með góða íslensku kunnáttu og langar að vinna í skemmtilegu umhverfi sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is eða kíktu við í Ginger Síðumúla 17, milli kl. 14-16 virka daga.

Blikksmiðjan Vík ehf óskar eftir að ráða blikksmið eða mann vanan blikksmíði, þarf að geta starfað sjálfstætt. Umsóknir sendist á eyjolfur@blikkvik.is öllum umsóknum verður svarað

**VÖRUBÍLSTJÓRAR ÓSKAST**
Vörubílstjórar og verkamenn óskast. Upplýsingar eftir klukkan 16 í síma 897-0731

Assistants needed in a bakery in the Reykjavík area. Shift work. Please apply to umsokn@kornid.is

Vantar smið (eða mann með reynslu við smíðar) og mann vanann múr/sprunguviðg. ofl. uppl. Þórður í S.6185286 thordurmurari@gmail.com

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

Konur sem leita tilbreytingar eða skyndikynna auglýsa frítt á símatorgi Rauða Torgsins. Kynntu þér málið. RaudaTorgid.is.

Ung kona með æðislega rödd vill kynnast karlmanni með eitthvað skemmtilegt og spennandi í huga. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, auglnr. 8738.

Ríflega sextug kona vill kynnast góðum manni með náin kynni í huga. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, auglnr. 8376.

KK vill kynnast KK með mjög náin kynni í huga. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, auglnr. 8738.





MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


## skemmtanir





Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**LEIKIR HELGARINNAR**

**LAUGARDAGINN 22. ÁGÚST**
11:35 MAN.UNITED - NEWCASTLE
13:50 CRYSTAL PALACE - ASTON VILLA

**SUNNUDAGINN 23. ÁGÚST**
12:20 W.BROMWICH.AL - CHELSEA
14:50 EVERTON - MAN.CITY

**STÓRSVEITIN UPPLYFTING**




KRISTJÁN B. SNORRAS,
ARI JÓNS,
SIGURÐUR DAGBJARTS,
MAGNÚS STEFÁNS.
SPILA UM HELGINA.

http://www.facebook.com/cafecatalina

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## RIMATJÖRN Í LANDI LEYNIS VIÐ BÖÐMÓÐSSTAÐI BLÁSKÓGABYGGÐAR!!



**ÞÚ VILT EKKI MISSA AF ÞESSU.**
**ÞRJÁR LÓÐIR Á VERÐI TVEGGJA.**

- Um er að ræða þrjár mjög fallegar samlyggjandi lóðir rétt við Laugarvatn með tjörn sem liggur við þeim.
- ÞRJÁR FLOTTAR EIGNALÓÐIR Í LANDI LEYNIS VIÐ BÖÐMÓÐSTAÐI Í BLÁSKÓGABYGGÐ AÐ RIMATJÖRN NR. 4.6.8 FRÁBÆR STAÐSETNING.
- Stærð lóðanna: Lóð nr. 4 er 6,925 fm. Lóð nr. 6 er 5,735 fm. Lóð nr. 8 er 5,468 fm. Falleg tjörn liggur uppvið lóðarmörk.
- Kaupandi hefur heimild til stangveiða í brúará, fyrir landi Leynis skv. nánara skipulagi.

Benedikt gefur upplýsingar í s. 6617788

**Íris Hall** Löggiltur fasteignasali

**Benedikt Ólafsson** Sími 661 7788

**LANDMARK**



**Benedikt Ólafsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala

# 661 7788

**Heilindi - Dugnaður - Árangur**



**Íris Hall**
Löggiltur Fasteignasali
Sími: 512 4900

Landmark leiðir þig heim!

**100% þjónusta = árangur***

**VERIÐ VELKOMIN Í OPIÐ HÚS SUNNUD. 23 ÁGÚST FRÁ KL 14:00 TIL 15:00 AÐ FARBRAUT 13. INNAF KÖNGSVEG Í GRÍMSNESI BEINT Á MÓTI ÖNDVERÐARNESI.**





- Sérstaklega vel byggt og vel við haldið sumarhús með heitum potti og sauna á ... 3300 fm eignarlóð.
- Stórbrotið fjallasýn og mikið fuglalíf, einstök staðsetning.
- Eign sem vert er að skoða. Gott viðhald.
- HRINGIÐ Í SÍMA 661 7788 OG VIÐ OPNUM HLIÐIÐ FYRIR YKKUR.
- AÐEINS 45 MÍN. AKSTUR FRÁ REYKJAVÍK.

ÞG-VERK

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!

**- með þér alla leið -**

Þakka þér fyrir að sýna eigninni áhuga sem ég er með í sölu. Ef þú vilt skoða eignina, ekki hika við að hafa samband og ég finn tíma fyrir skoðun. Ef það er eitthvað sem ég get gert fyrir þig í sambandi við kaup eða sölu á fasteign þá er minn er heiðurinn að vera þinn og þinna sem aðstoðarmaður fasteigna.

**Benedikt Ólafsson** aðstoðarmaður fasteignasala Sími 661 7788

**Íris Hall**, löggiltur fasteignasali

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið




**SPÆNSKI BOLTINN HEFST Á MORGUN**

# BLÁSIÐ TIL LEIKS HJÁ ÞEIM BESTU!

2 SPORT
*besta sætið*

*Á morgun, sunnudag, hefst veislan í spænska boltanum. Berjast Evrópumeistararnir við stjörnum prýtt lið Real Madrid um titilinn eða verða önnur lið með í baráttunni? Það verður mikið um dýrðir í vetur,* ***vertu með frá byrjun og tryggðu þér áskrift!***

Með Sportpakkanum færðu **endalaust tal** og **10GB** á **3990 kr.**

365.is | Sími 1817

365

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Oft hafði Grantas Gregorianas orðað það við Aldísi Hafsteinsdóttur bæjarstjóra að þau færu með mökum sínum að skoða föðurland hans, Aserbaídsjan. Hann hnykkti á þeirri ósk daginn áður en hann dó vorið 2014. Í sumar hélt Aldís þangað í pílagrímsför.



„Við hjónin ákváðum strax að við yrðum að fara til Karabakh með Elítu, vinkonu okkar, og vonuðum að Grantas yrði með okkur í anda," segir Aldís.

# Aldís, við förum til Aserbaídsjan



Aldís og Elíta gæða sér á nýsprottnum maís í Karabakh.

„Aldís, við förum til Aserbaídsjan," sagði Grantas og reis upp við dogg í rúminu. Og hvað getur maður sagt annað en „já, Grantas, auðvitað förum við til Aserbaídsjan"? Svo dó hann daginn eftir – en svona loforð verður maður að efna."

Þannig lýsir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, tildrögum þess að hún hélt langleiðina til Kaspíahafsins nú í sumar.

Formálinn var reyndar sá að hún og maður hennar, Lárus Ingi Friðfinnsson, höfðu eignast gott vinafólk í Hveragerði, hjónin Grantas Gregorianas sem ólst upp í Bakú í Aserbaídsjan og Elítu Latanauskiene sem er frá Litháen. „Grantas var mjög upptekinn af því að fá að sýna okkur landið sitt og var alltaf að segja okkur sögur þaðan. Skyldfólkið hans býr nú í Nagorno Karabakh, sem er landlukt hérað inni í Aserbaídsjan en hann vildi að við kynntumst öllu þar. Við sögðum alltaf „já, já, einhvern tíma förum við þangað saman" en í okkar huga var það bara fjarlægur draumur. En svo veiktist Grantas mjög hastarlega af krabbameini og lést í fyrravor, aðeins sextugur að aldri. Ég heimsótti hann dauðvona á Landspítalann en hann virtist ekki alveg gera sér grein fyrir í hvað stefndi og sá enn ferðina okkar í hillingum.

„Við hjónin ákváðum strax að við yrðum að fara til Karabakh með Elítu, vinkonu okkar, og vonuðum að Grantas yrði með okkur í anda. Elíta hafði aldrei komið til Karabakh en við byrjuðum á að skoða landið hennar, Litháen, keyrðum um það þvert og endilangt og vorum í afskaplega góðu yfirlæti hjá vinum hennar og ættingjum. Þar var tekið afar vel á móti okkur, hver stórveislan rak aðra og öllum mat var skolað niður með vodka eins og þarlendra er siður."

Aldís segir Litháen hafa komið sér á óvart enda hafi hún ekki kynnt sér það mikið fyrirfram. „Við hjónin förum yfirleitt bara á staðina og upplifum það sem við lendum í, í hverju landi fyrir sig. Stundum pöntum við ekki einu sinni hótelin fyrirfram. Við förum til dæmis til Bosníu-Hersegovínu, Króatíu og Slóveníu fyrir tveimur árum og þvældumst um með bakpoka, ýmist í bílaleigubíl eða rútum og leituðum að náttstað þar sem við lentum hverju sinni. Núna vorum við aðeins skipulagðari og gistum líka inni á heimilum í Litháen. Landslagið þar er ekkert ósvipað og í Danmörku, verðlagið er hlægilega lágt á okkar mælikvarða og þar er ótrúlega margt að sjá; kastala, kirkjur, strendur og söfn og auðvitað er alls staðar heilmikil saga. Það er full ástæða til að hvetja Íslendinga til að kynna sér Litháen betur."

Frá Litháen flugu Aldís og ferðafélagar til Jerevan, höfuðborgar Armeníu. Hún segir langflesta flugfarþegana hafa verið brottflutta Armena að koma í heimsókn, klyfjaða gjöfum til ættingjanna í heimalandinu. „Í þessum löndum er unga fólkið meira og minna farið til annarra landa að leita betri lífskjara og láta þá sem heima eru njóta góðs af. Jerevan er falleg borg þar sem margt er að sjá, hitinn var mikill eða um 43°C yfir daginn en loftslagið er mjög þurrt þannig að maður verður minna var við hitann en annars væri. Við leigðum okkur einfaldlega leigubíl allan daginn og bílstjórinn sýndi okkur helstu kennileiti borgarinnar, meðal annars Republica-torgið þar sem mikil mótmæli fóru fram fyrir nokkrum vikum, risastóran markað, koníaksverksmiðju og kirkjur. Bílstjórinn var afskaplega ▶

netto
Kræsingar & kostakjör

# SKIPULAGÐUR SNÆÐINGUR Í SKEMMTILEGU BOXI FRÁ sistema®



SALATBOX MEÐ HNÍFAPÖRUM OG SÓSUBOXI

SALATBOX 1.398 KR

KÆLITASKA 2.498 KR

SALATBOX MEÐ KÆLIKUBBI, HNÍFA-PÖRUM OG SÓSUBOXI

SALATBOX 2.398 KR



TRIO 480 ML 798 KR

TRIO 580 ML 898 KR

TRIO 700 ML 998 KR

**NÝTT - SISTEMA TRIO BRÚSAR**



FJÖLDI BOXA verð frá 598 KR



**SNACK ATTACK**
TVEGGJA MÁLTÍÐA NESTISBOX MEÐ TVEIMUR AUKAHÓLFUM

SNACK ATTACK stórt 1.498 KR

**SNACK ATTACK** NESTISBOX MEÐ LOKUÐU AUKAHÓLFI

SNACK ATTACK miðstærð 1.198 KR

**SNACK ATTACK** SAMLOKUBOX MEÐ TVEIMUR AUKAHÓLFUM

SNACK ATTACK lítið 798 KR

**www.netto.is**
| Mjódd · Grandi · Salavegur · Búðakór · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

markhonnun.is
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**VIÐ HJÓNIN FÖRUM YFIRLEITT BARA Á STAÐINA OG UPPLIFUM ÞAÐ SEM VIÐ LENDUM Í, Í HVERJU LANDI FYRIR SIG. STUNDUM PÖNTUM VIÐ EKKI EINU SINNI HÓTELIN FYRIRFRAM.**



Margt er að skoða í Litháen, þessi miðaldakastali er eitt af því. Hann er í Trakaj og er umlukinn vatni.

elskulegur og bauð okkur heim til tengdaforeldra sinna sem buðu okkur upp á berjasafa og ávexti úr garðinum og leystu okkur út með gjöfum."

Í Jerevan lenti Aldís á spítala því í skógarferð í Litháen hafði hún verið illa bitin af skorkvikindi og var nú komin með sýkingar, bólgur og ofnæmisviðbrögð. „Ég var flutt á stærsta sjúkrahús borgarinnar en þegar ég kom í anddyrið þá leist mér vægast sagt ekkert á húsið og aðbúnaðinn en læknarnir voru framúrskarandi og það var vel hugsað um mig. Ég mun hins vegar aldrei framar minnast á aðbúnað á íslenskum sjúkrahúsum. Munurinn er sláandi."

Í Jerevan voru ferðafélagarnir í nokkra daga áður en ættingjar Grantasar sendu leigubíl eftir þeim frá Karabakh, um 400 kílómetra leið. „Þetta var ábyggilega flottasti bíllinn í bænum, nýlegur Land Cruiser Prado," segir Aldís. „Bílstjórinn keyrði hins vegar eins og brjálæðingur, enda hafði hann keypt sér númeraplötur sem veittu honum rétt til að haga sér eins og hann lysti, löggan vinkaði honum áfram og aðrir bílar fuku út í kant eins og flugur þegar við brunuðum eftir miðlínu eða á röngum vegarhelmingi á allt að 140 kílómetra hraða. Auk þess reykti bílstjórinn, talaði stanslaust í símann og var með armenska tónlist á hæsta styrk.

En á leiðarenda komumst við og fólkið hans Grantasar tók gríðarlega vel á móti okkur. Frændfólk hans rekur byggingafyrirtæki, veitingastað og gistiheimili og sýndi okkur alla helgustu staði Karabakh, eldgamlar kirkjur, hof og klaustur, jafnvel allt frá upphafsdögum kristninnar."

Aldís segir Armeníu sólbakaða og þurra grjótsléttu. „Það er erfitt að átta sig á hvernig fólkið í litlu þorpunum við veginn dregur fram lífið í Armeníu en Karabakh er gróðursælt hérað sem á margan hátt minnir á Sviss. Héraðið er mikil matarkista, þar vaxa allir ávextir sem hugsast getur og alveg skiljanlegt að bæði Armenar og Azerar hafi ásælst svo gróskumikið svæði enda hefur það verið stríðshrjáð í langan tíma."

Sex ára stríðinu lauk árið 1994 en sjá má áhrif þess víða, að sögn Aldísar. Hún segir uppbygginguenn í gangi og munu taka langan tíma, kostnaður við að þurfa að byggja upp innviði samfélagsins aftur og aftur sé augljós. „Við Íslendingar fyndum fyrir því ef við þyrftum að byggja upp grunnskólana, leikskólana og allar aðrar stofnanir á fimmtíu ára fresti af því að allt hefði verið sprengt í tætlur, fyrir utan öll mannslífin sem fórnað er í svona átökum. Við Íslendingar erum forréttindafólk, að hafa aldrei lent í að verja landið okkar, hér hafa ekki geisað blóðugar styrjaldir vegna þess að það hefur engan langað í þessa eyju lengst úti í hafi. Aftur á móti hafa margar aðrar þjóðir þurft að upplifa slíkt og það markar samfélögin."

En var ekki tilfinningaþrungið fyrir Elítu að koma á þessar slóðir? „Jú, hún hafði gaman af að koma til Karabakh sem hún var búin að heyra manninn sinn tala um í mörg ár en auðvitað var sárt líka að hann skyldi ekki vera með. Við söknuðum hans öll mikið."



Við tvö þúsund ára gamalt tré í Karabakh sem er um 27 metrar að ummáli og um 54 metra hátt. Eldingar hafa leikið tréð grátt. Það á sitt eigið vegabréf sem sýnir status þess á meðal þjóðarinnar.




Táknmynd Karabakh eru risastórar styttur sem heita afi og amma. Þar segja gárungarnir að þetta sé táknrænt því engir séu eftir í Karabakh nema afi og amma. Unga fólkið sér þar enga framtíð en sendir samt börnin þangað í sumarfrí.

**BÍLSTJÓRINN KEYRÐI HINS VEGAR EINS OG BRJÁLÆÐINGUR, ENDA HAFÐI HANN KEYPT SÉR NÚMERAPLÖTUR SEM VEITTU HONUM RÉTT TIL AÐ HAGA SÉR EINS OG HANN LYSTI.**



Í einni af mörgum matarveislum ferðarinnar. Lárus með gestgjafanum Rimu, vinkonu Elítu. Þetta er matur handa fjórum og heitu réttirnir ókomnir á borðið.




# Miðstöð menningar
## Dagskrá í Hörpu á Menningarnótt

**Eldborg** 2. hæð

**15:00** **Opið hús: Tobbi túba – barnatónleikar**
*Miðar afhentir samdægurs í miðasölu Hörpu*

**17:00** **Opið hús: Uppistand með Sinfóníunni og Ara Eldjárn**
*Miðar afhentir samdægurs í miðasölu Hörpu*

**20:00** **Þjóðkórinn syngur í Eldborg undir stjórn Garðars Cortes**
Þjóðinni er boðið að syngja saman, ásamt Óperukórnum

**Norðurljós** 2. hæð

**14:30** **Baldursbrá** – ævintýraópera

**15:00** **Björninn** – lágmenningarópera eftir William Walton

**15:30** **Raddbandafélagið** – sönghópur
Þátttakendur í King's Singers Masterclass

**16:00** **Dúó Stemma** – barnadagskrá „Heyrðu villihrafninn mig"

**16:45** **Sætabrauðsdrengirnir** – sönghópurinn sívinsæli
Gissur, Hlöðver, Bergþór, Viðar og Halldór

**17:30** **Óperuakademían** – Alls konar ást

**Silfurberg** 2. hæð

**13:00** **RIFF** – úrval íslenskra stuttmynda

**15:00** **Svipmyndir úr Hörpu** – kynning
Listahátíð í Reykjavík, Upptaktur og íbúar Hörpu

**15:30** **RIFF** – úrval íslenskra stuttmynda

**Kaldalón** 1. hæð

**14:30** **Blúshátíð**
14:30 Dagur Sigurðsson og hljómsveit
15:00 Sigurður Sigurðsson og Strákarnir hans Sævars

**16:00** **Stage Networks** – efnilegar hljómsveitir frá Evrópu
Frakkland – LRM, Eistland – The Werg,
Holland – DOOXS, Ísland – Rythmatik

**18:45** **CeaseTone** – Hafsteinn Þráinsson

**19:30** **RGG Jazzband** – pólskur samtímadjass

**Norðurbryggja** 1. hæð

**13:00 – 18:00** **Óperuhornið**
Kynning á starfi Íslensku óperunnar

**Hörpuhorn** 2. hæð

**13:00** **Lúðrasveitasamsæti**
Íslenskar lúðrasveitir ásamt Moi Musikkorps frá Noregi

**14:00** **Spectrum** – sönghópur

**16:15** **Skarkali tríó** – djass

**Eyri** 2. hæð

**13:30** **FlatEYRI** – Orð um hafið
Ritlistarnemar HÍ lesa nýtt efni úr ritsmiðju Auðar Övu

**14:30 – 17:00** **Bridge í Hörpu**
Bridgesambandið stendur fyrir spilamennsku

**14:30 – 18:00** **Rafknúinn kappakstursbíll** – Formula Student
Hönnun og smíði Team Spark, verkfræðinemenda HÍ

**Flói** 1. hæð

**14:45** **Fögur er jörðin** – lög eftir Óskar Guðnason

**15:30** **Tangóhljómsveitin Mandólín**

**16:15** **Blikktromman** – ný tónleikaröð í Kaldalóni
Sin Fang verður fulltrúi Blikktrommunnar á Menningarnótt

**17:00** **Færeyskir tónar**
17:00 Hanus G. Johansen ásamt 16 kvenna kór
17:45 Tróndur Enni og Liv Næs syngja og leika
18:30 Söngvarinn og lagahöfundurinn Marius Ziska

**19:15** **Lockerbie** – kynnir nýju plötuna Kafari

**Opin rými**

**14:30** **Maxímús Músíkús** heilsar börnunum og gefur góss
**Myndlist** eftir þýsku listamennina Ingeborg zu Schleswig Holstein og Rudolf zur Lippe

**Hörpuplan**

**13:00 – 17:00** **Bílasýning**
Íslenski Cadillac klúbburinn sýnir drossíur

**Kerrugeymsla við fatahengi á jarðhæð, 500 kr.**
**Húsinu er lokað kl. 23:00, áður en flugeldasýning hefst.**

**www.harpa.is**

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík

Austurbakki 2
101 Reykjavík
528 5000

Miðasala
528 5050

Brandenburg

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is





Fámennur en afar ástríðufullur hópur vísindamanna leitar nú að lífi milli stjarnanna. Mynd/ESO

# Næsti hlustandi á línunni er …

**Með aðstoð rússnesks auðkýfings verður veldisaukning í umsvifum útvarpsstjörnufræðinga sem hlusta eftir framandi lífi. Þar sem boðleiðir eru mörg ljósár er ljóst að leit á milli stjarnanna og samskipti við geimverur kalla einnig á sjálfsskoðun mannskepnunnar.**

Með aðstoð rússnesks auðkýfings verður veldisaukning í umsvifum útvarpsstjörnufræðinga sem hlusta eftir framandi lífi. Þar sem boðleiðir eru mörg ljósár er ljóst að leit á milli stjarnanna og samskipti við geimverur kalla einnig á sjálfsskoðun mannskepnunnar.

Við vitum hvað átti sér stað sekúndubrotum eftir að alheimurinn varð til, hvernig fyrstu stjörnurnar mynduðust og hvernig þær þeyttu flóknum frumefnum um alheiminn – sem síðar mynduðu líkama okkar – í dauðastríði sínu. Það er þó margt sem við vitum ekki. Til dæmis hvernig líf myndaðist á Jörðinni. Við vitum að það gerðist snemma í jarðsögunni og að súpan sem forfeður okkar urðu til í var samsett úr afar einföldum hráefnum.

Hér er stiklað á stóru en þegar við horfum yfir það sem við vitum í heimsfræðinni er einfaldlega óhugsandi að líf á Jörðinni sé einstakt. Aðeins eru nokkur ár síðan við héldum að reikistjörnur eins og Jörðin væru gríðarlega sjaldgæfar í Vetrarbrautinni. Svo er ekki, flest bendir til að ein af hverjum fimm stjörnum stígi sporöskjulaga dans við eina eða fleiri reikistjörnur. Í vetrarbrautinni okkar skipta þessar reikistjörnur milljörðum.

### Utan þjónustusvæðis

Fámennur en afar ástríðufullur hópur vísindamanna leitar nú að lífi milli stjarnanna. Þessi leit hefur staðið í vel yfir hálfa öld. Hún er í senn mikilvægasta leit sögunnar og sú tíðindaminnsta.

Freistum við þess að komast í tæri við líf á fjarlægri reikistjörnu er það vandamál sem verkfræði mannskepnunnar á ekki og mun ekki eiga svar við. Við förum aldrei þangað. En við getum hlustað og það er það sem vísindamenn stungu upp á árið 1959, og það höfum við gert allar götur síðar. Við stillum á vinsælustu útvarpsrásina, þar sem tungumál alheimsins er talað. Tungumál vetnisins. Róteindir vetnisatóma snúast í sífellu og gefa um leið frá sér rafsegulgeislun sem hægt er að hlusta á á tíðninni 1.420MHz (þar sem allir smellirnir eru!). Aðeins verur með sæmilega þekkingu á alheiminum þekkja þessa tíðni og hver veit nema þær útvarpi á henni líka.

Flestir eru sammála um ágæti þessarar aðferðar. Aftur á móti eru ekki allir sammála um mikilvægi leitarinnar. Þannig hefur aðgengi útvarpsstjörnufræðinga að sjónaukum verið afar takmarkað. Það eru einfaldlega mikilvægari rannsóknir sem þarf að sinna. Hingað til hafa þessir þolinmóðu vísindamenn fengið í kringum 24 klukkustundir á ári til að leita að framandi fjarskiptum. Það mun nú breytast.

### Mannvinur milli stjarnanna

Rússneski frumkvöðullinn Yuri Milner, ásamt nokkrum af virtustu vísindamönnum og hugsuðum veraldar, þar á meðal Stephen Hawking, Ann Druyan og Frank Drake, svipti hulunni af Breakthrough Listen-verkefninu á dögunum. Milner mun styrkja þessa fjársveltu leit um rúmlega 13 milljarða króna á næstu 10 árum. Þetta þýðir að útvarpsstjörnufræðingar í leit að lífi munu fá 20-25% af skoðunartíma tveggja gríðarlega öflugra útvarpssjónauka. Saman munu þessir sjónaukar rýna í 10 sinnum stærra svæði en hingað til hefur verið hægt og hlusta eftir útsendingum á tíðnisviðinu 1 til 10GHz, þar sem andrúmsloft Jarðar truflar ekki og kór alheimsaflanna er lágvær. Sameinaður kraftur sjónaukanna er slíkur að þeir geta greint venjulegt radarmerki frá farþegaþotu á sveimi í kringum þúsund nálægustu stjörnurnar.

### Dyggur hlustandi

Guðfaðir SETI er Frank Drake. Hann hefur setið við hlustir í 55 ár og þekkir þögnina betur en flestir. „Við höfum verið að betla tíma á sjónaukum,“ segir Drake. „Við erum ekki nálægt því að hafa skimað allan himininn. Núna getum við leitað á miklu stærra svæði. Það sem meira er þá getum við leitað á margfalt víðara sviði tíðna. Milljarða rása á sama tíma. Þessi stuðningur frá Yuri Milner þýðir að við getum leitað meira á örfáum dögum en við höfum gert samanlagt frá upphafi.“

Drake segir að hér sé um að ræða sögulega stund fyrir þá sem leita að framandi lífi. Í raun kraftaverk. Heimsfræðingurinn Stephen Hawking, sem sjálfur hefur varað við nánum kynnum við geimverur hafði þetta að segja þegar verkefni Milners var kynnt í Lundúnum: „Í alheimi án enda hlýtur líf að koma fyrir oftar en einu sinni. Svo gæti verið að einhvers staðar í alheiminum séu greindar verur sem eru að fylgjast með okkur. Það er ekki til stærri spurning, sama hvernig þetta fer á endanum.“

### Allt og ekkert

Hvað gerist þegar við heyrum loks í framandi lífi er allt önnur umræða. Vafalaust verður það frétt aldarinnar og stórkostlegasta uppgötvun fyrr og síðar. En hvað gerist daginn eftir? Strætó mun ganga áfram, átökin halda áfram um víða veröld og það verður messa á sunnudaginn. Raunsæi tekur vonandi völdin. Við vitum á þessum tímapunkti að einhvers staðar þarna uppi eru verur sem skilja tungumál alheimsins eins og við. Þessar verur eru í milljóna ljósára fjarlægð og samskipti okkar munu fara fram á hundrað, jafnvel árþúsunda, fresti. Svörin við vandamálum okkar, hvernig við tryggjum samhug meðal Jarðarbúa, verða á endanum að koma frá okkur sjálfum. Það jákvæða er að við vitum loks að hægt er að yfirstíga þessi vandamál, enda hafa skyldmenni okkar meðal stjarnanna gert einmitt það.

## JAFNA DRAKES | Frank Drake setti fram jöfnu sína sem áætlar fjölda tæknivæddra samfélaga í Vetrarbrautinni. Hérna er áætlað, gróflega, út frá nýjustu upplýsingum og grunsemdum vísindamanna.

$$N = R^* \cdot f_p \cdot N_e \cdot f_l \cdot f_i \cdot f_c \cdot L$$

**N**=tæknivædd samfélög sem gætu haft samband =36,4 milljón

**R***=stjörnur svipaðar sólinni sem myndast í Vetrarbrautinni árlega = 7

**fp**=stjörnur svipaðar sólinni sem hafa sólkerfi = 1

**ne**=lífvænlegar reikistjörnur í sólkerfinu = 0,2

**fl**=lífvænlegar reikistjörnur þar sem líf verður til =0,13

**fi**=reikistjörnur með lífi þar sem vitsmunalíf þróast = 1

**fc**=reikistjörnur með vitsmunalífi sem vilja hafa samband = 0,2

**L**=meðalævi slíks tæknivædds samfélags = 109 ár

> Þessi stuðningur frá Yuri Milner þýðir að við getum leitað meira á örfáum dögum en við höfum gert samanlagt frá upphafi.
>
> Frank Drake



> Það er ekki til stærri spurning, sama hvernig þetta fer á endanum.
>
> Stephen Hawking




SJÓNVARP BYLGJAN.IS BYLGJUAPPIÐ ÚTVARP

HLUSTAÐU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER

BYLGJAN 989

## Flækjusaga

**Illugi Jökulsson** segir frá rithöfundi sem fordæmdi meðferð á þrælum en studdi þó þrælahald, og öðrum mótsögnum í sögu Súrínam.



# Njósnarinn, prinsinn og hið helvíska sæluríki



Þræll tekinn af lífi í Súrínam með því að hengja hann upp með krókum gegnum rifin.

Aphra hét kona ein, bar lengst af nafnið Behn, og var rammlega bresk að uppruna þótt nafnið kunni að virðast jafnvel svolítið austurlenskt. En um uppruna hennar er að öðru leyti harla fátt vitað með vissu, hún var fædd um 1640, kannski var pabbi hennar rakari, kannski ekki, líklega fór hún í langa siglingu til Suður-Ameríku um tvítugsaldur, kannski gekk hún í hjónaband með þýskum kaupmanni, kannski var hún kaþólsk. Ekkert af þessu er á hreinu og Aphra Behn virðist hafa gert meðvitaða og markvissa tilraun til að þurrka út fortíð sína eða öllu heldur flækja hana í frumskógi mótsagnakenndra sögusagna. Og það er á sinn hátt til marks um tilhneigingu hennar til að fela fortíðina að það fyrsta sem við vitum um hana með vissu er að hún gerðist njósnari, en sú starfsgrein byggir náttúrlega á blekkingum og tvöfeldni.

Árið 1660 komst til valda á Bretlandi kóngurinn Karl II, þá voru 11 ár síðan faðir hans var afhausaður í uppreisn sem oft er kennd við Oliver Cromwell. Nú var Cromwell dauður og Bretar sáu ekki annað ráð en kalla Karl II til ríkis. En hann átti fjölmarga andstæðinga og útlagar söfnuðust til dæmis mjög saman í Hollandi. Aphra Behn virðist hafa gengið í þjónustu kóngs, þótt sagnir hermi að hún hafi þó fyrst og fremst verið stuðningsmaður yngri bróður hans, Jakobs, hertoga af Jórvík. Þeir bræður eða menn á þeirra vegum sendu nú Öphru Behn til Hollands þar sem hún skyldi njósna um fjendur þeirra. Því miður er náttúrlega flest á huldu um njósnastörf Öphru, nema hvað Karl II virðist hafa neitað að borga laun hennar og risnu, enda þurfti hann að nota hverja krónu í bruðlið sem hann bjó sjálfum sér, og eftir nokkur misseri hrökklaðist njósnarinn Aphra heim til London og þurfti nú að finna sér eitthvað til viðurværis.

### Leikritaskáld

Og þá fór hún að skrifa. Aphra Behn gerðist á skömmum tíma afkastamikill rithöfundur, hún skrifaði næstu 20 árin um það bil eitt leikrit á ári, þetta voru fyrst og fremst gamanleikir, enda var Aphra orðsnjöll og fyndin og gefin fyrir flækjur og blekkingarleiki, og á sínum tíma skipuðu þessi verk henni í fremstu röð leikritahöfunda á Bretlandi. Nú eru þau sjaldan eða aldrei leikin, en staða Öphru Behn í breskri bókmenntasögu er þó trygg, hún var ein allra fyrsta konan sem fékk lifað af ritstörfum, og burtséð frá því hvort verk hennar séu við hæfi nútímafólks, þá er ljóst að hún var engu síðri höfundur en samtímamenn hennar af karlkyni. Því miður dugði það henni ekki til að verða rík og þegar hún andaðist laust fyrir fimmtugt átti hún í mesta basli með að láta enda ná saman.

Merkileg kona, Aphra Behn, sem sagt, en af hverju er ég að fjalla um hana í grein sem á að heita framhald flækjusögunnar fyrir viku, þegar ég fjallaði um tvær nýlendur Evrópuríkja í Ameríku á 17. öld – hina hollensku Nýju Amsterdam í Norður-Ameríku og hið breska Willoughbyland í Suður-Ameríku? Jú, ekki verður betur séð en Aphra Behn hafi öllum öðrum betur lýst þeim hryllingi sem hvolfdist yfir þá síðarnefndu eftir nokkuð skrautlegt upphaf. Landnemar í Willoughbylandi höfðu ekki mætt þeirri náttúruparadís sem auglýsingaskrum Willoughbys baróns hafði lofað þeim, en þeir höfðu þó á endanum komið sér þokkalega fyrir og reyndu að koma á umburðarlyndu samfélagi þar sem trúarkrytur og innbyrðis sundrung gamla heimsins skyldu husladar utangarðs.

En allar vonir um að skapa mætti gott samfélag í Willoughbylandi fóru fyrir bí þegar skip kom þar að landi árið 1663, rúmum áratug eftir stofnun nýlendunnar. Skipið var eign félags sem kóngurinn Karl II stóð fyrir og átti að fjármagna enn meira bruðl hans við hirðlífið í London með því að selja svarta þræla frá Afríku til nýlendubúa í Ameríkunum báðum.



Karl II

### Mótsagnir hugsjónamannsins

Willoughby barón sjálfur áttaði sig ekki á þeirri mótsögn að ætla sér að byggja réttlátt samfélag á þrælkun meðbræðra sinna og systra. Hann tók þátt í þrælaversluninni með kónginum og öðru stórmenni. Og sú verslun með manneskjur og sú meðferð á hinum afrísku þrælum sem henni fylgdi gerðu Willoughbyland á skammri stundu að sannkölluðu helvíti á jörð. Þó skömm sé frá að segja tóku landnemarnir fegins hendi því tækifæri að geta sjálfir lagt af mesta stritið en pínt Afríkumenn til að erfiða fyrir sig, dugnaður



Aphra Behn

EN ALLAR VONIR UM AÐ SKAPA MÆTTI GOTT SAMFÉLAG Í WILLOUGHBYLANDI FÓRU FYRIR BÍ ÞEGAR SKIP KOM ÞAR AÐ LANDI ÁRIÐ 1663, RÚMUM ÁRATUG EFTIR STOFNUN NÝLENDUNNAR. SKIPIÐ VAR EIGN FÉLAGS SEM KÓNGURINN KARL II STÓÐ FYRIR OG ÁTTI AÐ FJÁRMAGNA ENN MEIRA BRUÐL HANS VIÐ HIRÐLÍFIÐ Í LONDON.

þeirra sjálfra og atorkusemi hurfu eins og dögg í hinni öflugu sól Willoughbylands og þrælahaldararnir í hinu meinta fullkomna samfélagi fóru brátt að sýna af sér ólýsanlega grimmd í garð þrælanna.

Og hér kemur Aphra Behn aftur til sögunnar. Hún var sem fyrr segir líklega á ferð í Suður-Ameríku einmitt um það leyti sem þrælahaldið var að festa rætur í Willoughbylandi og talið er nokkuð víst að hún hafi þá heimsótt „sæluríki“ Willoughbys. Og þar heyrði hún sögu afrísks þræls sem varð henni rétt undir ævilokin efni í bók sem nú er um það bil ein allra hennar verka enn þá lesin. Það er skáldsagan Oroonoko þar sem segir frá afrískum prins sem þrælakaupmenn í Afríku handsama og selja Evrópumönnum, prinsinn Oroonoko er svo fluttur vestur um haf þar sem hann er svívirtur, niðurlægður og kúgaður, hann reynir að gera uppreisn en hún mistekst og aftur er hann svívirtur á alla lund, loks er hann tekinn af lífi eftir ægilegar pyntingar.

Enginn vafi er á að í lýsingum á hinum hræðilega aðbúnaði þrælanna og Oroonokos studdist Aphra við raunverulegar lýsingar, ef ekki beinlínis það sem hún hafði sjálf séð meðan hún hafði viðdvöl í Willoughbylandi. Hinir innfæddu Indíánar voru ýmist dauðir úr pestum eða flúnir á braut úr „sæluríkinu“ en það átti nú fyrir Afríkumönnum að liggja að þræla þar fjarri heimahögum.

### Grimmileg myrkraverk

Þar eð bók Öphru Behn er hörð fordæming á því hvernig menn leyfa sér að fara með þræla, þá kemur kannski á óvart að hún var í rauninni ekki andsnúin þrælahaldi í sjálfu sér. Þótt eiginlegt þrælahald væri aflagt í Vestur-Evrópu taldi jafnvel menntað fólk fyllilega leyfilegt að þræla íbúa „frumstæðra“ landa – og Evrópumenn sem þurftu að réttlæta þrælahald gátu jafnan vitnað til þess að „Tyrkir“ hikuðu ekki við að ræna fólki í Evrópu og hneppa í þrældóm, samanber Tyrkjaránið á Íslandi 1627. En það er í takt við aðrar mótsagnir sem einkenndu þessa hörmungarsögu alla. Baróninum Willoughby var áreiðanlega alvara þegar hann ætlaði að stofna griðastað þar sem fólk þurfti ekki að kveljast vegna trúarbragðadeilna og misklíðar um tittlingaskít, en sjálfur sá hann ekkert athugavert við að flytja inn þræla til að létta nýlendubúum lífið. Og tók þátt í eða horfði altént framhjá grimmilegum myrkraverkum sem unnin voru á þrælunum, líkt og prinsinum Oroonoko, og Aphra Behn lýsti svo sorglega vel. Sjálfur lifði baróninn ekki að sjá sæluríkið endanlega færast niður á stig helvítis á jörðu, hann fórst í ofviðri á sjó árið 1666. Ári seinna breyttist allt, og þó ekkert. Í stríði Hollendinga og Breta tóku hollenskir Willoughbyland, en Bretar hirtu hins vegar Nýju Amsterdam í Norður-Ameríku. Og við friðarsamninga var ákveðið að hvorir héldu sínu. Bretar skírðu sinn feng eftir hertoganum af Jórvík, sem Aphra okkar Behn dáðist svo að, og heitir þar síðan New York. En Hollendingar vörpuðu fyrir róða nafni hins misvitra hugsjónamanns Willoughbys og kölluðu þrælanýlendu sína eftirleiðis Súrínam.

Og fyrir þrælana var helvíti þá fyrst að ganga í garð.

# KRÓNAN

**– fyrst og fremst ódýr!**

New York marinering

Hvítlauks og rósmarín marinering

**18% afsláttur**

ÍSLENSKT

**3799 kr. kg**

Verð áður ~~4666~~ kr. kg

Íslenskt lambafile með fiturönd

# Menningar-veisla

**36% afsláttur**

**3799 kr. kg**

Verð áður ~~5999~~ kr. kg

Lúxus ungnautalund frá Nýja-Sjálandi

## Gott á grillið

– fulleldað Spare Rib með BBQ eða Sweet Chilli sósu

**999 kr. pk.**

Spare Rib með BBQ eða Sweet Chilli sósu, 500 g

## Úrbeinuð austurlensk önd fyrir 6-8 manns

**2999 kr. pk.**

Heil úrbeinuð austurlensk önd „crispy duck" með hoisin sósu og 24 pönnukökum

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

## 100% ungnauta-hakk

2x 90 g í pakka

**449 kr. pk.**

ÍSLENSKT

Íslenskur ungnauta hamborgari, 2x 90 g

2x 120 g í pakka

**599 kr. pk.**

ÍSLENSKT

Íslenskur ungnauta hamborgari, 2x120 g

2x 175 g í pakka

**799 kr. pk.**

ÍSLENSKT

Íslenskur ungnauta hamborgari, 2x 175 g

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**




**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •




Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLU



**Opnunartími laugardag**

- Reykjavík kl 11-16
- Akureyri kl 10-17

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176 • Glerártorgi Akureyri • Sími 533 2220 • www.lindesign.is**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Héðinn Hermóðsson**

Fróðengi 5, Reykjavík,

lést þann 11. ágúst.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug,**
**Hólmfríður Jónsdóttir og fjölskyldur.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Jóhannsdóttir**

verður jarðsungin miðvikudaginn 26. ágúst kl. 14.00 frá Akraneskirkju.

**Þóra S. Gunnlaugsdóttir**
**Guðmundur F. Gunnlaugsson**
**og fjölskyldur.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elskulegrar móður okkar,

**Maríu Kristínar Tómasdóttur**

Aflagranda 40, Reykjavík.

**Sirrý Gröndal** | **Göran Selldén**
**Halldóra Gröndal** | **Jón Ingvar Jónasson**
**Benedikt Gröndal** | **Hrafnhildur Halldórsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elín Albertsdóttir**

frá Stapa, Vestmannaeyjum,

lést á heimili sínu síðastliðinn miðvikudag.

**Ólafur Ragnar Sigurðsson**
**Sigurður Ingi Ólafsson** | **Aðalheiður Hafsteinsdóttir**
**Svanhvít Ólafsdóttir** | **Jóhann Baldursson**
**Guðjón Ólafsson** | **Sigurbjörg Ósk Antonsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, amma og systir,

**Rannveig Sigurðardóttir**

kennari
frá Möðruvöllum í Hörgárdal,

lést 18. ágúst á Dalans-sjúkrahúsinu í Stokkhólmi. Útför fer fram í Stokkhólmi 3. september kl. 11.00 frá Maria Bebådelsekyrka.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**María Sigrún Tómasdóttir, Tómas Breki og systkini hinnar látnu.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn


Sverrir Einarsson


Kristín Ingólfsdóttir


Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA




**Hér má sjá starfsmenn Radiant Games, sem standa á bak við framleiðslu leiksins.** Fréttablaðið/Anton Brink

# Íslenskur leikur fyrir börn til að læra forritun

**Box Island kemur út á þriðjudaginn. Markmið leiksins er að efla rökfræðilegan hugsunarhátt og kenna grunnskólabörnum grunngildi forritunar.**

„Þetta er í raun fyrsti íslenski leikurinn með þessum áherslum,“ segir Vignir Örn Guðmundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Radiant Games. Á þriðjudaginn sendir fyrirtækið frá sér leikinn Box Island sem er hugsaður fyrir grunnskólabörn og er markmið hans að efla rökfræðilegan hugsunarhátt og kenna grunngildi forritunar. „Leikurinn gengur í raun út á að krakkarnir taka þátt í ævintýri á eyjunni Box Island. Þau þurfa að beita grunngildum forritunar eins og lyklum og skilyrðissetningum til þess að leysa ýmsar þrautir. Þau stjórna aðalsöguhetjunni sem heitir Hero og er markmiðið að bjarga litlum vini persónunnar sem er í vandræðum.“

Á þriðjudaginn kemur leikurinn út fyrir iPad-spjaldtölvur og segir Vignir að til standi leikurinn komi einnig fyrir iPhone og síðar fyrir spjaldtölvur og síma sem keyra á Android-stýrikerfinu. Hann segir mikinn undirbúning hafa átt sér stað fyrir leikinn. „Við höfum fengið yfir 70 krakka til okkar í notendaprófanir. Þá komu krakkarnir í 30 til 60 mínútur til að spila og fengu litla sem enga hjálp. Þá fylgdumst við vel með og vorum mjög gagnrýnir á leikinn og hvort krakkarnir gætu bjargað sér sjálfir í honum. Síðan höfum við fengið að prófa þetta í Vífilsstaðaskóla í Garðabæ sem hefur gefist mjög vel.“

> **Leikurinn gengur í raun út á að krakkarnir taka þátt í ævintýri á eyjunni Box Island. Þau þurfa að beita grunngildum forritunar eins og lyklum og skilyrðissetningum til þess að leysa ýmsar þrautir.**

Eftir útgáfu leiksins á Íslandi stefnir fyrirtækið á að gefa hann út á heimsvísu. „Útgáfan á Íslandi er svokallað „soft launch“. Við erum að gefa íslenskum krökkum forskot og viljum gefa hann út samhliða því að grunnskólarnir byrja. Þessi útgáfa hjálpar okkur líka að fá endurgjöf áður en við gefum hann út um allan heim,“ útskýrir Vignir og bætir við að það geti reynst verðmætt fyrir íslenska spilara að hafa leikinn á móðurmálinu: „Já, það skiptir miklu máli. Markhópurinn okkar eru krakkar á aldrinum átta til ellefu ára og það getur reynst erfitt að eiga við svona heilabrjót á erlendu tungumáli.“ **– kak**



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Karlsdóttir**

Sléttuvegi 17, Reykjavík,
áður Mávahlíð 41,

lést á Borgarspítalanum 13. ágúst. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 24. ágúst kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Reykjavíkur.

**Kristín Axelsdóttir** | **Kristinn Guðmundsson**
**Guðrún Lilja Kristinsdóttir** | **Axel Kristinsson**
**Kristín Jónsdóttir** | **Arnar Snær Kárason**
**María Káradóttir** | **Axel Kárason**
**og fjölskyldur.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓSKAR GUNNARSSON**

Sólborgarhóli, Hörgársveit,

lést á lyfjadeild Sjúkrahússins á Akureyri þann 17. ágúst. Útförin fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 28. ágúst kl. 13.30. Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Marzilía Ingvarsdóttir**
**Ingvar Gunnar Óskarsson** | **Lena Cecilia Nyberg**
**Viglín Óskarsdóttir** | **Ólafur Haraldsson**
**Óskar Rafn Ólafsson**
**Baldur Örn Ólafsson**




# Merkisatburðir

**1809** Jörundur Hundadagakonungur er handtekinn og þar með lýkur valdasetu hans á Íslandi.
**1848** Bandaríkin innlima Nýja-Mexíkó.
**1910** Japanir innlima Kóreu.
**1916** Fyrsta lestarslysið verður á Íslandi þegar stelpa hleypur fyrir lest við Reykjavíkurhöfn.
**1922** Íslandsmet er sett í 5.000 metra hlaupi þegar Jón Kaldal hleypur vegalengdina á 15 mínútum og 23 sekúndum. Metið stendur í 30 ár.
**1943** Um 800 marsvín rekur á land við Búlandshöfða á Snæfellsnesi.
**1950** Aletha Gibson verður fyrsta þeldökki keppandinn í alþjóðlegri tenniskeppni.
**1981** Á Staðastað á Snæfellsnesi er minnisvarði afhjúpaður um Ara fróða Þorgilsson.
**1992** Vestnorrænu kvennaþingi lýkur á Egilsstöðum með því að varða er hlaðin úr grjóti frá Grænlandi, Færeyjum og Íslandi.
**1993** Kristján Helgason verður heimsmeistari í snóker í flokki 21 árs og yngri, sem haldið er í Reykjavík.
**2004** Ópinu og Madonnu, verkum Edvards Munch, er stolið af vopnuðum ræningjum í Ósló.
**2006** Farþegaflugvél Pulkovo Airlines hrapar í Úkraínu. 171 lætur lífið, þar af 45 börn.
**2007** Íslenska kvikmyndin Astrópía er frumsýnd.

---



Þökkum fyrir alla umhyggjuna og auðsýnda samúð vegna fráfalls okkar yndislegu ömmu og mömmu,

**Bryndísar Margrétar Friðþjófsdóttur**

frá Miðdalsgröf í Strandasýslu.

**Fjölskylda og aðrir aðstandendur.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Valur Páll Þórðarson**

lést á Landspítalanum í Fossvogi að kvöldi 20. ágúst.

**Erla Þórðardóttir**
**Jónína Valsdóttir**
**Kristín Valsdóttir** **Eiríkur Hjálmarsson**
**Snorri Valsson** **Jóhanna Rútsdóttir**
**Eyrún Valsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

.

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, ammalang, amma lambó, amma 2,

**Helga Jónsdóttir**

sem bjó lengst af á Lambastekk 12, Hjúkrunarheimilinu Sólvangi,

lést á LSH Hringbraut þann 15. ágúst sl. Útförin mun fara fram frá Víðistaðakirkju þann 25. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sólvang.

**Haukur D. Grímsson** **Brynja Bjarnadóttir**
**Björn G. Bragason** **Hilde Gunn Engenes**
**Ragnar Bragason**
**Jón Þ. Jakobsson** **Virgie Garcia**
**Íris K. Bragadóttir** **Hannes Ívarsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og allir hinir.**

---

Útför bróður okkar og mágs,

**Gunnars Þorbergssonar**

landmælingamanns,

fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 24. ágúst kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir.

**Bragi Þorbergsson** **Edda Júlía Þráinsdóttir**
**Sigurjón Þorbergsson** **Þórunn Gunnþórsdóttir**
**Kristinn Þorbergsson**
**Stefán P. Þorbergsson** **Hulda Svavarsdóttir**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Hörður Jónsson**

húsasmíðameistari, Galtarvík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu, mánudaginn 17. ágúst. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 27. ágúst kl. 14.00.

**Guðný Elín Geirsdóttir**
**Geir Harðarson** **Taru Harðarson**
**Harpa Harðardóttir** **Ingi Már Ingvarsson**
**Hrafnhildur Harðardóttir** **Jóhann Þorsteinsson**
**og afabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Óskar Árni Mar**

fv. framkvæmdastjóri, Sóltúni 5, Reykjavík,

lést 16. ágúst sl. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 24. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans láti HL-stöðina í Reykjavík njóta þess.

**Vilborg Guðrún Sigurðardóttir**
**Jóhanna S. Óskarsdóttir** **Hlöðver Bergmundsson**
**Sigurður Mar Óskarsson** **Guðný R. Hólmgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar systur okkar, mágkonu og frænku,

**Svanhildar Albertsdóttur**

Álfheimum 36.

Öllum þeim sem veittu henni aðstoð og styrk í veikindum hennar færum við okkar hjartans þakkir.

**Anna Margrét Albertsdóttir**
**Guðrún Albertsdóttir** **Páll Björnsson**
**Elísabet Hildiþórsdóttir** **María Hildiþórsdóttir**
**Birkir Pálsson** **Hildur Pálsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar , tengdafaðir, afi, og langafi,

**Jón Valdimar Jónsson**

Stórholti 9, Akureyri,

lést laugardaginn 15. ágúst. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 4. september kl. 13.30.

**Kolbrún Árnadóttir**
**Ragnheiður Þóra Valdimarsdóttir**
**Elsa Valdimarsdóttir** **Hreinn Gunnlaugsson**
**Árni Valdimarsson** **Björg Eiríksdóttir**
**Jón K. Valdimarsson** **Elísabet J. Sigurðardóttir**
**börn og barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðmunda H. Sigurbrandsdóttir**

Sólarvegi 14, Skagaströnd,

lést þann 15. ágúst sl. á LSH Fossvogi. Útförin fer fram frá Hólaneskirkju á Skagaströnd þann 29. ágúst nk. kl. 14.00.

**Kristján Ólafsson** **Fjóla Lýðsdóttir**
**Guðrún M. Ólafsdóttir** **Hjálmar A. Sigurþórsson**
**Víðir Ólafsson** **Sigurbjörg Bjarnfinnsdóttir**
**Guðmunda Ólafsdóttir** **Sigurður Berntsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Þórir S. Arinbjarnarson**

læknir,

lést í Svíþjóð sunnudaginn 5. júlí sl. Útför hans fór fram þriðjudaginn 4. ágúst.

**Ingi L. Þórisson**
**Edda Þórisdóttir Vierstraete** **Marc Vierstraete**
**Ágúst Arinbjarnarson** **Christina Arinbjarnarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Helgi H. Jónsson**

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 7. ágúst. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 28. ágúst, kl. 15.00.

**Jóhann Árni Helgason**
**Jón Ari Helgason**
**Oddný Helgadóttir**
**Sólveig Helgadóttir**
**Gunnlaugur Helgason**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær faðir okkar, bróðir, tengdafaðir og afi,

**Trausti Rúnar Traustason**

lést á heimili sínu 11.08. sl. Útför fer fram frá Fossvogskirkju þann 27. ágúst kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hans geta lagt inn á styrktarsjóð barna hans á bankareikning 323-13-110541, kt: 2711882269.

**Ingi Hrafn Traustason** **Lóa Rut Traustadóttir**
**Jón Skúli Traustason** **Kolbrún Rósa Valsdóttir**
**Ragna B. Traustadóttir** **Benedikt Ernir Stefánsson**
**Ingvar Breki Skúlason** **Stefán Páll Benediktsson**
**Rannveig Traustadóttir** **Aðalbjörg Traustadóttir**
**Ingi Hrafn Traustason**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Haukur Valtýsson**

Víðilundi 24, áður Ásvegi 19, Akureyri,

lést fimmtudaginn 13. ágúst. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 24. ágúst kl. 13.30.

**Valborg Svavarsdóttir**
**Helga Hauksdóttir**
**Stefanía Hauksdóttir** **Jóhann G. Möller**
**Svava Hauksdóttir** **Geir Baldursson**
**og fjölskyldur.**

---



Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför okkar kæra frænda,

**Björns Ólafs Ásgrímssonar**

Suðurgötu 14, Sauðárkróki.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki.

**Gísli, Sigrún, Ása Björk, Einar Örn og Anqi.**

---



Okkar ástkæra

**Þóra Eggertsdóttir**

kennari, Hvammstanga,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga að kvöldi miðvikudagsins 19. ágúst.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Atli, Guðrún og Þorsteinn Benónýsbörn.**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá



### Laugardagur

**Minnkandi norðaustanátt norðvestantil á landinu í dag og rigning með köflum. Suðlæg átt yfirleitt 5 til 10 m/s annars staðar. Rigning með köflum eða skúrir, en léttir til norðaustanlands síðdegis. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast norðaustantil.**

### Flóð og fjara

| REYKJAVÍK | | ÍSAFJÖRÐUR | | AKUREYRI | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLÓÐ | FJARA | FLÓÐ | FJARA | FLÓÐ | FJARA |
| **10.57** | **4.37** | **24.22** | **6.40** | **2.48** | **8.55** |
| 3,0 M | 1,0 M | 1,8 M | 0,6 M | 1,2 M | 0,5 M |
| **23.18** | **17.09** | **12.59** | **19.23** | **15.24** | **21.30** |
| 2,8 M | 1,2 M | 1,7 M | 0,7 M | 1,3 M | 0,6 M |

**Tunglstaða**
Minnkandi: 38%

**Sólarupprás** Kl. 5.39
**rlag** Kl. 21.19

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 24° | 24° | 24° | 26° | 23° | 15° | 8° |

| London | Amsterdam | París | Berlín | Madríd | Brussel | Róm |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 28° | 26° | 29° | 25° | 29° | 27° | 28° |

### Reykjavík



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 11° | 12° | 16° | 10° | 13° |
| 8 | 3 | 4 | 11 | 9 |

### Ísafjörður



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 10° | 11° | 8° | 4° | 4° |
| 4 | 4 | 5 | 11 | 10 |

### Akureyri



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 13° | 9° | 15° | 7° | 8° |
| 5 | 1 | 3 | 6 | 4 |

### Egilsstaðir



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 13° | 12° | 13° | 8° | 10° |
| 8 | 4 | 8 | 6 | 5 |

### Kirkjubæjarklaustur



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| 11° | 10° | 17° | 13° | 11° |
| 6 | 3 | 4 | 9 | 8 |


# Tækniþróunarsjóður

**Styrkir til nýsköpunar**

Umsóknarfrestur til **15. september**

Tækniþróunarsjóður styrkir nýsköpunarverkefni sem geta aukið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.
**Tækniþróunarsjóður auglýsir jafnframt eftir umsóknum á áherslusviði, sem að þessu sinni er efnistækni.**

Nánari upplýsingar eru á www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Tækniþróunarsjóður
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
rannís www.rannis.is







## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 30% VILDARAFSLÁTTUR!

# AF ÖLLUM BECKMANN SKÓLATÖSKUM

EITT VERÐ!



VILDARVERÐ 11.899 KR
VERÐ ÁÐUR 16.999 KR



VILDARVERÐ 11.899 KR
VERÐ ÁÐUR 16.999 KR



VILDARVERÐ 11.899 KR
VERÐ ÁÐUR 16.999 KR



VILDARVERÐ 11.899 KR
VERÐ ÁÐUR 16.999 KR



VILDARVERÐ 11.899 KR
VERÐ ÁÐUR 16.999 KR



VILDARVERÐ 11.899 KR
VERÐ ÁÐUR 16.999 KR



VILDARVERÐ 11.899 KR
VERÐ ÁÐUR 16.999 KR

# AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!

## SKÓLAINNKAUPIN MEÐ EINUM SMELLI

eymundsson.is/skoli




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Tilboð gilda frá 22 ágúst, til og með 23. ágúst. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

## Konráð og félagar á ferð og flugi 162

Bragi Halldórsson

„Þetta er nú eitthvað skrítin þraut,“ sagði Kata. „Alger ruglingur af litum og formum, það er bara ekkert hægt að sjá út úr þessu.“ Bætti hún við. „Hvað segir þú Lísaloppa, hvað segja leiðbeiningarnar, hvað eigum við að gera við þetta rugl, eigum við að geta séð eitthvað út úr þessu eða hvað?“ Lísaloppa las leiðbeiningarnar. „Við eigum að finna fimm arma stjörnu og litirnir skipta engu máli,“ sagði hún. „Fimm arma stjörnu segir þú, út úr þessu rugli?“ sagði Kata hneyksluð. „Jæja, fyrst leiðbeiningarnar segja það þá hlýtur það að vera hægt.

Getur þú fundið fimm arma stjörnuna?






Innritun er hafin fyrir skólaárið 2015-2016

Forskóli, píanó, fiðla, selló, kontrabassi, harmóníka, hljómborð, gítar, raf-gítar, raf-bassi, þverflauta, slagverk

Gítar, úkúlele- og hljómborðsnámskeið fyrir börn og fullorðna

Hafðu samband!

Tónskóli Eddu Borg
Kleifarseli 18
109 Reykjavík
S: 557-3452
www.teb.is

Tónskóli Eddu Borg

Allt það besta hjá 365

ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365




Þau Guðrún Ýr og Benedikt eru meðal ellefu barna sem leika yrðlinga í óperunni Baldursbrá. Fréttablaðið/Vilhelm

# Yrðlingarnir alltaf tilbúnir að veiða hrút

Þau **Guðrún Ýr Guðmundsdóttir** tólf ára og **Benedikt Gylfason** þrettán ára æfa stíft fyrir frumsýningu á barnaóperunni Baldursbrá. Þar eru þau yrðlingar.

**Hvernig er að syngja í óperu?**

BENEDIKT: Bæði gaman og krefjandi, það er sérstaklega gaman þegar miklar æfingar skila árangri.

GUÐRÚN ÝR: Það er mjög gaman að syngja í óperu þótt það sé svolítið krefjandi.

**Hversu margir yrðlingar eru í Baldursbrá og hvernig eru þeir?**

GUÐRÚN ÝR: Það eru ellefu yrðlingar og þeir eru mjög grimmir! Þeir eru alltaf tilbúnir að veiða hrút.

BENEDIKT: Þeir vilja líkjast Rebba og herma eftir honum. En þeir eiga líka góðar hliðar þó að þeir reyni að éta hrútinn.

**Hafið þið séð tófugreni eða tófur úti í náttúrunni?**

GUÐRÚN ÝR: Í sveitinni minni sáum við einu sinni tófugreni en síðan fundum við það ekki aftur.

BENEDIKT. Ég hef bara séð uppstoppaðar tófur og í Húsdýragarðinum.

**Er óperan Baldursbrá fyrsta verkefni ykkar á sviði?**

BENEDIKT: Nei, ég var í Baldursbrá á Siglufirði og í Langholtskirkju og hef sungið í óperunum La Boheme og Carmen. Ég var í Dýrunum í Hálsaskógi og Jólahátíð Skoppu og Skrítlu. Svo hef ég sungið á tónleikum Karlakórs Reykjavíkur, Drengjakórs Reykjavíkur og í Maxímús Músíkús kætist í kór með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Einnig hef ég verið í Sönglist.

GUÐRÚN ÝR: Og ég hef verið í La Boheme , Maxímús Músíkús kætist í kór og Skrímslið litla systir mín.

**Eruð þið að læra söng – eða stefnið í svoleiðis nám?**

BENEDIKT: Já, ég hef verið í Drengjakór Reykjavíkur í fimm ár og fengið leiðsögn hjá Friðriki kórstjóra. Það kemur bara vel til greina að gera sönginn að atvinnu.

GUÐRÚN ÝR: Ég er í Graduale futuri kór Langholtskirkju og ætla í söngnám.

**Hvað fleira eruð þið að sýsla þessa dagana?**

GUÐRÚN ÝR: Ég fer á hestbak og æfi mig á gítar.

BENEDIKT: Á þessu ári hef ég verið í upptökum á jólaplötu með Viktori Orra úr Hjaltalín sem kemur út fyrir jól. Þar syng ég til dæmis með Þóru Einarsdóttur, Sigríði Thorlacius og systur minni Helenu. Ég er líka í Listdansskóla Íslands og að læra á píanó. Svo er ég í fermingarfræðslu hjá séra Pálma í Bústaðakirkju.

## ÚTILEIKUR FALLIN SPÝTAN

Lítil spýta er reist upp við vegg. Við hlið hennar grúfir einn leikmaður og telur upp að 50 meðan hinir fela sig. Svo fer hann að leita og þegar hann finnur einhvern hleypur hann að spýtunni, kemur við hana og segir nafn þess fundna, sem þá er úr leik.

Ef einhver þátttakenda kemst að spýtunni á undan þeim sem „er'ann“ hendir hann spýtunni eins langt og hann getur og kallar „fallin spýtan, einn, tveir og þrír“. Þá mega hann og aðrir sem voru úr leik fela sig aftur en sá sem „er'ann“ flýtir sér að ná í spýtuna og fara aftur að leita.

Sá sem fyrstur fannst „er'ann“ næst.



» Ef einhver þátttakenda kemst að spýtunni á undan þeim sem „er'ann“ hendir hann spýtunni eins langt og hann getur og kallar „fallin spýtan, einn, tveir og þrír“.







# Létt og leikandi Óskajógúrt

## í dagsins önn

Óskajógúrt hefur verið sjálfsagður hluti af matarmenningu íslensku þjóðarinnar í rúm 40 ár. Þín óskastund getur verið hvenær sem er en næsta Óskajógúrt er sjaldan langt undan.

# Túlkunin er frjálsari núna en áður

**Meðal atriða á Menningarnótt Reykjavíkur er myndlistarsýning sem Hulda Hlín Magnúsdóttir opnar í Tjarnarbíói klukkan 13 í dag og ber heitið Forum / Torg / Square.**

Litrík og stór abstraktmálverk setja sterkan svip á anddyri og kaffistofu Tjarnarbíós við Tjarnargötu 12. Þar er Hulda Hlín Magnúsdóttir myndlistarkona búin að koma fyrir nýjustu verkum sínum og ætlar að opna sýningu á þeim í dag.

Stutt var fyrir Huldu Hlín að flytja myndirnar því vinnustofan hennar er í risi hússins við Tjarnargötu 40 sem tengist fjölskyldu hennar sterkt, hún er fjórði ættliðurinn sem þar hreiðrar um sig.

Stór olíu- eða akrýlmálverk í sterkum litasamsetningum eru aðalviðfangsefni Huldu Hlínar, að eigin sögn. Þó gerir hún alltaf portrett með, en þau eru ekki á þessari sýningu. „Þau eru meiri hliðargrein hjá mér,“ upplýsir hún.

Hulda Hlín segir túlkunina frjálsari núna en áður. „Ég er búin að færa mig frá því hlutbundna eins og fígúrum, fjöllum eða öðru landslagi. Nú er formið orðið meira abstrakt þannig að fólk þarf bara að upplifa og lesa sjálft í myndmálið.

Titill sýningarinnar er Forum / Torg / Square og Hulda segir það vísa til hins rómverska torgs. Hún lærði málaralist í Flórens, Feneyjum, Bologna og Róm en ólst upp í París, Kaupmannahöfn og Reykjavík, svo áhrifin koma víða að.

Hulda Hlín skrifar greinar í myndlistartímarit, hefur haldið námskeið í myndlist, til dæmis í tengslum við barnamenningarhátíð og verið með leiðsögn á listasöfnum, meðal annars fyrir frönsku- og ítölskumælandi gesti.

Listakonan verður með opið í Tjarnarbíói til klukkan 23 í kvöld. Spurð hvort hún taki niður sýninguna strax á morgun svarar hún: „Nei, sennilega fær hún að hanga uppi einhverja daga í viðbót þar sem dans- og leiklistarhátíðin er að hefjast og litríkar myndirnar falla ágætlega inn í þá stemningu.“



**Fólk þarf bara að upplifa og lesa sjálft í myndmálið, segir Hulda Hlín Magnúsdóttir myndlistarkona.** Fréttablaðið/GVA


## Grensáskirkja

Kirkjukór Grensáskirkju getur bætt við sig söngfólki í allar raddir.
Kóræfingar eru á mánudögum kl. 17:30-19:00.
Boðið verður upp á kennslu í grunnatriðum tónlistar fyrir þá sem þess óska.

Upplýsingar gefur organisti kirkjunnar
Ásta Haraldsdóttir í síma 892 3162.

## KARLAKÓR REYKJAVÍKUR

auglýsir eftir söngmönnum



Áhugasamir söngvarar eru velkomnir í prufusöng næstu daga.

Nánari upplýsingar veita *Gestur Svavarsson* formaður, **gestur@gmail.com**

*Friðrik S. Kristinsson* söngstjóri **fsk@kkor.is**

KARLAKÓR REYKJAVÍKUR
**www.kkor.is**


# Eins og engill af himnum ofan

Íslenskir tónlistarunnendur minnast Manuelu Wiesler flautuleikara með miklum hlýhug. Manuela bjó hér á landi um árabil og markaði tónlistarlífið djúpum sporum. Manuela fæddist í Brasilíu árið 1955 en átti austurríska foreldra. Hún lauk prófi í flautuleik frá Vínarborg, þar sem hún var alin upp, og stundaði einnig framhaldsnám í París og víðar.

Manuela fluttist til Íslands árið 1973 og bjó hér í um áratug. Á þeim tíma vann Manuela til fjölda viðurkenninga og þar á meðal fyrstu verðlaun í norrænni kammermúsíkkeppni en ekki síður vann hún hjörtu íslenskra tónlistarunnenda.

> **MANUELA GAF PLÖTURNAR ÚT SJÁLF OG SELDI EN HÚN KOM EINS OG FERSKUR STORMSVEIPUR INN Í ÍSLENSKT TÓNLISTARLÍF Á SÍNUM TÍMA.**

Manuela kom á ferli sínum fram víða um Evrópu og hélt áfram að koma fram á Íslandi eftir að hún fluttist af landi brott. Hún lagði sig einkum fram um að flytja samtímaverk en helstu tónskáld Íslendinga sömdu fyrir hana tónverk auk margra erlendra tónskálda. Meðan Manuela bjó á Íslandi var hún mikil driffjöður í tónlistarlífinu hérlendis og gætti áhrifa hennar víða.

Árið 1982 réðst hún í það stórvirki að leika inn á fjórar hljómplötur og gerði það á aðeins tveimur nóttum í Háteigskirkju í samvinnu við Bjarna Rúnar Bjarnason tónmeistara.

Bjarni Rúnar og Þórarinn Stefánsson tónlistarmaður standa um þessar mundir að söfnun á Karolinafund til þess að standa straum af kostnaði við að endurútgefa þessar plötur en nú á geisladisk. Þórarinn segir að plöturnar hafi verið ófáanlegar um áratuga skeið enda nutu þær vinsælda á sínum tíma. „Manuela gaf plöturnar út sjálf og seldi en hún kom eins og ferskur stormsveipur inn í íslenskt tónlistarlíf á sínum tíma. Það töluðu margir um að hún hafi komið eins og engill af himnum og vissulega bar hún með sér sérstaklega fallegt karma.“



**Manuela Wiesler flautuleikari vann til fjölda verðlauna á tónlistarferlinum.**

Manuela lést í Vínarborg árið 2006 langt fyrir aldur fram en í tilefni af því að hún hefði orðið sextug nú í júlí sl. langar okkur, sem að þessari söfnun standa, að endurútgefa plöturnar og því leitum við til tónlistarunnenda með stuðning inni á Karolinafund. **– mg**



# SKÓLA START Í INTERSPORT

## Glæsilegt úrval af skóla- og sportfatnaði á frábæru verði!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

**3.490**

**PROTOUCH** PROTIME
Góðar leggings úr DRY PLUS efni sem heldur raka frá líkamanum. Litur: Dökkgráar með bleikum streng. Barnastærðir.

**2.490**

**PROTOUCH** LOLITA
Saumlaus æfingatoppur úr DRY PLUS efni. Litir: Neon bleikur, neon orange. Barnastærðir.

**2.290**

**PROTOUCH** HENRITA
Bolur úr DRY PLUS efni sem heldur svita frá líkamanum, þröngt snið. Litur: Ljósgrár. Barnastærðir.

**2.290**

**PROTOUCH** PROTIME
Góðar æfingabuxur úr DRY PLUS efni sem heldur svita frá líkamanum. Barnastærðir.

**3.490**

**HUMMEL** MAYA SS TEE
Bómullarbolur, Litir: dökkblár, grár. Barnastærðir.

**4.490** / **3.990**

**HUMMEL** TONA/ BELLA
Leggings. Barnastærðir.

**Frábært verð! 3.990**

**PUMA** PIONER
25 L bakpoki með fartölvuhólfi, endurskinsborða og stillanlegum ólum. Litir: Svartur, blár og bleikur.

**4.490**

**PUMA** FUN GRAPICH
Flottar bómullarpeysur. Litur: Svartar, gráar.

**3.990**

**PUMA** FUN TD GRAPICH
Góðar bómullarbuxur með stroffi. Litir: Svartar, gráar, bláar. Barnastærðir.

**Flott úrval af innanhússkóm**

**9.990**

**NIKE** MAGISTA
Góðir innanhússkór. Litir: bláir, bleikir. Barnastærðir.

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
TILBOÐ KL 1:50
TILBOÐ KL 1:50
TILBOÐ KL 2

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
| --- | --- |
| ABSOLUTELY ANYTHING | 6, 8, 10 |
| THE GIFT | 5, 8, 10:20 |
| TRAINWRECK | 8 |
| FRUMMAÐURINN 2D | 1:50, 3:50 |
| SKÓSVEINARNIR 2D | 1:50, 4 |
| MINIONS - ENS TAL 2D | 6 |
| INSIDE OUT 2D | 2 |
| MISSION IMPOSSIBLE | 10:35 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG
NÝJASTA MYND GUY RICHIE
LEIKSTJÓRA SNATCH OG SHERLOCK HOLMES
THE MAN FROM U.N.C.L.E.
TIME OUT LONDON
HITFIX
THE TELEGRAPH
FORSÝND LAUGARDAG OG SUNNUDAG
Það muna allir eftir ógleymanlegu grínmyndunum um Griswold fjölskylduna. Nú er komið að syninum að fara með sína fjölskyldu í frí!
"VACATION ER FYNDNASTA MYND ÁRSINS"
JAMES OSTER - JOBLO
MATT SULLIVAN - IN TOUCH
DAVE KARGER - FANDANGO
VACATION
HITMAN AGENT 47
INSIDE OUT

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
| --- | --- |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 10:20 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. VIP | KL. 10:20 |
| VACATION | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 6:50 - 8 - 9 - 10:45 - 11:10 |
| VACATION VIP | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 2:30 - 5:15 - 8 - 10:45 |
| ANT-MAN 2D | KL. 3:10 - 8 |
| THE GALLOWS | KL. 10:45 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSLTAL 2D | KL. 2 - 4:20 - 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 |
| JURASSIC WORLD 2D | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
| --- | --- |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 10:20 |
| HITMAN: AGENT 47 | KL. 8 |
| THE GIFT | KL. 10:10 |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSLTAL 3D | KL. 2 - 4 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 2 - 4 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
| --- | --- |
| HITMAN: AGENT 47 | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 |
| VACATION | KL. 3 - 5:40 - 8 - 10:45 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:20 |
| FANTASTIC 4 | KL. 10:30 |
| ANT-MAN 2D | KL. 5:30 - 8 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 3 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
| --- | --- |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 |
| VACATION | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 6 - 9 - 10:20 |
| ANT-MAN 3D | KL. 12:50 - 3:20 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
| --- | --- |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 10:10 |
| THE GIFT | KL. 10:45 |
| VACATION | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
HITMAN AGENT 47
ABSOLUTELY ANYTHING
SOUTHPAW
FANT4STIC
HRÚTAR
Daily with english subtitle at 17.30 at Háskólabíó University Cinema
Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

Góða skemmtun í bíó

LAUGARÁS BÍÓ
Ódýrt í bíó
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
SÝND Í 2D
FRUMMAÐURINN ÍSLENSKT TAL
SÝND KL. 1:50
INSIDE OUT
ÍSL TAL SÝND Í 2D
SÝND KL. 2
SÝND Í 2D ÍSL TAL
SKÓSVEINARNIR
SÝND KL. 1:50
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SAMBÍÓIN
SAMbio.is
SKÓSVEINARNIR
INSIDE OUT
VACATION
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA
KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT

FRUMMAÐURINN ÍSLENSKT TAL
SKÓSVEINARNIR
PIXELS
FJÖLSKYLDUPAKKINN
Allir borga barnaverð
MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING
DAGSKRÁ OG MIÐASALA ER Á EMIÐI.IS
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

## 22. ÁGÚST 2015

### Tónlist

**Hvað:** Menningarnæturtónleikar X977 og Bar 11.
**Hvenær:** Kl. 14.00.
**Hvar:** Portið á Bar 11, Hverfisgötu 18.
Meðal þeirra sem koma fram eru Agent Fresco, Emmsjé Gauti, Gísli Pálmi, Reykjavíkurdætur og Bubbi + Dimma. Aðgangur ókeypis.

**Hvað:** Berglind Björk og tríóið leika á sumarjazztónleikaröð Jómfrúarinnar.
**Hvenær:** Kl. 17.00.
**Hvar:** Jómfrúartorg við veitingastaðinn Jómfrúna í Lækjargötu.
Aðgangur er ókeypis.

**Hvað:** Árlegir tónleikar Dillon á Menningarnótt.
**Hvenær:** Kl. 15.00.
**Hvar:** Dillon, Laugavegi 30.
Meðal þeirra sem koma fram í bakgarðinum á Dillon eru Teitur Magnússon, Indígó, Axel Flóvent, Elín Ey og Lily of the Valley.

**Hvað:** Tónleikar með hljómsveitinni Mandólín.
**Hvenær:** Kl. 21.00.
**Hvar:** Safnahúsið Hverfisgötu.
Hljómsveitin leikur tangótónlist í lestrarsal Safnahússins. Allir velkomnir.

**Hvað:** Dj Herr Gott.
**Hvenær:** Kl. 22.00.
**Hvar:** Boston, Laugavegi 28b.

**Hvað:** Dj Gunni.
**Hvenær:** Kl. 22.00.
**Hvar:** B5, Bankastræti 5.

**Hvað:** Dj Styrmir Dansson.
**Hvenær:** Kl. 22.00
**Hvar:** BarAnanas, Klapparstíg 38.

**Hvað:** Dj Gorrilla Funk.
**Hvenær:** Kl. 22.00.
**Hvar:** Frederiksen Ale House, Hafnarstræti 5.

**Hvað:** Dj Benni B-Ruff og Logi Pedro.
**Hvenær:** Kl. 22.00.
**Hvar:** Prikið, Bankastræti 12.

**Hvað:** Dj De La Rósa og dj Anna B.
**Hvenær:** Kl. 22.15.
**Hvar:** Big Lebowski, Laugavegi 20a.

**Hvað:** Menningarnæturball hljómsveitarinnar Babies.
**Hvenær:** Kl. 23.00.
**Hvar:** Skemmtistaðurinn Húrra, Naustinni.
Dj KGB þeytir skífum að balli loknu. Aðgangur ókeypis.

**Hvað:** Dj Sir Danselot.
**Hvenær:** Kl. 00.00.
**Hvar:** B5, Bankastræti 5.

### Opnanir

**Hvað:** Opnun myndlistarsýningarinnar Forum/Torg með verkum eftir Huldu Hlín Magnúsdóttur.
**Hvenær:** Kl. 13.00.
**Hvar:** Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12.
Sýningin er opin til klukkan 23.00.

**Hvað:** Opnun sýningarinnar Döfnun með verkum eftir listmálarann Unni Ýri Helgadóttur.
**Hvenær:** Kl. 14.00.
**Hvar:** Gallerí Fold.
Unnur Ýrr mun jafnframt spjalla um verk sín við gesti klukkan 17.00.

**Hvað:** Opnun samsýningarinnar Kynleikar.
**Hvenær:** Kl. 17.00.
**Hvar:** Ekkisens, Bergstaðastræti 25b.
Samsýning fjórtán listamanna sem fjalla um margbreytilegar hliðar femínisma og upplifun á sinni verund í femínísku samhengi.



**Söngkonan Glowie stígur á svið í garðpartýi Bylgjunnar í Hljómskálagarðinum á Menningarnótt.**

### Uppákomur

**Hvað:** Pop-up kaffihús í porti Hafnarhússins á Menningarnótt.
**Hvenær:** Kl. 10.00.
**Hvar:** Port Hafnarhússins, Tryggvagötu.
Portinu verður breytt í spennandi kaffihús og boðið upp á lifandi tónlist fram á kvöld. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað:** Karnival á Klapparstíg.
**Hvenær:** Kl. 12.00.
**Hvar:** Klapparstíg við Hverfisgötu.
Dj Margeir fær fólk til að hnykla dansvöðvana. Meðal þeirra sem koma fram eru Logi Pedro, Sturla Atlas, Ásdís María og Högni Egilsson. Aðgangur ókeypis.

**Hvað:** Listatækið ABBA.
**Hvenær:** Kl. 13.00.
**Hvar:** Hverfisgata 42b.
Listatækið verður sett af stað tvisvar yfir daginn, í seinna skiptið klukkan 19.00. Tekið er á móti 5-6 manna hópum í hvert skipti og hver hópur tekur allt að 5 mínútum í ABBA.

**Hvað:** Festisvall Fünf.
**Hvenær:** Kl. 14.00.
**Hvar:** Vitagarður, við Kex Hostel.
Tuttugu íslenskir, þýskir og hollenskir listamenn sýna plaköt hönnuð út frá matarþema. Plötusnúðar þeyta skífum yfir daginn.

**Hvað:** Flugdrekahátíðin Skýjarölt á vegum Æskunnar, barnahreyfingar IOGT.
**Hvenær:** Kl. 14.00.
**Hvar:** Laugarnestanga við Listasafn Sigurjóns.
Fjölbreyttir leikir og uppákomur fyrir alla fjölskylduna auk flugdrekasmiðju. Frítt er inn á hátíðina og veitingasala.

**Hvað:** Opin æfing á ævintýraóperunni Baldursbrá.
**Hvenær:** Kl. 14.30.
**Hvar:** Norðurljósasal Hörpu.
Nokkur atriði sýnd á opinni æfingu. Ókeypis aðgangur.

**Hvað:** Íslensk grafík kynnir Hreyfiprentstofuna.
**Hvenær:** Kl. 15.00.
**Hvar:** Íslensk grafík,



**Emmsjé Gauti kemur fram á Menningarnæturtónleikum X977 og Bar11.**

Tryggvagötu 17.
**Leifur Ýmir Eyjólfsson og Sigurður Atli Sigurðarson vinna með verkfæri Hreyfiprentstofunnar og framleiða grafíkþrykk sem seld verða á staðnum. Aðgangur ókeypis.**

**Hvað:** Garðparty Bylgjunnar á Menningarnótt.
**Hvenær:** Kl. 16.00.
**Hvar:** Hljómskálagarðurinn.
**Skemmtidagskrá frá klukkan 16.00, keppendur úr Ísland got talent, Zumba partý og grillveisla. Stórtónleikar hefjast klukkan 18.30. Meðal þeirra sem fram koma eru Friðrik Dór, Glowie, Milljónamæringarnir og Páll Óskar.**

**Hvað:** Uppistand með Sinfóníunni.
**Hvenær:** Kl. 20.00.
**Hvar:** Harpa.
**Sinfóníuhljómsveit Íslands býður á tvenna tónleika í dag. Fyrri tónleikarnir verða barnatónleikar með tónlistarævintýrinu um Tobba túbu þar sem sögumaður er trúðurinn Barbara. Á síðari tónleikunum stígur uppistandarinn Ari Eldjárn á svið með hljómsveitinni. Aðgangur erókeypis.**

## Markaðir

**Hvað:** Götumarkaðurinn Krás.
**Hvenær:** Kl. 13.00.
**Hvar:** Fógetagarðurinn.

**Hvað:** Götumarkaðurinn Skrall í Skaftahlíð.
**Hvenær:** Kl. 13.00.
**Hvar:** Skaftahlíð á milli Lönguhlíðar og Stakkahlíðar.
**Notaður og nýr varningur, veitingar, tónlistaratriði, kompudót, götukaffihús með heimilisveitingum, pylsur og fleira. Gestum er bent á að koma með reiðufé.**

## Leiðsögn

**Hvað:** Leiðsögn um sýninguna Hvað er svona merkilegt við það? í Þjóðminjasafninu á Menningarnótt.
**Hvenær:** Kl. 20.00.
**Hvar:** Þjóðminjasafnið við Suðurgötu

## Sýningar

**Hvað:** Spunamaraþon leikhópsins Improv Ísland.
**Hvenær:** Kl. 14.00.
**Hvar:** Þjóðleikhúskjallarinn.
**Spunaleikhópurinn sýnir sextán spunasýningar á hálftíma fresti í átta klukkutíma. Aðgangur ókeypis.**

**Hvað:** Heima er best.
**Hvenær:** Kl. 16.00.
**Hvar:** Sirkustjaldið Jökla, Klambratúni.
**Sirkusskemmtun fyrir alla fjölskylduna. Miðaverð 3.500 krónur.**

**Hvað:** Skinnsemi.
**Hvenær:** Kl. 20.00.
**Hvar:** Sirkustjaldið Jökla, Klambratúni.
**Kabarettsýning fyrir fullorðna með sirkusývafi. Miðaverð er 4.000 krónur. Sýningin er bönnuð innan 18 ára.**

### EKKI MISSA AF

**Menningarnótt**
**Fjölbreytt dagskrá verður í boði víðs vegar um borgina í dag. Nánari dagskrá er hægt að kynna sér á vefsíðunni menningarnott.is.**

Látum oss því ganga fram fyrir Guð með einlægum ❤ í öruggu trúartrausti...

www.versdagsins.is

# Hvað? Hvenær? Hvar?
# Sunnudagur

## Leiðsögn

**Hvað:** Leiðsögn um sýninguna Huldufley, skipa- og bátamyndir Kjarvals.
**Hvenær:** Kl. 14.00.
**Hvar:** Listasafn Reykjanesbæjar, Duusgötu 2-8.
**Aðalsteinn Ingólfsson sýningarstjóri og listfræðingur stýrir leiðsögninni. Aðgangur ókeypis.**

## Listamannaspjall

**Hvað:** Enginn Staður – íslenskt landslag.
**Hvenær:** Kl. 15.00.
**Hvar:** Hafnarborg, Strandgötu 34.
**Björn Árnason, Daniel Reuter og Katrín Elvarsdóttir ræða við gesti um verk á sýningunni, jafnframt er um að ræða síðustu sýningarhelgi.**

## Uppákomur

**Hvað:** Haltu kjafti og skrifaðu #6.
**Hvenær:** Kl. 20.00.
